



Börnin léku við hvern sinn finger í rjómabliðunni við Elliðaár í gær og kældu sig í ánni. Veðurstofan spáir bliðviðri um land allt á morgun og tíu til átján gráða hita, hlýjast í innsveitum. Skammt þar frá sem börnin voru að leik var torkennilegur froðuflekkur. Lesa má um tilurð hans og sambærilegrar froðumyndunar í ám á síðu 4 í blaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Höfnuðu að TM væri verðmeira

VIÐSKIPTI Kvika banki hafnaði skriflegri beiðni stjórnenda TM undir lok síðasta mánaðar um að hefja formlegar sameiningarviðræður. Viðræðurnar áttu, samkvæmt til-lögum TM, meðal annars að grundvallast á því að tryggingafélagið yrði metið á nokkuð hærra verði en fjárfestingabankinn við mögulegan samruna. Stjórn Kviku taldi hins vegar engar forsendur til að hefja formlegar viðræður á þeim grunni. Samkvæmt heimildum gerði upp-legg TM ráð fyrir því að skiptihlut-föllin yrðu þannig að hlutafé tryggingafélagsins yrði um 55 prósent í sameinuðu félagi á meðan hlutafé Kviku banka yrði þá á móti líðlega 45 prósent. – hae / sjá Markaðinn

Hluthafar stefna Hval

Einar Sveinsson, Benedikt Einarsson og Ingimundur Sveinsson krefjast innlausnar á bréfum. Kristján Loftsson segir kröfuna þýða að félagið yrði leyst upp.

VIÐSKIPTI Þrír hluthafar Hvals, sem ráða yfir 5,3 prósentu hlut, hafa höfðað mál gegn félaginu og krafist þess að hlutir þeirra verði innleystir gegn greiðslu að fjárhæð samtals um 1.563 milljóna króna auk dráttarvaxta. Saka hluthafarnir, sem eru félög í eigu feðganna Einarssonar og Benedikts Einarssonar og Ingimundar Sveinssonar, bróður Einarssonar, framkvæmdastjóra og stærsta einstaka hluthafa Hvals, Kristján Loftsson um að hafa með kaupum hans á hlutum í Hval á „verulegu undir-

verði“ og fráfalli stjórnar félagsins á forkaupsrétti sínum að þeim, „aflað [Kristjáni] ótilhlýðilegra hagsmuna“ á kostnað annarra hluthafa. Fara þeir fram á að við innlausn bréfanna verði upplausnarvirði Hvals lagt til grundvallar. Miðað við gengið í kröfum sínum áætla þeir að upplausnarvirði Hvals sé um 30 milljarðar. Kristján segir að kröfur hluthafanna þriggja, um að vera

keyptir út miðað við upplausnarvirði Hvals, feli í reynd í sér að félagið verði leyst upp. „Verði fallist á kröfurnar getum við átt von á því að aðrir hluthafar komi í kjölfarið og fari fram á að vera keyptir út á sama gengi og félaginu yrði því slitið. Ég tel hins vegar að vilji meginþorra hluthafa Hvals standi ekki til þess.“ Hvalur er eitt stöndugasta fjárfestingafélag landsins með 25 milljarða eigið fé. – hae / sjá Markaðinn



Kristján Loftsson

Aukin áhersla á frystar afurðir


SJÁVARÚTVEGUR Útflýgjendur íslenskra sjávarafurða hafa þurft að bregðast við breyttum veruleika erlendis í kjölfar kórónaveirufaraldursins. Minni tíðni flugferða til erlendra áfangastaða hefur dregið úr framboði flugfraktar, en minni eftirspurn fersks sjávarfangs erlendis spilar einnig hlutverk. Matvöruverslanir í Bandaríkjunum og Bretlandi hafa víða lokað fiskborðum í kjölfar aðgerða stjórnvalda ytra. Minnkandi eftirspurn hótela í Evrópu hefur einnig sitt að segja þar sem ferðamenskugeirinn hefur hrunið um víða veröld, að sögn viðmælenda Markaðarins. – thg / sjá Markaðinn

Besta uppskeran núna!

Góðar á grillið í kvöld!

KRÓNAN

Veður



Vestan og norðvestan 5-10 m/s í dag. Viða þurrt og bjart veður, en stöku síðdegisskúrir á sunnanverðu landinu. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast sunnantil. **SJÁ SÍÐU 16**



Laun í sveitarstjórnnum eru misjöfn.

Könnuðu kjör í sveitarstjórnnum

SVEITARFÉLÖG Í könnun sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerði á starfskjörum sveitarstjórnarfólks, kemur fram að mánaðarlaun framkvæmdastjóra sveitarfélaga, það er stjórnenda sveitarfélaga, eru mishá og ráðast oft af stærð og umfangi sveitarfélaga. Greint er frá könnuninni á vef sambandsins.

» Í stærstu sveitarfélögum eru laun framkvæmdastjóra allt að 2.100 þúsund á mánuði.

Árið 2019 var algengast að laun framkvæmdastjóra væru á bilinu 1.101 til 1.700 þúsund krónur á mánuði. Auk launagreiðslna fá framkvæmdastjórar einnig starfstengdar greiðslur og var algengast að þær næmu lægri fjárhæð en 50 þúsund krónum á mánuði.

Í stærstu sveitarfélögum, með fleiri en 5.000 íbúa, eru mánaðarlaun framkvæmdastjóra, laun og föst yfirvinna á bilinu 1.501-2.100 þúsund krónur. Í fimm tilvikum er framkvæmdastjóri með sex mánaða biðlaunarétt. Í einu er biðlaunarétturinn fjórir mánuðir og í tveimur er hann þrír mánuðir. Hlunnindi framkvæmdastjóra í þessum sveitarfélögum er frá undir 50 þúsund krónum á mánuði í 199 þúsund.

Alls bárust svör frá 58 sveitarfélögum af þeim 72 sem eru í landinu. – jþ

Ánægð á Íslandi



Vinirnir Barbara, Przemek, Emilia og Ursula, sem hafa verið ferðamenn á Íslandi frá 29. júní, spókuðu sig í Bankastrætina í gær. Þau halda heim til Póllands í dag og segja Íslandsheimsóknina hafa verið skemmtilega og veðrið gott. Öll voru þau skimuð fyrir COVID-19 við komuna og sögðu það hafa verið óþægilegt en að sama skapi hafi verið léttir að fá þau svör fimm til sjö klukkustundum síðar að þau væru ekki smituð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Domino's mun stefna á vöxt

VIÐSKIPTI Domino's á Íslandi hyggst í haust opna nýjan útsölu- stað í Vallahverfinu í Hafnarfirði. Þá er í undirbúningi að opna aftur tvo veitingastaði sem lokuðu tíma- bundið á meðan kórónaveirufaraldurinn var í hámarki.

„Við lokuðum þremur stöðum á meðan verst lét. Við höfum þegar opnað einn þeirra aftur, en biðum færis að opna aftur staðina í Gnoðarvogi og í Reykjanesbæ,“ segir Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's á Íslandi.

Umtalsverðar sviptingar hafa verið á flatbökumarkaðinum hér á landi undanfarin misseri, þar spilar kórónaveirufaldurinn stórt hlutverk og ekki síður tilkoma Spaðans á Dalvegi.

Birgir segir að Domino's á Íslandi láti þó engan bilbug á sér finna og enginn samdráttur sé í spilunum. „Við teljum okkur sjá spennandi tækifæri á Völlum,“ segir Birgir Örn. – bþ

Sílamávar valda usla við hjúkrunarheimili

Til vandræða horfir í Garðabæ vegna ágangs sílamáva. Á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Sjalandshverfi hafa íbúar ekki farið varhluta af þessum óvelkomna gestagangi. Fjölmargar kvartanir víðar úr bænum hafa borist í þjónustuver.

GARÐABÆR Talsvert hefur borið á því að sílamávar valdi usla í Garðabæ með ágengni sinni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fjölmargar kvartanir borist í þjónustuver bæjarins – bæði vegna loftárása fuglanna á gangandi vegfarendur, sem og tilkynningar um að mávarnir spilli varpi annarra fugla með því éta ungviði þeirra. Þá eiga fuglarnir einnig til að valda óþægindum með driti.

Ástandið er sérstaklega slæmt í Sjalandshverfi en þar er ágangurinn talsverður. Meðal annars hafa íbúar á hjúkrunarheimilinu Ísafold orðið fyrir miklu ónæði vegna fuglanna.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, verkefnastjóri hjá umhverfisnefnd Garðabæjar, staðfestir að samþýli manna og máva hafi gengið erfiðlega í bænum undanfarin misseri.

„Þetta hefur verið vandamál undanfarin ár, en eitthvað sem er erfitt fyrir okkur að bregðast við. Það eru stór varplönd sílamávs í grennd við nokkur hverfi bæjarins og þau eru friðuð,“ segir Guðbjörg.

Málið hafi verið unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun Íslands. Þar sem ekki megi grípa til aðgerða innan varplanda þá hafi aðgerðir bæjarins takmarkast við það að bærstarfsmenn hafi stungið á egg sílamáva utan hinna skilgreindu svæða.

Gunnar Þór Hallgrímsson, prófessor við líffræðideild Háskóla Íslands, segir sílamávi ekki hafa fjölgað undanfarin ár. Vandamálið með árekstra fuglanna við íbúa í Garðabæ sé ekki nýtt af nálinni og snúist fyrst og fremst um nálægð bæjarins við stór varpsvæði.

Að sögn Gunnars Þórs er skiljanlegt að fólki verði hverft við þegar



Stærsta varp sílamáfa á höfuðborgarsvæðinu er nærri Garðabæ, að sögn Gunnars Þórs Hallgrímssonar, prófessors í líffræði í HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það eru hins vegar alltaf einhverjir tækifærissinnar

Gunnar Þór Hallgrímsson, prófessor



fuglarnir láti til sín taka enda séu þeir engin smásmíði.

„Sílamávar ver einfaldlega varpið sitt eins og margir aðrir fuglar. Hann gerir það með talsverðum látum þó en það heyrir til undantekninga að þeir snerti fólk,“ segir Gunnar Þór. Hann bendir á að slíkt hafi sárásjaldan hent sig, þó

að hann hafi um árabíl starfað í grennd við varplönd sílamávs. „Ég hef meira að segja orðið fyrir árás skógarþrastar. Þetta atferli þekkest því hjá mörgum fuglategundum.“

Að hans sögn hafi sílamávar slæmt orð á sér og það sé vegna atferlis þess hluta stofnsins sem hefur aðlagast lífi í þéttbýli. Sílamávarinn sé sjófugl og fæðuöflun hans fari fyrst og fremst fram á hafi úti.

„Þetta eru tækifærissinnar og sumir sækja í það sem fellur til í þéttbýli og ungviði annarra fugla,“ segir Gunnar Þór. Að hans mati er ekki um alvarlegt vandamál að ræða, heldur sé mikilvægt að fólk taki tillit til fuglanna á meðan á varptíma þeirra standi.

bjornth@frettabladid.is

Brúðkaupsskreytingar

- Veisluskreytingar • Confetti sprengjur • Myndabásar
- Bílaskreytingar • Nammibarir • Kortakassar
- Sápukúlur

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

VERKFÆRADAGAR Í SINDRA

TILBOÐ

VERKFÆRASKÁPUR 383 VERKFÆRI

Fastir lyklar, opnir lyklar, pípulyklar og sexkantasett. Toppalyklar á lið, skralllyklar Höggskrúfjárn, öfuguggasett, toppar fyrir pinbolta 1/4" topplyklasett með djúpum toppum og sexkantasetti.

vnr IBTGT-38303

257.040 m/vsk
Fullt verð 321.300



TILBOÐ

HLEDSLUBORVÉL 12V

Létt og nett 12v Rafhlöðuborvél Kolalaus mótör 2 x 2,0ah 12v rafhlöður

vnr 94DCD701D2

38.463 m/vsk
Fullt verð 48.078




TILBOÐ

VERKFÆRATASKA STÁL 111 STK

Fastir lyklar og sexkantasett. Topplyklasett, Skrúfjárnasett úrrek og o.fl.

vnr IBTGCAZ111A

39.485 m/vsk
Fullt verð 61.300



TILBOÐ

GEIRUNGSSÖG 216MM

Mesta skurðargeta: 62 X 250 mm Mesti halli: 45° Blaðstærð: 216 mm

vnr 94DWS774

52.492 m/vsk
Fullt verð 61.553



TILBOÐ

151 HLUTA TOPPLYKLASETT

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2" Stærðir 4 - 32 mm Djúpir toppar, bitar og fl. Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

26.640 m/vsk
Fullt verð 37.000



TILBOÐ

HÖGGBORVÉL SDS+ 950W

Öflug 3 kg SDS+ borvél með broti 3,5 joule höggþyngd á 5200 höggum á mínútu. Ný kynslóð kolalaus mótör.

vnr 94D25333K

65.192 m/vsk
Fullt verð 78.220



TILBOÐ

TSTAK SMÁHLUTABOX

vnr 94DWS782968-1

17.240 m/vsk
Fullt verð 21.550



TILBOÐ

BAKPOKI 40 LTR.

vnr 94DWS781690-1

28.560 m/vsk
Fullt verð 35.700



TILBOÐ

LÍNULASER 360° GRÆNN 10.8V

4 X Sjáanlegri en Rauður geisli. 3 X 360°. Vatns og rakavarinn IP65 Prófaður fyrir 2m fall 10.8v 2.0 Ah Rafhlaða

vnr 94DCE089D1G

86.147 m/vsk
Fullt verð 95.719



TILBOÐ

FELGUTOPPA SETT

vnr IBTGDA50301

3.910 m/vsk
Fullt verð 5.750



DÚKAHNÍFUR 25MM

vnr 93010425

1.548 m/vsk
Fullt verð 1.934



HALLAMÁL 60 CM

vnr IBTGCAI2202

5.120 m/vsk
Fullt verð 6.400



www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvoði 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður | Bolafæti 1 - Reykjanesbæ

SINDRI



Gistinætur á hótélum drógust saman um 79 prósent milli ára.

Enn samdráttur í fjölda náttu

FERÐAÞJÓNUSTA Gistinætur á hótélum á Íslandi drógust saman um 79 prósent í júní á þessu ári, sé miðað við sama mánuð í fyrra. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru gistinætur á hótélum 90 þúsund talsins í júní á þessu ári, í fyrra voru þær um 420 þúsund í sama mánuði.

Einungis tæplega átján prósent rúma á hótélum hér á landi voru nýtt í júní síðastliðnum, sem er tæplega 43 prósent minni nýting en á sama tíma í fyrra þegar rúmanýting var 60,5 prósent. – **bdj**



Heildartekjur standa nær í stað.

Gjöld Hagstofu aukast nokkuð

STJÓRNSÝSLA Heildartekjur Hagstofu Íslands árið 2019 námu ríflega 1,6 milljarði króna á síðasta ári og drógust lítillega saman frá fyrra ári. Framlag úr ríkissjóði til stofnunarinnar hækkaði um tæplega 4 prósent á árinu eða í 1.428 milljónir króna. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu stofnunarinnar sem birt er á vef hennar.

Heildargjöld Hagstofunnar á árinu námu um 1.634 milljónum króna og jukust um ríflega 124 milljónir frá því árið áður, eða um tæp 8 prósent.

Stærsti útgjaldaliður Hagstofunnar eru laun og launatengd gjöld. Hækkaði sá liður um 100 milljónir króna á milli ára, eða sem nemur tæplega 8 prósentum.

Laun og launatengd gjöld voru 83 prósent af heildarútgjöldum stofnunarinnar. Húsnæðiskostnaður er annar stærsti útgjaldaliðurinn og nam hann 6,6 prósentum. Þriðji stærsti útgjaldaliðurinn voru kaup á þjónustu sem nam tæplega 5 prósentum af heildarútgjöldum. – **jp**

Froða úr rotnandi lífverum í vatninu í Elliðaánum

REYKJAVÍK „Ef við gerum ráð fyrir að þetta sé ekki af mannavöldum, þá er þetta nokkuð algengt og sérstaklega svona mið- og síðsumars bæði í stöðuvötnum og ám eins og þarna,“ segir Jón S. Ólafsson, vatnalíffræðingur, um froðubólstra sem mynduðust í Elliðaánum í gær.

Froðubólstrarnir fönguðu augu margra vegfarenda sem lögðu leið sína um Elliðaárdalinn í gær og veltu fyrir sér um hvaða fyrirbæri væri að ræða.

Jón segir að litlar líkur séu á að mengun valdi froðunni, heldur náttúrulegar aðstæður í ánni. „Þetta er bara froða sem myndast úr fitu úr rotnandi lífverum í vatninu, bæði



Froðan hrannast upp fyrir neðan fossa og flúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

þörungum, plöntum og dýrum,“ segir Jón.

Spurður að því við hvaða aðstæður froðubólstrar sem þessir myndist, segir Jón vind og öldugang spila stórt hlutverk, froðan myndist við hreyfingu í vatninu. „Þarna er þetta rétt fyrir neðan fossa eða flúðir þannig að það verður iðustraumur og þá verður fitan að loftbólum.“

Þá segir hann froðuna ekki hafa mikil áhrif á lífríkið í ánni. „Þetta getur haft áhrif á skordýr sem eru að klekjast, eins og mý. Ef mýið lendir í þessari froðu getur það átt erfitt með að fljúga og fest í þessu, en ég held að fiskinum sé alveg sama,“ segir Jón. – **bdj**

Landspítalinn muni taka við veiruskimun á landamærum

Landspítalinn reynir að fá ný tæki til landsins sem auka afkastagetu við sýnagreiningu. Sýni verða greind saman í hópi. Forstjórinn segir að tekið verði við landamæraskimun í upphafi næstu viku. Kári Stefánsson segir að spítalinn ætti að geta fengið sambærileg tæki og ÍE notar til landsins á fáum dögum.

COVID19 „Það voru alltaf áform um að geta veirufraeðideildarinnar yrdi aukin til að sinna auknu hlutverki, þar á meðal skimun. Nú ber þetta verkefni bráðar að okkur en áformað var,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

„Við ætlum okkur að geta tekið við þessu í upphafi næstu viku. Það er ekkert auðvelt, en það ætlum við okkur að gera,“ segir Páll.

Eins og kom fram á upplýsingafundi almannavarna í gær eru nú uppi fyrirætlanir um að hefja nýjar leiðir við greiningu á sýnum, eftir að Íslensk erfðagreining tilkynnti að hún dragi sig úr skimunarverkefninu við landamærin. Framvegis verða um tíu sýni greind saman í hópi til að spara tíma og auka afkastagetu.

„Nú eru komnar glöðvolgar rannsóknir sem sýna að það er hægt að spara hvarfefni og annað slíkt með því að setja saman sýni, að minnsta kosti tíu saman, og mæla þau fyrir hugsanlegu veiruefni. Þá er í rauninni hægt að spara fjölda prófa. Ef síðan einhver hópur sýna er jákvæður þá þarf að skoða einstök sýni úr honum,“ útskýrir Páll. „Á móti kemur að það er meiri handavinna í kringum verkefnið þannig að þetta sparar ekki mannskap.“

Páll segir að það helsta sem tapist við það að Íslensk erfðagreining hverfi frá verkefninu sé aðstaða og tækjabúnaður. Landspítalinn



Störfum á veirufraeðideild Landspítala var óhikað haldið áfram í gær þrátt fyrir endurbætur á húsnæðinu sem standa yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ræði inn átján manns við upphaf landamæraskimunarinnar, sem hafa hingað til verið að vinna hjá Íslenskri erfðagreiningu, enda greining á sýnunum farið fram þar.

„Sá mannskapur kemur yfir til okkar. Við erum svo að breyta um aðferð með því að greina mörg sýni í einu og eigum því eftir að þróa alla þá ferla sem eru í kringum það. Þannig að það er alveg ljóst að það verður mikil vinna að tryggja það

að þessi skimun geti haldið áfram eftir að aðkomu Íslenskrar erfðagreiningar lýkur. En við ætlum okkur að axla þessa ábyrgð og leysa þetta,“ segir Páll.

Á upplýsingafundinum í gær kom fram að beðið væri eftir tækjum sem búið væri að panta en vegna langra biðlista væri ekki von á þeim fyrr en í október. „Það var eitthvað súpertæki sem þau pöntuðu. Við erum bara með tiltölulega einföld

Við ætlum okkur að geta tekið við þessu í upphafi næstu viku. Það er ekkert auðvelt, en það ætlum við okkur að gera.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans

tæki,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri ÍE. Tækin sé auðveldlega hægt að fá til landsins á stuttum tíma.

„En staðreyndin er sú að þetta er miklu meira en bara að einangra RNA og nota PCR til að greina veiruna. Það sem vantar í þetta er geta til þess að grafa ofan í gögn, sækja þekkingu í gögn og svo framvegis. Þannig að vandamálið í sjálfu sér er ekki bara tækið, heldur að fá fólk til að vinna þessa vinnu og ég er alveg sannfærður um að þau geti náð því saman á tiltölulega stuttum tíma,“ heldur Kári áfram.

Aðspurður um hvort hann hafi þá ekki áhyggjur af því að skimunarverkefnið við landamærin verði í algeru uppnámi þegar ÍE hverfur frá því á mánudag segir hann: „Nei. Þetta fólk á alveg að geta höndlað þetta. Það þarf til þess vilja, ekki bara vilja til að vinna þessa vinnu heldur til þess að breyta sumarisáætlunum og svo framvegis. Þú gerir þér kannski ekki grein fyrir því að við erum búin að vinna hér hvern einasta dag.“ **ottar@frettabladid.is**



Ævintýrið hefst í Brimborg!



Kauptu eða leigðu ferðabílinn fyrir sumarævintýrið

Kauptu nýjan eða notaðan ferðabíl eða leigðu sumarbílinn í Brimborg. Öll bílþjónusta á einum stað.

Byrjaðu ævintýrið í Brimborg!



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 og 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050





VEL BÚINN VINNUSTAÐUR!

Fyrsta hjálp án sérkunnáttu!

CEDERROTH sjúkrakassarnir eru einstaklega vel hannaðir og vel búnir þeim búnaði sem þú þarft, bæði fyrir vinnustaðinn, heimilið og bílinn.

Myndrænar leiðbeiningar fylgja hverjum kassa svo nánast hver sem er getur notast við sjúkrakassana.

Skoðaðu úrvalið á www.penninn.is eða hafðu samband í síma 540-2050.



Stærðir og gerðir sem henta mismunandi aðstæðum!



Einfalt app í boði með myndrænum leiðbeiningum!



reddot award 2016
winner



Intertek



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verstunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Telja óljóst hvort Arctic Sea Farm verði með vinnslu á Vestfjörðum

UMHVERFISMÁL Gerðar eru ýmsar athugasemdir við frummatsskýrslu Arctic Sea Farm vegna áforma um átta þúsund tonna sjókvíaelði á laxi eða silungi í Ísafjarðardjúpi, í umsögn Ísafjarðarbæjar til Skipulagsstofnunar.

„Umhverfisáhrifum eru gerð góð skil svo og mótvægisáðgerðum og vöktun,“ segir í umsögninni. Bæringinn leggj áherslu á að áætlanir um



Frá Ísafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

rannsóknir og vöktun séu árlegar og fylgi viðeigandi stöðlum. „Það er grundvöllur að því að hægt sé að endurmeta, með rauntölum, burðarbol Ísafjarðardjúps til fiskeldis.“

Þá segir Ísafjarðarbær að ekki sé gerð grein fyrir aðgerðaaætlun ef upp komi neyðartilvik. Ekki sé talað um hvers konar aðstöðu Arctic Sea Farm sé með á Flateyri og ekki um hvers konar aðstöðu fyrirtækið



Ekki er ljóst hvernig skýrsluhöfundar komast að niðurstöðu um að samfélagið verði fyrir „neikvæðum áhrifum“ ef ekki komi til uppbyggingar á fiskeldi.

Úr umsögn Ísafjarðarbæjar um áform Arctic Sea Farm

fyrirhugi á lóð sem það hafi sótt um á Ísafirði.

„Ekki kemur fram í skýrslunni hvort vinnsla á afurðum verður á norðanverðum Vestfjörðum eða ekki. Ekki er ljóst hvernig skýrsluhöfundar komast að niðurstöðu um að samfélagið verði fyrir „neikvæðum áhrifum“ ef ekki komi til uppbyggingar á fiskeldi eða hvaða rannsóknir liggja þar að baki.“ – gar



Í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjörutíu skráðir í eitt tvíbýlishús

SKIPULAGSMÁL „Dæmi er um að fjörutíu einstaklingar séu skráðir til lögheimilis í tvíbýlishúsi,“ segir í fundargerð skipulagsráðs Kópavogs sem kveðst við meðferð mála hafa rekist á tilvik þar sem margir einstaklingar séu skráðir á sama heimilisfang.

„Á þetta bæði við húsnæði sem er í fasteignaskrá skráð sem íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði,“ segir skipulagsráðið, sem kveðst að gefnu tilefni leggja áherslu á og hvetja hlutaðeigandi eftirlitsaðila til að vinna náið saman. Þeir eigi að leita „leiða til að auka öryggi og bæta aðbúnað fólks sem býr við slíkar aðstæður, sem eru oft á tíðum afar bágar,“ eins og segir í fundargerðinni þar sem lagt er til að umhverfissvið bæjarins hefji vinnu við skoðun á verkferlum vegna lögheimilisskráninga. – gar

Neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun

SKIPULAGSMÁL Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum virkjunar í Hverfisfljóti í Skaftárhreppi. Bent er á í álitinu að stofnunin telji ekki sýnt fram á brýna nauðsyn þeirrar röskunar sem virkjunin mun valda í Skaftáreldahrauni. Framkvæmdirnar séu innan Kötlunarjardvangs sem UNESCO hefur viðurkennt. Þá séu mannvirki fá á svæðinu og lítil sem engin ummerki af manna völdum.

Þá sé framkvæmdin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu á svæðinu. – jþ

DÓMSTÓLAR Dómari í Los Angeles hefur hafnað kröfu tónlistarrisanna Universal og Warner um að Jóhann Helgason greiði 323 þúsund dollara málskostnað þeirra í lagastuldarmálinu um lögin Söknuð og You Raise Me Up.

„Þetta er ákveðinn léttir og nú getum við einbeitt okkur að áfrýjuninni,“ segir Jóhann. Miðað við fyrri úrskurði hafi dómari komið á óvart og séð að sér, í ljósi gagna sem lögmaður hans hafi getað sent inn síðan málinu var vísað frá.

Dómariinn sagði að þrátt fyrir að hann hafi vísað málinu frá, að kröfu Warner og Universal, gæti Jóhann ekki talist hafa stefnt í vöndri trú. Málinu hafi verið vísað frá vegna þess að lögmenn andstæðinga hans hafi sýnt fram á að bæði Söknuður og You Raise Me Up, byggðu á írski þjóðlaginu Danny Boy og þess að tónlistarsérfræðingur Jóhanns hafi að sama skapi litið fram hjá því að skoða þann þátt ofan í kjölinn.

„Hvorki var málsóknin í vöndri trú né getur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi verið tilhæfulaus,“ segir dómariinn.

Jóhann freistar þess nú fyrir áfrýjunardómstóli að fá ákvörðun dómarsins um að vísa málinu frá, hnekkir. Þar ganga hlutir hægt fyrir sig og mun lögmaður Jóhanns hafa búið hann undir að málið teygir sig þar að minnsta kosti fram á árið 2022. Jóhann segir gagnrýni dómarsins á vinnu tónlistarsérfræðings óverðskuldaða.

„Nú getum við notað tímann til að byggja undir áfrýjunina og koma einhverju fyrir augu og eyru dómarsins sem sannfærir þá um gildi þessa máls. Vonandi verða að minnsta kosti tveir af þremur dóm-



Jóhann Helgason í sumarnóttinni í Garði í fyrrakvöld. MYND/HILMAR FOSS



Það sést glögg af þessari kröfu þeirra hversu dýrt það getur verið að leita réttar síns.

Jóhann Helgason, tónlistarmaður

urum okkur hliðhollir,“ segir hann.

Warner og Universal hafa ekki tækifæri til að áfrýja niðurstöðunni varðandi málskostnaðinn, þannig að Jóhann er því sloppinn fyrir horn hvað þá kröfu snertir. Krafan hljóðaði upp á jafnvirði 45 milljóna króna á gengi dagsins. Málskostnaður Jóhanns heldur hins vegar áfram að hlaðast, eftir því sem málinu vindur fram.

„Það sést glögg af þessari kröfu þeirra hversu dýrt það getur verið að leita réttar síns,“ bendir Jóhann á. Sjálfur hafi hann meðal annars eytt höfundarréttarlaunum sínum nokkur ár fram í tímann til að standa straum af kostnaðinum.

Jóhann kveðst afar þakklátur tónlistarmönnum Eyþóri Gunnarssyni, Björgvini Halldórssyni og Jakobi Magnússyni og fleirum fyrir stuðning að undanförunu, til dæmis með hugmyndum um að halda styrktartónleika auk þess að koma málinu á framfæri með ýmsum hætti.

„Slíkir tónleikar myndu auðvitað hjálpa mér mjög mikið,“ segir Jóhann Helgason.

gar@frettabladid.is

Bolsonaro var greindur með veiruna

BRASILÍA Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, tilkynnti í gær í beinni útsendingu að hann væri með kórónaveiruna. The Guardian skýrir frá.

Bolsonaro, sem er 65 ára, hefur ítrekað gert lítið úr faraldrinum og virt fjarlægðartakmarkanir að vettugi. Jafnvel þótt að Brasilía sé með næstflest tilfelli kórónaveirusmits í heiminum. Alls hafa 65.000 manns látist í faraldrinum í Brasilíu og þá hafa 1,6 milljónir smits verið staðfest.

Í mars, skömmu eftir að fyrsti Brasilíumaðurinn lést úr COVID-19, tilkynnti Bolsonaro í sjónvarpsræðu að ef hann fengi veiruna myndi hann hrista hana af sér auðveldlega vegna þess að hann væri svo heilsuhraustur, einkum vegna bakgrunns í íþróttum.

Síðan þá hefur Bolsonaro ítrekað mætt á opinbera viðburði og oft



Alls hafa 65.000 manns látist í faraldrinum í landinu. MYND/GETTY

en ekki án andlitsgrímu.

Grunur um að Bolsonaro væri með COVID-19 vaknaði á mánudag þegar fjölmiðlar í Brasilíu tilkynntu

» Í mars tilkynnti Bolsonaro að ef hann fengi veiruna myndi hann hrista hana af sér auðveldlega vegna þess að hann væri svo heilsuhraustur.

að forsetinn væri með hita og stöðugan hósta. Tölvusneiðmynd var tekin af lungum Bolsonaro, sem sýndi að þau væru í góðu lagi.

Sem fyrr segir hefur Bolsonaro ítrekað gert lítið úr hættum COVID-19 og hvatt Brasilíumenn til að snúa aftur til starfa til að minnka efnahagsleg áhrif veirunnar. Viðbrögð hans við faraldrinum hafa verið harðlega gagnrýnd, bæði heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi. – mhj

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

nordanfiskur

SUMARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR



CORINNA

-20%



VERÐ 120.077 KR

VERÐ ÁÐUR 150.096 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstýrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur með hitajöfnun. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

AVIANA

-20%



VERÐ 150.244 KR

VERÐ ÁÐUR 187.780 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt þrýstijöfnunar heilsurúm (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu), sérstýrktir kantar, engin hreyfing milli svefnsvæða. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

ALEXA

-20%



VERÐ 187.840 KR

VERÐ ÁÐUR 234.800 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstýrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu) framleitt úr sérvöldi tvihertu hágæðastáli, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur sem gefur enn betri aðlögun og þyngdardreyfingu með hitajöfnun, einstök tilfinning. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

-20%



FORTE

RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
MEÐ HALLANDI BAKI OG FÓTASKEMLI

VERÐ 79.840 KR

VERÐ ÁÐUR 99.800 KR

EINSTAKLEGA VANDAÐUR STÓLL
Á FRÁBÆRU VERÐI



-20%

SKOÐUN

Steypa



Aðalheiður
Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Kári Stefánsson veit best sjálfur hvaða bakland hann hefur þegar hann gerir kröfur í þágu íslensks heilbrigðiskerfis, en það hafa því miður orðið örlög hans helstu hugðarefna að þeir sem hann beinir máli sínu til bregðast við eins og uppgefnir foreldrar fremur en finnendur fjársjóðs.

Þegar Vigdís Hauksdóttir, þá formaður fjárlaganefndar, sakaði Pál Matthíasson forstjóra Landspítalans um andlegt ofbeldi, var Kára Stefánssyni nóg boðið. Árið var 2015 og Páll hafði talað máli veikra og meiddra skjólstaðinga spítala síns fyrir daufum eyrum fjárlaganefndar sem hafði fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar til meðferðar.

Í grein sem Kári birti í Fréttablaðinu 10. desember 2015 er dapurlegri stöðu heilbrigðiskerfisins lýst: „Það hefur ekki fylgt framþróun í læknisfræði, hvorki hvað snertir notkun á tækjabúnaði né bestu lyfjum og helstu stofnanir þess eru hýstar á þann veg að það kemur í veg fyrir að hægt sé að veita nægilega mikla og góða þjónustu. Hnignun heilbrigðiskerfisins hefur að mestu leyti verið óháð því hvaða stjórnmalaflokkar hafa verið við völd, vegna þess að hún hefur verið stöðug og samfelld.“ Svo hafði Kári í hótunum við háttvirta fjárlaganefnd:

„Ef hún breytir ekki frumvarpinu á þann veg að mun meira fari til Landspítalans, munum við nokkrir félagar safna 100.000 undirskriftum undir plagg sem hvetur landsmenn til þess að kjósa aldrei aftur þá stjórnmalaflokka sem standa að þessari ríkisstjórn, vegna þess kulda og afskiptaleysis sem hún sýnir sjúkum og meiddum í okkar samfélagi. Söfnunin verður létt verk og löðurmannlegt. Þjóðinni ofbýður,“ skrifaði Kári og þjóðin staðfesti það með undirskrift sinni. Á þremur mánuðum sló Kári Íslandsmet með söfnun 85 þúsund undirskrifta undir þá kröfu að Alþingi verji árlega 11 prósentum af vergri landsframleiðslu til reksturs heilbrigðiskerfisins.

Alþingi hefur ekki sýnt kröfu Kára og þjóðarinnar minnsta áhuga, en rúmum tveimur árum síðar var fyrsta skóflustunga nýs þjóðarsjúkrahúss þó tekin. Framkvæmdin á auðvitað lengri aðdraganda og enginn efast lengur um mikilvægi verksins, þótt menn þvaðri enn um staðsetninguna í þágu pólitískra hagsmuna. En hún er sannarlega þreytandi sú lenska stjórnmalamanna að svara kröfum um úrbætur alltaf með steypu.

Nú býðst Kári til að hýsa nýja faraldsfræðistofnun, sem hann telur brýnt að sett verði á fót undir stjórn sóttvarnalæknis. Boðið er afþakkað, en steypuvinnan sett á fullt á hriplekri veirufraeðideild Landspítalans.

Heilbrigðiskerfið verður ekki eitt fyrir barðinu á steypunni, heldur er þetta útbreitt vandamál í ríkisrekstrinum. Þegar búið var að byggja vígalegt öryggisfangelsi að bandarískri fyrirmynd á Hólmsheiði, kom í ljós að ekki var til fjármagn til að reka það. Vandamálið var ekki skortur á steypu, heldur hafði rekstur íslenskra fangelsa verið fjársveltur um árabil og er enn. Í sparnaðarskyni þarf nú að loka fangelsinu á Akureyri, því fangelsi sem fangarnir sjálfir hafa helst talið samilega vandað og mannþæti.

Orð Kára falla í sama grýtta jarðveg og kröfur íslensku glæpamannastéttarinnar og við höldum áfram að fara á mis við þá fjársjóði sem eru kunnátta, hugvit og vönduð, fullfjármögnuð þjónusta.

Halldór



Frá degi til dags

Sérstaðan

Framsóknarflokkurinn, einn af átta flokkum sem eiga sæti á Alþingi, hefur átt erfitt með að mynda sér sérstöðu. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, stefnir að því að taka við flokknum á næstunni. Hefur hún þegar hafist handa við að marka flokknum sérstöðu með því að vera sá flokkur sem raðar flokksmönnum á ríkisjótuna. Getur þá almenningur gengið að því vísu að þeirra atkvæði tryggja Framsóknarmönnum vinnu. Það er voða erfitt að túlka skipun Framsóknaroddivítans Lárusar Sigurðar Lárussonar í stól stjórnarformanns MSN, hið nýja LÍN, með öðrum hætti.

Máttarstólpi

Það má segja að landið skiptist nú í tvo flokka, Ríkisstjórnarliðið og Kárafylkinguna. Báðar hreyfingar hafa mikið til síns máls. Það er makalaust að það taki ríkið marga mánuði að gera það sem Kárafólkið gerði á nokkrum dögum. Á móti kemur að það þarf að ráða verkefnastjóra til að gera hlutina faglega, einhvern máttarstólpa sem hefur mikla þekkingu á málinu og hefur traust þjóðarinnar sér að baki. Það er augljóst að Björn Ingi Hrafnsson á að taka við því verkefni. Hann er meira að segja með Framsóknartengingar ef það lætur einhverjum liða betur.

Langt í land



Guðjón S.
Brjánsson
Þingmaður Samfylkingarinnar

Á lokadegi Alþingis var samþykkt þingsályktunartillaga Samfylkingarinnar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu, en fyrsti flutningsmaður er greinarhöfundur.

Á Íslandi hafa aldrei verið fleiri innflytjendur en nú um þessar mundir og hefur fjölgað býsna hratt undanfarin ár, þótt eðlilega sé eitthvert upphald á þeirri þróun eins og nú hagar til um gervallan heiminn.

Við eigum langt í land með að geta sagst standa framarlega í móttöku innflytjenda og þeir standa hér höllum fæti eins og víða í öðrum löndum. Við sjáum það á vinnumarkaðnum. Atvinnuleysi er til dæmis meira hér meðal innflytjenda en innfæddra. Reynsla annarra þjóða sýnir einnig að launakjör innflytjenda eru lakari en innfæddra. Samkvæmt úttektum nemur það allt að 20-30 prósent í sambærilegum starfsgreinum.

Þá eiga innflytjendur á brattann að sækja á hús-næðismarkaði og við þekkjum mörg nóturleg dæmi þess sem ratað hafa í fjölmiðla.

Mun færri hefja framhaldsnám og enn færri ljúka framhaldsnámi en innfæddir, hátt brottfall er staðreynd og það er takmarkaður stuðningur í skóla-kerfinu.

Við metum með ófullnægjandi hætti menntun innflytjenda og viðurkennum ekki vel fagleg réttindi. Í Evrópu er sem dæmi áætlað að 22 prósent innflytjenda hafi menntun umfram það sem krafist er í viðkomandi starfi, á móti 13 prósentum innfæddra.

Fjölgun innflytjenda hefur verið mikil hjá okkur á allra síðustu árum, miðað við nágrannalöndin og við höfum stutta reynslu á þessu sviði. Svíar og Kanadamenn hafa til dæmis þróað með sér kerfi í sinni innflytjendastefnu og njóta þess í betri þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu öllu. Það er verk að vinna og af nágrönnum okkar getum við margt lært.

Við skulum vinna að því, og gera það hluta af samfélagssáttmála okkar, að vera þjóðin sem veit og skilur hvað innflytjendur skipta miklu máli.

Ný tvöföld virkni sem
veitir hraða og langvarandi
vörn gegn tannkuli.

TVÖFÖLD
VIRKNI



Tökum stöðuna 2020



Anna Kristjánsdóttir
arkitekt og nemi í skipulagsfræði

Eftir tíðar umræður um loftslagsbreytingar og COVID-19 farsóttina hafa kannski einhverjir byrjað að velta fyrir sér hvort þetta gæti verið tengt.

Vitað er að fjölgun mannkyns er aðalástæðan fyrir ofnotkun á náttúruauðlindum og landsvæðum, eyðingu skóga og ósnertri náttúru, sem eru búsvæði villtra dýra. Æ fleiri dýrategundir þurfa að deila æ minni landsvæðum, sem eykur hættuna á veirusýkingum sem drepa dýrastofna og geta einnig auðveldlega borist í menn. Við þrengjum að öllum dýrategundum með offjölgun mannsins.

Við tölum um að við þurfum að spara orku, byggja á vistvænan hátt, þetta byggð og nýta betur auðlindir jarðar í stað þess að sóa þeim. Þetta eru góð og gild markmið. En hvers vegna er ekki minnst á að stöðva fjölsfjölgun, eða réttara sagt draga úr henni jafnt og þétt? Jú, aðalástæðan er að hagfræðin og vistfræðin eru ekki á sömu bylgjulengd.

Hagfræðingar benda á að fólk eldist og að við þurfum að eignast fleiri börn til að hagkerfið haldi jöfnum hagvexti. Þetta gerist að vísu aðeins í þeim ríkjum þar sem fólk er vel upplýst og þjóðfélög eru lýðræðislega og félagslega sterk. Bent er á hve kostn-

aðarsamt er að reka þjónustu fyrir aldraða: hjúkrunarheimili, lækniastöð, dagvistun og fleira. Hefur verið tekinn með í reikninginn kostnaðurinn við umönnun ungbarna, lækniþjónustu verðandi mæðra og barna, leikskóla, skóla og fleira? Börn og ungt fólk er í skóla í allavega þrettán ár og svo tekur háskólinn við. Meðal-dvalartími íbúa á hjúkrunarheimilum er um tvö til þrjú ár og kannski enn styttri tími að njóta þjónustu heimahjúkrunar. Er þó flestir þeir einstaklingar búnir að borga skatta til þjóðfélagsins í áraraddir. Þjóðfélagið tekur við vel menntuðum einstaklingum en stofnkostnaðurinn er hár. Það er þessi stofnkostnaður sem alþjóðasamtök allra landa þurfa að leggja af mörkum, fyrir jöfnum lífsgæðum allra jarðarbúa hvar sem er á hnettinum.

Önnur lönd á móður jörð eru háð því að hafa mikið og ódýrt vinnuafli og fjölskyldur eiga mörg börn í von um að nokkur vaxi úr grasi. Matar-skortur vegna þurrka og offjölgunar er vel þekkt fyrirbrigði sem leggst á þessar þjóðir með nokkurra ára millibili. Alþjóðleg hjálparsamtök taka þá höndum saman til að hjálpa nauðstöddu folki og útvega vistir.

Er ekki kominn tími til að alþjóðleg hjálparsamtök, með stuðningi SÞ, Evrópubandalagsins, Arababandalagsins, Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (CEDEAO), og svo mætti lengi telja, hjálpist að við að leysa vandann á uppbyggilegri hátt? Vandinn er aðallega menntunarskortur og offjölgun fátækra þjóða. Ofan á leggst misrétti kynja og ættasamfélög (klan), sem ráða ríkjum innan ríkja og vantroysta



Það hefur verið samstaða þegar mikið liggur við, sem dæmi þegar stórir viðburðir á íþróttavettvangi eiga sér stað, og þegar farsótt eins og COVID-19 gengur yfir.

yfirvöldum landsins. Ættasamfélag er ævafornt samfélagsmynstur þar sem skýr stéttaskipting ræður.

Ég tel að með því að vinna markvisst að bættu menntakerfi þessara landa frá grunnskóla til háskóla, muni löndin fá upplýsta þegna sem stuðla að uppbyggingu virks og nútímalegs samfélags á vistvænan hátt. Fjölsfjölgunin mun jafnt og þétt minnka og hvert barn fær möguleika á að lifa og dafna. Þetta mun taka tíma. Eigum við að ná árangri aður en fleiri villtar dýrategundir deyja út og sjúkdómar blossa upp á fjölmönnum svæðum, þarf að vera samstarf milli ríkjanna og alþjóðlegra samtaka.

Í dag stöndum við frammi fyrir fjölsfjölda frá löndum í Mið- Austur-Asíu og Afríku. Evrópa hefur tekið á móti milljónum innflytjenda. Þeim gengur misvel að aðlagast, læra tungumálið, nýja siði og taka þátt í þjóðfélaginu. Fjölmargir koma frá ættasamfélögum og bera oft ekkert traust til yfirvalda í nýja landinu.

Evrópulönd sáu fyrst möguleika sína í að flytja inn ódýrt vinnuafli. Þetta átti líka að vera lausn á fækkun barnsfæðinga og stuðla að auknum

hagvexti. Hagfræðin tók ekki með í reikninginn kostnaðinn við „ódýra vinnuaflið“ þegar fram liðu stundir. Allur þessi kostnaður vegna húsnæðis, uppihalds, aðlögunarnámskeiða og tungumálakennslu, túlkaþjónustu, lækniþjónustu og lögfræðiþjónustu, umsóknir og skráningar, atvinnuleit og fleira. Í Noregi er talað um að einn meðal skattgreiðandi borgi kostnaðinn fyrir einn innflytjanda/hælisleitanda á ári. Hagfræðingar ættu að reikna þetta dæmi einu sinni enn.

Þjóðirnar sem missa fólk úr landi, sem hafa að langmestu leyti verið hraustir karlmenn á aldrinum 18 til 45 ára, eru að missa mannaúðinn. Þetta hefur enn neikvæðari afleiðingar fyrir þjóðirnar sem sitja uppi með allra fátækustu íbúana og stórt hlutfall kvenna, barna og eldri borgara. Þjóðfélagið skerðist enn frekar og á erfiðara með uppbyggingu eftir margra ára erfiði. Dæmi má taka frá Sírylandi þar sem samfélagið vantar mannafla við að byggja upp innviði og hreinsa bæjarústir eftir hörmungar sem þar hafa geisað. Þegar litið er á heildina er flóttastreumurinn að veikja þegar viðkvæmar þjóðir og seinka uppbyggingu þjóðfélaga. Keðjuverkunin er auglýsing. Vesturlandabúar auglýstu sig sem bjargvætti, en eru kannski fyrst núna að vakna til veruleikans og gera sér grein fyrir bjarnargreidanum. Að flytja stóran hluta fólks milli landa er ekki lausnin.

Væri betri lausn að alþjóðasamtök hjálpi þjóðunum að byggja upp samfélög sem eru í vanda? Allir þeir peningar sem Vesturlönd og önnur ríki nota til að taka á móti flóttafólki,

gætu betur nýst í uppbyggingu innviða þessara þjóða. Þó svo að stríðsátök herji milli þjóðarbrotta eða landa, þá væri kannski hægt að hugleiða friðarviðræður óháðra mannréttindasamtaka, fremur en að senda herafra á svæðið. Flóttamannabúðir eru tímabundin lausn, en því fyrr sem landsmenn komast heim, því fyrr er hægt að byrja uppbyggingu.

Fjölsfjölgun og fjölsfjötti ásamt hlýnun jarðar og farsóttum, kallar á aðgerðir sem virka. Öll lönd þurfa að banna fjölkvæni, með viðurlögum. Einnig ætti að harðbanna með viðurlögum að gifta (selja) smástúlkur í hjónabönd. Það stuðlar að sterkari stöðu kvenna í þeim löndum sem þetta viðgengst og fækkun fæðinga. Í Evrópu og víðar fær fjölskylda barnabætur með hverju barni sem fæðist. Hvernig væri að öll lönd jarðar myndu gefa fjölskyldum barnabætur fyrir fyrstu þrjú börnin? Ég er alls ekki að stinga upp á að banna að eignast fleiri börn, en það á að stuðla að vissri þróun. Að draga úr fjölgun mannkyns er stórt skref fyrir varðveislu náttúruauðlinda og minnkun kolefnislosunar.

Ég lit á fámennið á Íslandi sem mikinn styrk (hér væri hagfræðingurinn ekki sammála mér). Við höfum forréttindi smáþjóða. Það hefur verið samstaða þegar mikið liggur við, sem dæmi þegar stórir viðburðir á íþróttavettvangi eiga sér stað og þegar farsótt eins og COVID-19 gengur yfir. Einangrun síðustu mánaða hefur vakið upp margar spurningar um hvernig Ísland getur verið sjálfbært. Við höfum mikla möguleika til að ná því markmiði, með því að vera útsjónarsöm.

► Einstaklega vandað og vel staðsett skrifstofuhúsnæði.

► Eignin er öll mjög snyrtileg, 10 rúmgóðar skrifstofur allt frá 10 fm uppí 40 fm, aðstaða fyrir allt að 30-40 starfsmenn.

► Rúmgott fundarherbergi ásamt snyrtilegu eldhúsi og starfsmannaaðstöðu.

► Næg bílastæði.

TIL LEIGU

TILBOÐ ÓSKAST

Nánari upplýsingar veita



Stefán Jarl
Lögg. fasteignasali
892 9966
stefan@fastlind.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

Hlíðasmári 6,
201 Kópavogur
314 m² atvinnuhúsnæði,
10 rúmgóðar skrifstofur

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6. Sími: 510 7900. lind@fastlind.is

Börf á auknu norrænu rannsókna­samstarfi í kjölfar kórónakreppunnar



Arne Flåøyen
framkvæmda-
stjóri Norræna
rannsóknaráðs-
ins, NordForsk



Þess vegna verða hafnar rannsóknir í löndunum um aðgerðir vegna COVID-19 faraldursins.

Kórónaveirufaraldurinn hefur sýnt okkur hvernig yfirvöld á Norðurlöndum hafa brugðist við með mismunandi hætti. Samanburður á viðbrögðum landanna við kreppunni af völdum faraldursins, gæti auðveldað yfirvöldum að taka upplýstar og hnitmiðaðar ákvarðanir þegar næsti heimsfaraldur gýs upp.

Norrænt samstarf

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu í ágúst 2019 nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf. Samkvæmt henni eiga Norðurlöndin að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims á árunum fram til 2030.

Þegar framtíðarsýnin var kynnt þótti mörgum hún full metnaðarlaus, þar sem samþættingin væri þegar staðreynd á Norðurlöndum. Allt frá árinu 1954 höfum við getað ferðast frjálst milli landanna án þess að framvísa vegabréfi og við höfum búið við frjálsan vinnu- markað. Á landamærasvæðum fer fjöldi fólks daglega á milli landa á leið í og úr vinnu. Eða þar til COVID-19 faraldurinn gaus upp. Þá var landamærum lokað og löndin mótuðu hvert sína stefnu til að bregðast við vandanum. Faraldurinn rak fleyg milli landanna, sem enginn hafði séð fyrir.

Hvað hefur kreppan kennt okkur fram að þessu?

Þrátt fyrir að lengi hafi verið búist við heimsfaraldri var ekkert Norðurlandanna (eða nokkurt annað land í heiminum) nægilega viðbúið því hvernig bregðast ætti við heimsfaraldri. Kórónaveiran breiddist út á ógnarhraða og barst til „allra“ landa samtímis. Faraldurinn olli kreppu sem bitnað hefur á öllum sviðum samfélagsins. Við höfum einnig lært að þörf er á viðamiklu alþjóðasamstarfi til þess að draga úr áhrifum kreppunnar og taka á þeim. Mikilvægasta lexían er líklega sú að við verðum að hugsa upp á nýtt um viðbúnað okkar við heimsfaraldri og undirbúa okkur betur fyrir þann næsta.

Norðurlöndin eru tiltölulega fámenn og hver þjóð fyrir sig býr yfir takmarkaðri færni og afkastagetu til að bregðast við heimsfaraldri. Ef Norðurlöndin eiga samstarf um viðbúnað við heimsfaraldri, verða þau öll mun betur undirbúin því sem að höndum ber. Þjóðirnar getu hjálpast að í viðbrögðum við erfiðleikum og auðveldara yrði að takmarka neikvæðar afleiðingar heimsfaraldursins fyrir samfélag okkar.

Þörf á aukinni þekkingu, byggðri á rannsóknum

Til þess að efla viðbúnað gegn heimsfaraldri í framtíðinni, verðum við að bæta þekkingargrundvöll um fyrirbyggjandi aðgerðir og hvernig taka ber á heilbrigðiskreppunni sjálfri, en einnig afleiðingum hennar fyrir aðra mikilvæga samfélagsþjónustu. Þess vegna verða hafnar rannsóknir í löndunum um aðgerðir vegna COVID-19 faraldursins og afleiðingar hans. Rannsóknirnar geta veitt okkur mikilvæga þekkingu, vegna þess að þær felast einnig í samanburði á viðbrögðum við COVID-19 og afleiðingum faraldursins í löndunum.

Norræna rannsóknaráðið er stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, og mun í samstarfi við fjármögnunaraðila rann-

sókna í löndunum geta greitt fyrir norrænu rannsóknasamstarfi um COVID-19.

Heilsa

Á öllum Norðurlöndunum er að finna heilbrigðisskrár með upplýsingum um tíðni, útbreiðslu, meðhöndlun og afleiðingar COVID-19 faraldursins. Með samstarfi um notkun gagna milli landa, mætti fá mun fleiri gagnasett að vinna með og hægt yrði að bera saman hvernig sjúkdómurinn gaus upp í löndunum. Á þann hátt mætti öðlast meiri vitneskju um árangur mismunandi nálgunar og stefnu sem löndin hafa tekið, í þeim tilgangi að fyrirbyggja og hefta útbreiðslu COVID-19 smitsins, veita sjúklingum meðferð og fylgja þeim eftir. Þá fengist yfirgripsmikil þekking sem heilbrigðisyfirvöld gætu nýtt í viðbúnaði fyrir næsta heimsfaraldur. Norræna rannsóknaráðið hefur tvisvar sinnum auglýst styrki til um umsóknar í heilbrigðismálum vegna COVID-19 og við erum reiðubúin að auglýsa fleiri styrki til rannsókna, einnig á öðrum þáttum COVID-19 heimsfaraldursins.

Skólar og menntun

Þegar heimsfaraldurinn braust út brugðust Danmörk, Finnland og Noregur fljótt við með því að loka öllum skólum og koma á heimanámi. Lítið var vitað hvaða áhrif þessar ráðstafanir hefðu á nám barna, heilsu þeirra og velferð. Þá lá heldur ekki fyrir mikil þekking um hvernig kennarar gætu boðið upp á góða kennslu og fylgt hverjum nemanda eftir. Ætla má að svipaðar aðgerðir verði íhugaðar í framtíðinni þegar heimsfaraldrar steðja að. Nú gefst okkur tækifæri til að gera samanburðarrannsóknir á Norðurlöndum, sem gera skólayfirvöld betur í stakk búin til að taka upplýstar ákvarðanir um aðgerðir, strax í upphafi nýs heimsfaraldurs.

Viðbrögð yfirvalda

COVID-19 faraldurinn hefur sýnt okkur að yfirvöld Norðurlandanna hafa tekið sér ólík hlutverk og brugðist við á mismunandi hátt. Með því að rannsaka og bera saman ólík viðbrögð landanna við sömu kreppu, er hægt að gera yfirvöldum auðveldara að taka upplýstar og markvissar ákvarðanir þegar næsta kreppa riður yfir. Heimsfaraldurinn hefur sýnt okkur hvað vönduð samskipti og upplýsingagjöf eru mikilvæg. Með því að rannsaka og bera saman það sem er líkt og ólíkt í samskiptastefnu landanna á meðan á COVID-19 faraldrinum stendur, öðlumst við þekkingu sem nýttist þegar þróa á samskiptastefnu í alvarlegum kreppum.

Hvað varðar COVID-19 faraldurinn þá hafa yfirvöld þurft að íhuga hvort vegi meira, að tryggja líf og heilsu fólks eða tryggja störf, efnahagslíf, menntun, íþróttir, menningarlíf og þar fram eftir götunum. Þetta hefur verið eldraun fyrir yfirvöld sem hafa þurft að bregðast skjótt við flóknum og erfiðum spurningum. Með því að rannsaka þessa togstreitu sem myndast milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna og bera saman ákvörðunarferlið í löndunum, ekki síst að skoða síðferðislegar vangaveltur sem haft hafa áhrif á val ráðamanna, fæst þekking sem auðveldar yfirvöldum að íhuga afleiðingar vandlega, þegar næsta kreppa knýr að dyrum.

Landvættirnir, KSÍ og Biblían



Þórhallur Heimisson
leiðsögumaður,
ríthöfundur og
guðfræðingur

Nú þegar nýtt merki og kynningarmyndband KSÍ fer eins og eldur í sinu um heimsbyggðina, er gaman að rifja upp uppruna landvættanna sem eru þar í aðalhlutverki. Og endurspeglja íslenska skjaldarmerkið. Allir Íslendingar þekkja auðvitað skjaldarmerkið. Á því er íslenski fáninn í miðju, umkringdur fjórum skjaldberum eða landvættum, uxa, risa, erni og dreka. Landvættir skjaldarmerkisins eru ættaðir úr Heimskringlu Snorra Sturlusonar. Þar segir Snorri frá því að eitt sinn hafi Haraldur Gormsson, Danakonungur, sent galdramann til Íslands til að sjá hvort ekki mætti sigla þangað liði til hefnda fyrir nið sem Íslendingar höfðu ort um konung. Þannig segir Snorri frá:

„Sá fór í hvalslíki ... En er hann kom fyrir Vopnafjörð þá fór hann inn á fjörðinn og ætlaði á land að ganga. Þá fór ofan eftir dalnum dreki mikill og fylgdu honum margir ormar, pöddur og eðlur og blésu eitri á hann. En hann lagðist í brott og vestur fyrir land, allt fyrir Eyjafjörð. Fór hann inn eftir þeim firði. Þar fór móti honum fugl svo mikill að vængirnir tóku út fjöllin tveggja vegna og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir. Braut fór hann þaðan og vestur um landið og svo suður á Breiðafjörð og stefndi þar inn á fjörð. Þar fór móti honum gríðungur mikill og óð á sæinn út og tók að gella

ógurlega. Fjöldi landvætta fylgdi honum. Brott fór hann þaðan og suður um Reykjanes og vildi ganga upp á Víkarsskeiði. Þar kom í móti honum bergrisi ...“

Snorri var reyndar langt í frá fyrstur til að lýsa þessum vættum, drekanum, uxanum, fuglinum og bergrisanum. Þannig vill nefnilega til að um 1.000 árum fyrir daga Snorra, var sagt frá sömu vættum í Opinberunarbók Jóhannesar sem er að finna aftast í Bibliúnni. Í Opinberunarbókinni greinir spámaðurinn Jóhannes svo frá, að hann hafi séð í sýn sjálft hásæti Guðs á himnum. Kringum þetta hásæti Guðs stóðu fjórar verur, segir Jóhannes. Þannig lýsir hann þeim:

„Fyrsta veran var lík ljóni, önnur veran var lík uxa, þriðja veran hafði ásjónu sem maður og fjórða veran var lík fljúgandi erni.“

Reyndar á þessi mynd sér enn eldri samsvörun í táknum ættbálka Ísraels í Mósebókum. Ættbálkarnir voru 12 og hafði hver ættbálkur



Hvergi er getið um í heimildum að Snorri Sturluson hafi haft þessa texta Biblíunnar í huga er hann samdi sögu sína. En greinilega er um sömu tákn að ræða sem rötuðu inn í frásögn Snorra.

ákveðið tákn. Þegar Ísraelsþjóðin var á ferð í eyðimörk Sínaí eftir flóttann frá Egyptalandi, reistu menn tjaldbúðir að kveldi kringum sáttmálsörkina og skiptu tjaldbúðunum í fjóra hluta. Fyrir hverjum hluta fór einn ættbálkur. Júda í austri, Rúben í suðri, Efraím í vestri og Dan í norðri. Merki Rúbens er vatnsberinn eða risinn, merki Efraíms nautið, merki Dans örninn eða gammurinn og merki Júda ljónið. Síðar tók Júda upp merki höggorms Móse – orminn. Dreki Snorra er í ætt við orm, því honum fylgja ormar og eðlur. Ormur eða dreki Snorra, gæti því vel verið hið forna merki Júda. Þess má geta að Snorri skipar landvættum sínum í sömu höfuðáttir og táknum ættbálka Ísraels er skipað kringum tjaldbúð Drottins í Gamla testamentinu.

Hvergi er getið um í heimildum að Snorri Sturluson hafi haft þessa texta Biblíunnar í huga er hann samdi sögu sína. En greinilega er um sömu tákn að ræða sem rötuðu inn í frásögn Snorra. Og þannig urðu hinar fornu táknmyndir verndara hásætis Drottins samkvæmt Biblíunni, að landvættunum sem gæta Landsins okkar bláa. Og þrýða nú einkennistákn KSÍ.

Þerneyjarsund á höggstokknum



Orri Vésteinnsson
prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands

Við Þerneyjarsund var ein helsta kauphöfn landsins á miðöldum. Hún var forveri verslunar í Hólminum, þeirrar sem flutt var til Reykjavíkur þegar bærinn fékk kaupstaðarréttindi 1787. Öfugt við Hólminn – Örfirisey – og miðbæ Reykjavíkur, er Þerneyjarsund ósnortið af framkvæmdum, einn af örfaum stöðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að komast í tæri við umhverfi eins og það var, áður en borgin breiddist yfir holt og móa. Við Þerneyjarsund eru ummerkin um miðaldaverslunina að mestu undir yfirborði en þar eru, auk Þerneyjar sjálfar með miklum minjum, tvö bæjarstæði á fastalandinu, Glóra og Niðurkot, sem vitna um horfna búskaparhætti. Þetta landslag er einstakt á höfuðborgarsvæðinu, falin perla sem fái vita af. Það hefur til skamms tíma verið skilgreint sem „opið svæði“ á skipulagsuppráttum, en nú hefur Reykjavíkurborg samþykkt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir iðnaðarsvæði í bilinu á milli bæjarstæðanna tveggja, í miðju hinnar fornu Þerneyjarhafnar. Ef af verður munu þess-

ar framkvæmdir rjúfa það einstæða menningarlandslag sem þarna hefur verðveist.

Ferill málsins í höndum borgaryfirvalda sýnir vel hvernig sjónarmið umhverfisverndar og minjaverndar eru afbökud og hunsuð, til að greiða götu framkvæmdaaðila. Borgarsögusafn og Minjastofnun Íslands hafa verið eindregin í andstöðu sinni við þessar ráðagerðir, en snúið hefur verið út úr málflutningi þeirra til að komast að fyrirframgefinni niðurstöðu. Til grundvallar liggur svokallað kostamat, unnið á vegum framkvæmdaaðila og borgarinnar, þar sem komist er að því að Þerneyjarsund sé álitlegasti kosturinn, meðal annars á þeirri forsendu að áhrif framkvæmdanna á menningarminjar séu óveruleg. Sú niðurstaða byggir á því að iðnaðarlóðin raski ekki þekktum mannvirkjaleifum sem sýnilegar eru á yfirborði. Henni er smokrað inn á milli rústanna og látið eins og þar með sé áhrifin hverfandi. Lög um menningarminjar eru hins vegar afdráttarlaus um að fornleifar eru ekki aðeins mannvirkjaleifar, heldur einnig landslag sem hefur menningarsögulegt gildi – búsetu- landslag og menningarlandslag. Það þarf ekki lagaþekkingu til að sjá að þarna er stefnt að því að eyðileggja landslag Þerneyjarsunds, þó þekktum mannvirkjaleifum eigi ekki að moka burt í þessari umferð. Annað er svo hvort að það sé trúlegt að þarna verði látið við sitja – reynslan



Þerneyjarsund er menningarlandslag sem verður eyðilagt af áætlanir Reykjavíkurborgar ná fram að ganga

sýnir að ef iðnaðarsvæðið verður að veruleika, verður þess ekki langt að biða að það verði álitin knýjandi nauðsyn að stækka það eða veita öðrum sambærilega aðstöðu. Og þá verður auðvelt að segja að það sé hvort sem er búið að eyðileggja það sem verðmætast var – heildina – og tiltölulega lítill viðbótarskaði þó einhverjar grjóthrúgur þurfi að fjúka. Afgreiðslu Reykjavíkurborgar á deiliskipulaginu fylgir loforð um hverfisvernd fyrir þá að skildu búta sem eftir verða (að vísu er ekki „talið tímabært að festa slík hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi nú“), sem er svoltið eins og að skera miðjuna úr Kjarvalsmálverki og lofa því svo, að hugsa ákaflega vel um ræmurnar sem eftir standa.

Í því liggur skaðinn sem nú stendur fyrir dyrum. Hann er réttlættur með afneitun á þeirri staðreynd að Þerneyjarsund er menningarlandslag, menningarsöguleg heild sem verður eyðilögð, ef áætlanir Reykjavíkurborgar ná fram að ganga.

MAMMUT dagar

20% afsláttur af öllum
MAMMUT vörum
dagana 8. - 11. júlí.



Mammut Convey Tour HS
Hooded Jacket Women
verð 39.995,-



Mammut Kento HS
Hooded Jacket Men
verð 49.995,-



Mammut Pordoi SO
Pants Men
verð 29.995,-



Mammut Hiking pants
verð 17.995,-



Mammut Nova III
Mid GTX Women
verð 30.995,-



Mammut Ducan
Mid GTX Men
verð 31.995,-



Mammut Ducan
High GTX Women
verð 35.995,-



Mammut Kento Guide
High GTX Men
verð 44.995,-



Mammut Ducan Spine
28-35L Women
verð 34.995,-



Mammut Relax 0°C
Fiber
verð 29.995,-



MAMMUT
SWISS 1862



HEAD



EYEWEAR & HELMETS

HILLEBERG
THE TENTMAKER



RUDY
PROJECT



Skeifunni 6 · www.everest.is

SPORT



Blikinn Viktor Karl Einarsson.

Vængbrotnir Víkingar mæta Valsmönnum

FÓTBOLTI Víkingur mætir til leiks án þriggja lykilleikmanna þegar liðið fær Val í heimsókn, í fimmtu umferð Íslandsmótsins í knattspyrnu karla á heimavelli hamingjunnar í kvöld.

Fossvogspiltar verða án þriggja manna varnarlinu sinnar úr leiknum gegn KR í síðustu umferð, en þeim Kára Árnasyni, Sölva Geir Ottesen og Halldóri Smára Sigurðarsyni var vísað af velli með rauðu spjaldi í þeim leik og eru þar af leiðandi í leikbanni.

Valsmenn mæta hins vegar særðir til leiks, eftir að hafa fengið skell á móti Skagamönnum um síðustu helgi. Valur er með sex stig eftir fjóra leiki en Víkingur fimm.

Breiðablik, sem trónir á toppi deildarinnar með 10 stig, etur kappi við FH, sem hefur líkt og fjögur önnur lið sex stig um miðja deild. Gísli Eyjólfsson fór meiddur af velli hjá Breiðabliki þegar toppliðið gerði jafntefli við KA í síðustu umferð og hann verður líklega fjarri góðu gamni í þessum leik.

FH-ingar vonast til þess að Guðmann Þórisson og Pétur Viðarsson verði klárir í slaginn í vörn þeirra, sem var vængbrotin í tapinu gegn Víkingi í síðasta deildarleik Hafnarfjarðarliðsins. Logi Tómasson, sem kom til FH sem lánsmaður frá Víkingi í lok júní, gæti komið inn í varnarlinuna í þessum leik.

Þá leiða ÍA og HK saman hesta sína á Akranesi, en Skagamenn eru eitt þeirra fimm liða sem hafa sex stig og HK-ingar eru með fjögur. Nýliðarnir sem sitja í botnsætunum með eitt stig hvort lið, berjast um mikilvæg stig í Gafarvogi. – **HÓ**



Ögmundur verður leikmaður Olympiacos á næstu leiktíð.

Ögmundur færir sig um set í Grikklandi

FÓTBOLTI Ögmundur Kristinsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, mun skipta um vinnustað í Grikklandi eftir að yfirstandandi leiktíð lýkur þar í landi.

Ögmundur hefur leikið með gríska liðinu Larissa frá því árið 2018, en liðið hefur bjargað sér frá falli, eftir harða fallbaráttu á keppnistímabilinu sem senn fer að ljúka.

Þessi 31 árs gamli markvörður hefur skrifað undir samning við Olympiacos, sem hefur nú þegar tryggt sér gríska meistaratitilinn í 45. skipti í sögu félagsins. Liðið er það sigursælasta í sögu grísku efstu deildarinnar. – **HÓ**



Eftir að hafa skipst á orðum í hálfleik í leik Tottenham Hotspur og Everton, náðu Hugo Lloris og Son Heung-Min, samherjarnir hjá Tottenham Hotspur sáttum að leik loknum. Mynd/Getty

Slagsmál sundraðra samherja

Fótboltamenn eru margir hverjir miklar tilfinningaverur og það gerist við og við að þeim hleypur kapp í kinn. Endrum og eins beinist reiði þeirra að samherja og dæmi um slíkt tilvik átti sér stað nú í vikunni.

ENSKI BOLTINN Hugo Lloris, markverði og fyrirliða Tottenham Hotspur, lenti saman við samherja sinn, Son Heung-Min, sóknarmann Lundúnaliðsins, í leik liðsins gegn Everton í 33. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla fyrr í vikunni.

Franski markvörðurinn var ekki sáttur við varnarvinnu Suður-Kórueumannsins og lét hann heyra það á leið þeirra inn í búningsklefa í hálfleik. Tottenham Hotspur bar hins vegar sigur úr býtum í leiknum og

allt féll í ljúfa löð á milli leikmanna að leik loknum.

José Mourinho, knattspyrnstjóri Tottenham Hotspur, tók sökina á kýtingi leikmanna sinna á sig, og sagði þetta sýna að leikmönnum væri ekki sama um frammistöðu hvers annars. Þetta gleddi sig hins vegar, frekar en að angra.

Fréttablaðið tók saman erjur nokkurra núverandi og fyrrverandi samherja í enska boltanum í gegnum tíðina og má sjá þær á myndunum hér til hliðar.



Craig Bellamy var ekki sáttur við að John Arne Riise rífi í mikrófóninn þegar leikmenn Liverpool skelltu sér í karóki í æfingaferð liðsins í Portúgal. Bellamy lét ekki staðar numið við að uppfæra Riise á karókibarnum. Þegar á hótelíð var komið réðist Walesverjinn að Norðmanninum með golfkylfu.



Enski þörupilturinn Lee Bowyer og Kieron Dyer, sem léku með Newcastle, fengu nóg af hvorum öðrum og lentu í áflogum. Greame Souness, stjóri liðsins, sektaði lærisveina sína.



Joe Gomez, varnarmaður Liverpool, og Raheem Sterling, sóknarmaður Manchester City, háðu harða rímu í leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni. Erjur þeirra héldu áfram á æfingu enska landsliðsins skömmu síðar, sem varð til þess að Sterling var hent úr enska landsliðshópnum í einn leik.



Það hefur gengið brósuglega hjá Aston Villa að hala inn stig í ensku úrvalsdeildinni á leiktíðinni. Slæmt gengi Villa-manna fór í finustu taugar Tyrone Mings og Anwar El Ghazi, sem rifust eins og hundur og köttur í leik Aston Villa á móti West Ham. Liðsfélagar þeirra náðu þó að skakka leikinn.



MIDVIKUDAGUR 8. JÚLÍ 2020

Heilsa



Finnst þér erfitt að slaka á í friinu? Dekraðu við þig og forðastu áreiti, slakaðu á og hvíldu þig. Veturinn hefur verið erfiður og nú má njóta. Það er margt og mikið skemmtilegt í boði um allt land. ➔3

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Jóna er mjög ánægð með árangurinn af inntöku Active Liver og mælir með því fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.

Betri líðan og aukin orka

Lifrin sinnir yfir 100 störfum og tengist beint eða óbeint allri líkamsstarfsemi. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Lifrín er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðalefnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn, því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhrreinindi myndu safnast upp í blóði og ótal margt fleira færi úr skordum.

Heilbrigð lifur afar mikilvæg
Í kinverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma“. Það er gríðarlega mikið til í þessu, því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Lifrín er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar meðal annars efnaskiptum og hreinsar eiturefni og óæski-leg efni úr líkamanum. Preyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

- Lífsstíll hefur áhrif**
Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrín er ekki að virka eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur, sem í daglegu tali kallast fitulífur. Fitulífur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru akveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa, til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru:
- Áfengi og koffín
 - Unnin matvara, ódýrar oliur og auka/gerviefni



“Ég fann fljótlega mun, en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.

- Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði**
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði
 - Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lifræn)
 - Sykraðir drykkir og snakk
 - Unnið korn (hvít hrisgrjón, hveiti og fleira)
- Active Liver**
Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmarg-



Jóna ákvað að prófa Active Liver eftir að hún sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Hún fann fljótlega mun á sér við inntöku á bætiefninu.

- ir finna fyrir almennt betri liðan og aukinni orku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og er aukin orka einmitt eitt af einkennum heilbrigðrar lifrar. Active Liver inniheldur mjólkurþistil, ætíþistil og kólín sem stuðlar að:
- Eðlilegum fituefnaskiptum
 - Eðlilegri starfsemi lifrar
 - Eðlilegum efnaskiptum er varða aminosýruna hómósysteín

Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.

Vinnsla, geymsla & dreifing
Segja má að lifrín sé allt í senn vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar, því allt sem við borðum, drekkuðum, öndum að okkur eða berum á húðina, fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum í okkur og á, því öll viljum við lifa lengi, heilbrigð á líkama og sál. Active Liver getur hjálpað til þarna og sérstaklega þegar álag á meltinguna er mikið.

Auðveldara að halda mér í réttri þyngd
Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur lengi notað Active Liver: „Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun, en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri“.

Aukin orka á æfingum og betra úthald

Nítrat, sem finnst í rauðrófum, getur haft áhrif á æðavidd og blóðflæði og þannig minnkað álag á hjartað. Rauðrófur eru vinsælar meðal íþróttafólks og geta haft góð áhrif á hjarta og æðakerfið.

Rauðrófan hefur í aldanna rás verið þekkt fyrir heilsu-bætandi áhrif. Rauðrófan inniheldur nítrat, sem er talið geta haft æðavíkkandi áhrif og aukið blóðflæði. Afleiðingar þess geta því verið að blóðþrýstingur lækkar og súrefnisflæði í blóði eykst, sem er eitthvað sem íþróttafólk leitar oft eftir. Einnig getur það verið gott gegn háum blóðþrýstingi og getur dregið verulega úr hand- og fót-kulda svo eitthvað sé nefnt.

„Fæstir eiga safavél heima hjá sér og enn færri nenna að standa í því að pressa sér hreinan rauðrófusafa á hverjum degi, þar sem því fylgir mikið uppvasi og býður upp á að litarefnið úr safanum liti allt sem það kemst í tæri við,“ segir Sólveig Bergsdóttir landsliðskona, sem deilir með okkur magnaðri reynslu sinni af náttúrulegu rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid.

Meiri orka sem endist
„Rauðrófuhylkin eru ótrúlega þægileg lausn, þar sem ég hef oftast nær lítinn tíma heima, hvort sem það er á morgnana eða fyrir æfingar. Ég hef lengi þekkt heilsuefandi eiginleika rauðrófunnar og þegar ég komst að því að hægt

væri að taka duft í stað safans, varð ég spennst að geta loksins bætt þessu inn í mína daglegu bætiefnarútinu.

Það sem ég gerði fyrst var að lesa mér til um töflurnar, athuga innihaldið og hvernig þær eru framleiddar. Það skiptir máli að þetta sé alvöru, og að sjálfsögðu mikilvægt að það séu engin óæskileg aukaefni, sérstaklega fyrir íþróttafólk sem stundar alþjóðlegar keppnir sem krefjast lyfjaprófa. Ég ákvað að prófa að taka töflurnar á mismunandi tímum dags, en mestan mun fann ég þegar ég tók þær fyrir æfingar. Ég kys að borða ekki stóra máltíð fyrir æfingu, heldur léttu máltíð um það bil tveimur tímum fyrir. Hálftíma fyrir æfinguna tek ég tvær töflur af rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid, og áhrifin koma fram þegar æfingin byrjar. Það sem ég finn helst fyrir er að líkaminn er fljótari að hitna og helst lengur heitur eftir upphitun. Það er kannski erfitt að útskýra tilfinninguna en ég get helst borið þetta saman við rótsterkan espressóbolla sem hressti mig við næstu tvo tímana, eins og eins konar „pre-workout“ án auka-verkana. Ég hef notað Beetroot í hálft ár



“Hálftíma fyrir æfinguna tek ég tvær töflur af rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid, og áhrifin koma fram þegar æfingin byrjar. Það sem ég finn helst fyrir er að líkaminn er fljótari að hitna og helst lengur heitur eftir upphitun.

Sólveig Bergsdóttir, Íslandsmeistari og landsliðskona í fimleikum

núna og reyni að taka þau daglega. Mæli innilega með þeim fyrir alla, og sérstaklega íþróttafólk.“

100% náttúruleg innihaldsefni
Rauðrófur eru af sömu plöntuætt og spínat, skrauthalætt (Amaranthaceae) og tilheyra tegundinni Beta vulgaris. Þær eru sneisafullar af næringar- og plöntuefnum og innihalda meðal annars ríkulegt magn af járnni, A-, B6- og C-vítamíni, fólínsýru, magnesíum og kalíum. Þar að auki innihalda þær góð flókin kolvetni, trefjar og öflug andoxunarefni. Rauðrófur eru ráðlagðar fólki sem glímir við blóðleysi og slappleika, vegna járninnihalds



Sólveig mæli með rauðrófuhylkjum frá Natures aid fyrir alla, sérstaklega íþróttafólk.

meðal annars. Lifrænu rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru góð fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Það er hægðarauki fyrir marga að geta tekið inn rauðrófuhylki, því ekki eru allir jafn hrifnir af bragðinu af rauðrófunni eða rauðrófusafanum. Viðtökur Íslendinga við Organic Beetroot frá Natures Aid hafa verið ótrúlega góðar og flestir kaupa þessa vöru aftur og aftur, vegna þeirra áhrifa sem þeir finna. Margir tala um að úthald við íþróttaiðkun aukist, en einnig eru margir á því að hand- og fótculdi minnki til muna.

Vegna æðavíkkandi áhrifa er það einnig algengt að blóðþrýstingur lækki.

Í aldanna raðir hefur neysla á rauðrófum verið talin geta haft ýmis heilsuefandi áhrif, meðal annars:

- Aukið blóðflæði
 - Lækkað blóðþrýsting
 - Bætt súrefnisupptöku
 - Aukið úthald, þrek og orku
 - Góð áhrif á hjarta- og æðakerfi
- Fæst í flestum apótekum, heilsu-búðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. júlí 2020

27. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS
GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Höfnuðu beiðni um viðræður
TM óskaði eftir formlegum sam-
einingarviðræðum við Kviku undir
lok síðasta mánaðar. Höfnuðu
forsendum um að TM yrði metið á
hærra verði en Kviku banki.

2

Krefjast innlausnar í Hval
Einar Sveinsson, Benedikt Einars-
son og Ingimundur Sveinsson saka
framkvæmdastjóra Hvals um að
hafa „aflað [sér] ótilhlýðilegra
hagsmuna“ á kostnað hluthafa.

4

Aukin áhersla á frystar afurðir
Fiskútflytjendur bregðast við
breyttum markaðsaðstæðum
með aukinni sölu á frystum
afurðum. Matvöruverslanir hafa
margar lokað fiskborðum.

8

Stjórnandi einn á báti
Mennta þarf stjórn fyrirtækja, rétt
eins og starfsmenn, til að takast á
við stafræna umbreytingu. Stjórn-
endur geta gert þau mistök að
horfa ekki á hana heildstætt.

9

Stærstu tækifærin
Blómleg fjárfesting lykilsfarsenda
samdráttar í losun gróðurhúsa-
lofttegunda. Rekstrarskilyrði sem
sjávarútvegi eru sett, þurfa því að
hvetja til frekari fjárfestinga.

12



Ekki hefur heldur dregið úr eftirspurn
eftir traustu leiguhúsnæði, heldur hefur
sjaldan verið jafnmikið að gera hjá okkur.

COVID-19 sýnir seiglu leigufélaga

María Björk Einarsdóttir,
framkvæmdastjóri Ölmu,
segist „handviss um“ að
COVID-19 muni leiða til
þess að stofnanafjárfestar
átti sig á hve traustur eigna-
flokkur leigufélög séu.
Veiran hafi haft lítil áhrif
á rekstur Ölmu og önnur
erlend leigufélög. ➔ 10



FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímাপantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK





Hannes Frimann Hrólfsson, framkvæmdastjóri Júpíters. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Júpíter kemur á fót um 20 milljarða fjárfestingasjóði

Sjóðastýringarfélagið Júpíter, sem er dótturfélag Kviku banka, hefur komið á fót sjóðnum ACF III slhf., en um að ræða samlagshluta-félag sem mun koma að fjármögnun fyrirtækja. Heildaraskriftaloforð sjóðsins, sem er í eigu flestra af stærstu lífeyrissjóðum landsins, nema 19,5 milljörðum króna og er fjárfestingatímabil hans þrjú ár. Sjóðurinn mun fjárfesta í skuldaþréfum og lánum til fyrirtækja, einkum með veði í fasteignum og fastafjármunum.

Ekki hefur verið stofnaður jafn stór fjárfestingasjóður hér á landi síðan Framtakssjóður Íslands var settur á fót í árslok 2009.

Hannes Frimann Hrólfsson, framkvæmdastjóri Júpíters, segir góðan árangur fyrri sjóða og traust fjárfesta endurspeglast í frábærri þátttöku í ACF III. „Sjóðurinn er sá stærsti sinnar tegundar á Íslandi og stofnun hans er afar jákvætt skref í örum vexti og uppbyggingu Júpíters.“ Vinna við stofnun sjóðsins hófst í janúar á þessu ári.

Fyrir rekur Júpíter fjölmarga sjóði sem koma að fjármögnun fyrirtækja með mismunandi hætti en félagið er með heildareignir í stýringu að fjárhæð um 150 milljarða króna,

150

milljarðar eru heildareignir í stýringu Júpíters.

Sé litið til stærðar ACF III þá nemur umfang sjóðsins um tveimur þriðju af lánaþókk Kviku banka, en hún var tæplega 31 milljarður króna í lok fyrsta ársfjórðungs.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Þorkell Magnússon, forstöðumaður sjóðastýringar hjá Júpíter, en hann hefur komið að fjármögnun fyrirtækja í meira en áratug.

Þorkell segir þetta ánægjulega niðurstöðu eftir langt og stíft ferli á óvenjulegum tímum. „Eins og hjá fyrri sjóðum í rekstri félagsins leggjum við áherslu á að finna áhugaverða fjárfestingakosti og um leið bæta kjör fyrirtækja,“ segir hann.

Hagnaður Júpíters eftir skatta í fyrra nam rúmlega 260 milljónum króna, borið saman við 82 milljónir árið áður. Eignir í stýringu jukust um tæplega 30 milljarða í fyrra. – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Höfnuðu að TM yrði metið á hærra verði

TM óskaði eftir formlegum sameiningarviðræðum við Kviku, með bréfi til stjórnar bankans í lok síðasta mánaðar. Hlutfé TM átti að vera í kringum 55 prósent í sameinuðu félagi. Kvika hafnaði alfarið viðræðum á þeim grunni.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Kvika banki hafnaði skriflegri beiðni stjórnenda TM undir lok síðasta mánaðar, um að hefja formlegar sameiningarviðræður en þær áttu, samkvæmt tillögum TM, meðal annars að grundvallast á þeim skilmálum að tryggingafélagið yrði metið á nokkuð hærra verði en fjárfestingabankinn, við mögulegan samruna félaganna. Stjórn Kviku taldi hins vegar engar forsendur til að hefja formlegar viðræður á þeim grunni.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var gert ráð fyrir því í upplaggi TM að skiptihlutföllin yrðu þannig að hlutfé tryggingafélagsins yrði í kringum 55 prósent í sameinuðu félagi, á meðan hlutfé Kviku banka yrði þá á móti líðlega 45 prósent. Miðað við það áttu hlutabréf Kviku að vera metin á aðeins lítilliga hærra verði en á markaði í dag, eða um 10,2 krónur á hlut – gengið stendur nú í 9,6 krónum á hlut – og að markaðsvirði bankans væri því talið vera rúmlega 20 milljarðar króna. Markaðsvirði TM stendur hins vegar í um 25 milljörðum króna.

Ósk TM um að hefja sameiningarviðræður, sem var komið á framfæri með bréfi til stjórnar Kviku banka föstudaginn 26. júní síðastliðinn, kom í kjölfar óformlegra samtala sem höfðu áður átt sér stað milli æðstu stjórnenda, um að kanna fýsileika þess að sameina félögin. Samkvæmt heimildum Markaðarins var bréfi TM svarað tveimur dögum síðar og beiðni um að hefja formlegar viðræður, sem fyrr segir, hafnað af stjórn bankans. Að óbreyttu er ekki talinn grundvöllur til að fara í slíkar viðræður, enda sé það mat stjórnenda Kviku að ekkert réttlæti að TM verði metið á hærra verði en bankinn.

Greint var frá því í Markaðnum í síðustu viku að stjórnendur Kviku og TM hefðu að undanfögnu átt í óformlegum samtölum um mögulega sameiningu félaganna – nú síðast um þarsíðustu helgi – en ekki hefði náðst samkomulag um undirritun viljayfirlýsingar um að hefja formlegar viðræður. Því væru viðræðurnar, að sögn nokkurrá sem komu að þeim, á ís eins og sakir stæðu.

TM og Kvika sáu ástæðu til að senda frá sér tilkynningu í kjölfar



Sigurður Viðarsson, forstjóri TM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

45

milljarðar króna er samantlagt markaðsvirði Kviku og TM í dag.

fréttar Markaðarins og sagðist TM vilja „árétta að engar viðræður væru í gangi um mögulegan samruna [félaganna], né væru slíkar viðræður fyrirhugaðar.“

Starfsemi félaganna er um margt talsvert ólík. Kvika banki, sem hefur orðið til úr sameiningu fjölmargra fjármálafyrirtækja á undanförunum árum, skilgreinir sig sem sérhæfðan fjárfestingabanka, sem leggj áherslu á eignastýringu fjárfestingastarfsemi. Með kaupum TM á eignaleigufyrirtækinu Lykli, sem gengu í gegn í janúar á þessu ári, bættist þriðja stöðin undir starfsemi tryggingafélagsins, ásamt váttryggingastarfsemi og fjárfestingum.

Samkvæmt viðmælendum Markaðarins, sem þekkja vel til viðræðna félaganna að undanförunum, er ljóst

að stjórnendur TM horfa einkum til þeirrar samlegðar sem myndi fást með því að renna Lykli saman við þá bankastarfsemi sem er fyrir hendi innan Kviku banka. Yfirlýst áform TM hingað til hafa verið að sækjast eftir viðskiptabankaleyfi fyrir Lykil þannig að félagið, sem hefur að stærstum hluta verið að bjóða upp á fjármögnun bíla og atvinnutækja, geti farið að byrja að bjóða upp á innlán.

Stærstu hluthafar TM eru fjárfestingafélagið Stodir, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR). Lífeyrissjóður verslunarmanna og LSR eru sömuleiðis á meðal umsvifamestu hluthafa í Kviku banka, en stærsti einkafjárfestirinn í eigendahópi bankans, með tæplega 6,8 prósent hlut, er eignarhaldsfélagið SNV í eigu Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur.

Hagnaður TM á árinu 2019 nam 1.866 milljónum króna eftir skatta. Afkoman var drifin áfram af fjárfestingatekjum upp á 2.945 milljónir króna, sem jafngilti rúmlega 10 prósentu ávöxtun á eignasafn félagsins. Hagnaður Kviku banka var hins vegar 2.660 milljónir eftir skatta í fyrra og var arðsemi bankans á eigin á fé um 21 prósent.

VHE tapaði um milljarði króna í fyrra

Vélsmiðjan VHE, sem fór í greiðslustöðvun í apríl, tapaði 981 milljón króna árið 2019. Til samanburðar hagnaðist fyrirtækið um 32 milljónir árið áður. Tekjurnar drógust saman um níu prósent á milli ára og námu 8,8 milljörðum króna árið í fyrra.

Eigið fé fyrirtækisins var 577 milljónir króna við árslok 2019 og skuldir námu 9,7 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfallið var sex prósent við árslok. Vaxtaberandi skuldir námu 6,7 milljörðum króna. Fram hefur komið í Markaðnum að Landsbankinn er aðallánveitandi VHE.

VHE, sem er að mestu í eigu Unnars Steins Hjaltasonar, sagði

6,7

milljarðar króna námu vaxtaberandi skuldir við árslok.

í tilkynningu í apríl að greiðslustöðvunina mætti einkum rekja til þungra áfalla byggingardeildar félagsins síðustu misseri, vegna greiðsluvanda viðskiptavina. Grunnreksturinn væri traustur.

Fram hefur komið í Markaðnum að eigendur VHE hafi byggt upp

eigið fé í systurfélaginu Nesnúpi á undanförunum árum. Það hefur staðið að framkvæmdum að Hafnarbraut í Kópavogi, Eskivöllum í Hafnarfirði, Holtsvegi í Garðabæ og í Skarðshlíð. Eignir félagsins námu tæplega 3,4 milljörðum króna í lok árs 2018 og eigið fé rúmlega 300 milljónum. Markaðurinn greindi frá því að Íslandsbanki væri stærsti lánveitandi Nesnúps.

Rekstur VHE hefur gengið erfiðlega frá því að lán frá Landsbankanum tóku stökkbreytingu í kjölfar bankahrunsins 2008. VHE er rótgróið fyrirtæki, stofnað 1971, sem var byggt upp á þjónustu við álver. – hvj

KORTA

verður

Rapyd

Nýir tímar

í greiðslumiðlun á Íslandi

Korta er nú hluti af Rapyd, einu framsæknasta fjártækifyrirtæki í heiminum í dag.

Viðskiptaumhverfið og greiðslumiðlun tekur sífelldum breytingum.

Saman munum við bjóða íslenskum viðskiptavinum aðgang að fyrsta flokks þekkingu og tækni fyrir hvers konar greiðslumiðlun.

Fjártæknilausnir
fyrir viðskiptavini

—
Viðskiptasamband
í fyrirrúmi

—
Tækifæri
í verðmætaaukningu

Við viljum gjarnan
heyra frá þér.

Vertu í sambandi og taktu þátt í
nýjum tímum í greiðslumiðlun.

558 8000 | hallo@rapyd.net



Stefna Hval og krefjast innlausnar bréfa gegn 1.600 milljóna greiðslu

Einar Sveinsson, Benedikt Einarsson og Ingimundur Sveinsson saka framkvæmdastjóra Hvals um að hafa „aflað [sér] ótilhlýðilegra hagsmuna“ á kostnað annarra hluthafa. Krefjast innlausnar bréfa sinna miðað við upplausnarvirði Hvals. Kristján Loftsson segir það í reynd fela í sér að félagið, sem er með 25 milljarða króna í eigið fé, verði leyst upp. Áætlað að aðalmeðferð hefst í haust.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Hrir hluthafar Hvals, sem ráða yfir rúmlega 5,3 prósent hlut, hafa höfðað mál gegn félaginu og krafist þess að hlutir þeirra verði innleystir gegn greiðslu að fjárhæð samtals um 1.563 milljóna króna auk dráttarvaxta.

Saka hluthafarnir, sem eru félög í eigu feðganna Einars Sveinssonar og Benedikts Einarssonar og Ingimundar Sveinssonar, bróður Einars, framkvæmdastjóra og stærsta einstaka hluthafa Hvals, Kristján Loftsson, um að með kaupum hans á hlutum í Hval á „verulegu undirverði“ og fráfalli stjórnar félagsins á forkaupsrétti sínum að þeim, hafi það „aflað [Kristjáni] ótilhlýðilegra hagsmuna“, á kostnað annarra hluthafa. Einar er jafnframt stjórnarformaður Hvals.

Með þessu hafi framkvæmdastjóri Hvals gerst brotlegur við ákvæði laga um hlutafélög, að mati félaganna sem hafa stefnt Hval, og telja þau að þær aðgerðir veiti rétt til innlausnar, samkvæmt ákvæði í 26. grein laganna. Það ákvæði, sem kom fyrst inn í lögin árið 2010 og hefur aldrei áður reynt á fyrir dómstólum, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, kveður á um að hluthafi geti krafist dóms ef veigamikil rök standi til þess að honum verði gert kleift að losna úr félaginu.

Í kröfum sínum fara félögin, sem eru eignarhaldsfélögin Erna, Eldhrímnir og P126, fram á að við innlausn bréfanna verði upplausnarvirði Hvals lagt til grundvallar. Miðað við það gengi sem þau leggja til grundvallar kröfum sínum, telja þau að upplausnarvirði Hvals sé líðlega 30 milljarðar króna, en bókfært eigið fé félagsins nam samtals 25 milljörðum í lok síðasta fjárhagsárs í september í fyrra.

Í samtali við Markaðinn segir Kristján að kröfur hluthafanna þriggja, um að vera keyptir út miðað við upplausnarvirði Hvals, feli í reynd í sér að félagið verði leyst upp. „Verði fallist á kröfurnar getum við átt von á því að aðrir hluthafar komi í kjölfarið og fari fram á að vera keyptir út á sama gengi og félaginu yrði því slitið. Ég tel hins vegar að vilji meginþorra hluthafa Hvals standi ekki til þess,“ útskýrir Kristján.



Kristján er framkvæmdastjóri og stærsti hluthafi Hvals. Félagið er eitt stöndugasta fjárfestingafélag landsins eftir að hafa selt um þriðjungshlut í HB Granda vorið 2018 með um 13 milljarða hagnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilja tvöfalt hærra gengi

Hvalur er eitt stöndugasta fjárfestingafélag landsins, eftir að dótturfélagið Vogun seldi þriðjungshlut sinn í HB Granda vorið 2018, með um 13 milljarða hagnaði. Eignir Hvals samanstanda að stærstum hluta af ríkisbréfum og hlutdeildarskirtinum í innlendum og erlendum verðbréfasjóðum – samtals um 11,6 milljörðum í september á síðasta ári – en þá er félagið einnig stór hluthafi í Hampidjunni, Origo, Arion banka og Marel.

Fram kemur í skýringum við nýjan ársreikning Hvals, sem var lagður fyrir aðalfund 12. júní, að félagið Erna ehf., sem er í eigu Benedikts Einarssonar, hafi í byrjun apríl 2019 fyrst félaganna höfðað



Verði fallist á kröfurnar getum við átt von á því að aðrir hluthafar komi í kjölfarið og fari fram á að vera keyptir út á sama gengi og félaginu yrði því slitið.

Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals

mál gegn Hval og krafist innlausnar á hlutafé sínu – samtals 1.555.200 hlutum að nafnverði, eða 0,93 prósent hlutur – gegn greiðslu að fjárhæð tæplega 260 milljónum auk dráttarvaxta, eða sem nemur genginu um 167 krónur á hvern hlut.

30

milljarðar er áætlað upplausnarvirði Hvals miðað við fyrirbyggjandi kröfur hluthafanna þriggja sem hafa stefnt Hval.

Félagið Eldhrímnir, sem er í eigu Ingimundar Sveinssonar arkitekts og Sigríðar Arnbjarnardóttur, ásamt þremur börnum þeirra, stefndi Hval í júní í fyrra – byggt á sömu málsmáttæðum og í máli Ernu ehf. – og krefst innlausnar á 2.278.892 hlutum, sem jafngildir 1,63 prósent eignarhlut, gegn greiðslu upp á 471 milljón króna. Þá höfðaði félagið P126, sem er í eigu Einars Sveinssonar, mál gegn Hval í október og fer sömuleiðis fram á innlausn bréfa félagsins, samtals 4.632.793 hluti að nafnverði, eða 2,77 prósent eignarhlutur, gegn greiðslu að fjárhæð 833 milljónum króna.

Aðalmeðferð í haust

Hvalur hefur tekið til varna, þar sem í fyrsta lagi er krafist að því sé hafnað að skilyrði innlausnar séu til staðar. Í öðru lagi, verði fallist á innlausn, að við mat á verðmæti hlutanna verði ekki litið eingöngu til upplausnarvirðis, við ákvörðun innlausnarverðisins. Byggir Hvalur á því að litið verði til verðs í síðustu þekktu viðskiptum, sem og að horft verði til sjónarmiða um minnihlutaafslátt og seljanleikaafslátt frá upplausnarvirði. Beiting slíkra sjónarmiða leiði til þess að verðið yrði nærri verðinu í síðustu viðskiptum, eins og fram hafi komið í verðmati Deloitte sem Hvalur aflaði í tilefni af málinu. Þá hafa verið dómkvaddir matsmenn til að svara annars vegar spurningum Hvals og hins vegar Ernu.

Gert er ráð fyrir að aðalmeðferð í málinu muni hefjast í héraðsdómi Vesturlands í september næstkomandi. Sá sem fer með málið fyrir hönd hluthafanna þriggja er lögmaðurinn Einar Baldvin Arnason hjá BBA // Fjeldco en þeir sem gæta hagsmuna Hvals í málinu, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, eru lögmennirnir Stefán A. Svensson hjá Juris og Ólafur Arinbjörn Sigurðsson hjá Logos.

Ætla að greiða út 3,5 milljarða til fráfarandi hluthafa Borgunar

Borgun hefur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlits Seðlabankans til að lækka hlutafé kortafyrirtækisins, með greiðslu til fráfarandi hluthafa að fjárhæð rúmlega 3,5 milljarða króna. Tillaga um hlutafjárlækkunina, sem var samþykkt á hluthafafundi Borgunar í lok síðasta mánaðar, felur í sér afhendingu allra eignarhluta í dótturfélaginu Borgun-VS ehf., en það heldur utan um forgangshlutaþréfi Visa Inc., sem Borgun eignaðist þegar fyrirtækið seldi hlut inn í Visa Europe 2016.

Fráfarandi stærstu hluthafar Borgunar eru Íslandsbanki, með 63,5 prósent hlut og Eignarhaldsfélagið Borgun, sem er í eigu meðal annars

Stálskipa og Einars Sveinssonar fjárfestis, með 32,4 prósent hlut.

Fram kemur í skýrslu stjórnar Borgunar vegna tillögunnar, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að samhliða hlutafjárlækkuninni eigi að koma inn nýtt hlutafé með inngreiðslu reiðufjár að fjárhæð 8 milljónir evra, jafnvirði um 1.250 milljóna króna. Verða 5 milljónir evra greiddar samtímis framkvæmd hlutafjárlækkunarinnar og síðan 3 milljónir evra, sem komi til greiðslu innan næstu tólf mánaða.

Það er alþjóðlega greiðslumiðunarfyrirtækið Salt Pay sem leggur Borgun til hið nýja hlutafé, en gengið var formlega frá kaupum félagsins á tæplega 96 prósent hlut í Borgun

642

milljónir var rekstrartap Borgunar fyrstu fimm mánuði ársins.

í gær. Þegar kaupsamningur var undirritaður þann 11. mars síðastliðinn átti kaupverðið að vera 35 milljónir evra, jafnvirði 5,5 milljarða króna á núverandi gengi. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur verðið hins vegar tekið breytingum og er nokkuð lægra en áður var áætlað. Í kaupsamkomulaginu var kveðið á

um að hlutabréfin í Visa Inc. myndu ekki fylgja með, en í ársreikningi Borgunar voru þau bókfærð á rúmlega 3,1 milljarð í árslok 2019.

Markaðsaðstæður á árinu hafa haft neikvæð áhrif á rekstur Borgunar. Þannig kemur fram í skýrslu stjórnar að rekstrartap á fyrstu fimm mánuðum ársins hafi numið 642 milljónum, sem var töluvert meira tap en gert var ráð fyrir í áætlunum. Helstu ástæðurnar eru efnahagsáhrifin af kórónaveirufaraldrinum, lægra vaxtastig og minni notkun á virðisaukandi þjónustu.

Stjórnin segir að félagið hafi brugðist við þessu með hertum lána-reglum til að minnka lánsáhættu og losa lausafé. Þá hafi félagið gert

samning um lánalínu við viðskiptabanka sinn til þess að tryggja nægt aðgengi að lausafé. Eigið fé Borgunar nam 6,7 milljörðum í árslok 2019 en í lok maí hafði það lækkað í 6,46 milljarða. Eiginfjárlutfall félagsins hefur lækkað talsvert frá árslokum – þá var 20,5 prósent – og var 14,69 prósent í lok maí. Að meðtöldu sjálfsmati á eiginfjárbörf eru lágmarkskröfur um eiginfjárlutfall Borgunar 15,3 prósent. „Með því að lækka hlutafé með útgreiðslu eignarhluta í Visa Inc. og hækka hlutafé með inngreiðslu reiðufjár er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfall hækki þar sem eignarhlutur í Visa Inc. er ekki tekin með í eiginfjárlutgreikninga,“ að því er segir í skýrslu stjórnarinnar. – hae

FARTÖLVUR!

ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR



APPLE MACBOOK AIR 2020

- Ótrúlega léttar og þunnar tölvur sem eru aflmeiri en nokkurn tímann áður
- 20% stærri snertiflötur og nýtt Magic lyklaborð
- Skelinn er úr 100% endurunnu áli



acer

ACER NITRO 5

- Yfirgnæfandi afkastageta með 10. kynslóð Intel örgjörva og Nvidia skjá korti
- Nú með DTX:X Ultra hljóðstýringu sem skilar skýrara og kraftmeira hljóði
- KillerConnectivity gerir þér kleift að forgangsraða forritum fyrir notkun á netinu



acer

ACER PREDATOR TRITON 500

- Ótrúlega kraftmikil miðað við stærð
- Notar CoolBoost tækni sem stillir kælinguna eftir þörfum
- 300Hz endurnýjunartíðni sem er allt að 4x meira en í hefðbundnum fartölvum



ASUS

ASUS VIVOBOK 15

- Fæst nú með 10. kynslóð Intel i5 örgjörva
- Rammalaus NanoEdge skjár, nýtir stærðina enn betur
- Með ErgoLift lóm sem lyftir tölvunni örlítið, fyrir aukin þægindi



APPLE MACBOOK PRO 2020

- Tilvalin fyrir þau kröfuhörðustu, hönnuð til að auðvelda vinnuflæði og afköst
- Nú fáanleg með örgjörva sem eykur afköst skjástýringar um allt að 80%
- Nýtt Magic lyklaborð með meiri nákvæmni



ASUS

ASUS EXPERTBOOK

- Ein léttasta 14" fartölvun á markaðnum
- Handhafi RedDot 2020 verðlaunanna
- Rafhlaða endist í allt að 24 tíma

tl.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

TÖLVU
LISTINN



Maria Björk telur að leigumarkaðurinn hér á landi verði faglegri og skipulagðari þegar fram liða stundir. „Hlutdeild þeirra sem eiga til dæmis eina til tvær íbúðir og hafa í útleigu, mun fara minnkandi,“ segir hún.

Rekstur Ölmu orðinn heilbrigður

Tiltekt í eignasafni og stýrivaxtalækkarnir spila vel saman. Nokkur hundruð milljón króna sparnaður vegna lægra vaxtastigs. Eignarhald Ölmu mun taka breytingum innan árs. Alþjóðlega horfa stofnanafjárfestar í auknum mæli til íbúðaleigufélaga.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Rekstur leigufélagsins Ölmu, sem gekk áður undir nafninu Almenna leigufélagið, er „orðinn heilbrigður og sjálfbær“. María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að áhrifa af tiltekt í rekstri, sem staðið hafi yfir undanfarin ár, hafi farið að gæta í fyrra. Rekstur hafi gengið vel það sem af er ári.

Alma á tæplega 1.200 íbúðir. Samkvæmt ársreikningi voru fasteignir fyrirtækisins metnar á 45 milljarða króna við árslok, og tekjur síðasta árs námu um þremur milljörðum króna.

„Alma varð til við sameiningu fimm eignasafna. Fasteignasjóðir í rekstri GAMMA voru sameinaðir undir merkjum Almenna leigufélagsins árið 2016. Sama ár var ráðist í tvær stórar yfirtökur. Það hefur farið mikill tími í að vinna úr eignasöfnunum og taka til í rekstrinum. Eignasöfnin voru í afar misjöfnu horfi. Það varð því að endursemjja um leigu í mörgum tilfellum, selja íbúðir sem hentudu síður okkar rekstri og endursemjja um fjármögnun félagsins. Fjármagns-

kostnaður er stærsti útgjaldaliður leigufélagsins og okkur hefur tekist að lækka fjármagnskostnað verulega.“

Vaxtaberandi skuldir Ölmu voru um 30 milljarðar króna við árslok 2019, samkvæmt ársreikningi. GAMMA annast rekstur leigufélagsins fyrir hönd fjárfesta, en félagið er aftur á móti sjálfstæð eining með eigin skrifstofu, starfsfólk og stjórn. Kvika gekk frá kaupum á GAMMA í fyrra.

Njóta góðs af vaxtalækkunum
Lægra vaxtastig spilar væntanlega stóran þátt í bættem rekstri?

„Það vegur mjög þungt. Við höfum verið svo gæfusöm að 40 prósent af skuldum félagsins eru á breytilegum vöxtum. Alma hefur því notið góðs af vaxtalækkunum síðustu missera. Sparnaðurinn nemur nokkur hundruð milljónum, sem skilar sér í bættri afkomu. Það munar um minna. Þessir tveir þættir: Bættur rekstur og lægra vaxtastig, hafa spilað afar vel saman að undanfögnu.“

Hafið þið endurfjármagnað lán sem ekki eru á breytilegum vöxtum?

„Alma hefur ekki endurfjármagnað lán það sem af er ári. Við biðum eftir því að þau vaxtakjör sem okkur bjóðast muni lækka enn frekar. Að okkar mati á fjármagns-

Varð framkvæmdastjóri leigufélagsins 25 ára

María Björk var 25 ára gömul þegar hún tók við starfi framkvæmdastjóra Ölmu. „Það kom þannig til að ég starfaði áður hjá GAMMA þar sem ég vann við sérhæfðar fjárfestingar. Undir þær féllu fjárfestingar í íbúðarhúsnæði.

Við það öðlast ég mikla þekkingu og reynslu í geiranum og þekkti eignasafnið vel. Þegar kom að því að sameina íbúðasjóði í rekstri GAMMA var mér falið að leiða þá vinnu. Ég er afar þakklát fyrir það traust sem mér var sýnt.“

Að okkar mati á fjármagnskostnaður félagsins að vera lægri en það sem okkur hefur boðist hingað til þegar tekið er tilliti til undirliggjandi áhættu

kostnaður félagsins að vera lægri en það sem okkur hefur boðist hingað til, þegar tekið er tillit til undirliggjandi áhættu. Kjörin munu batna með aukinni þekkingu skulda-bréfafjárfaða á leigumarkaðnum. Við finnum fyrir viðhorfsbreytingu, samhliða bættum rekstri hjá okkur. Rekstur leiguíbúða er nýr eignaflokkur fyrir stofnanafjárfaða. Á undanfögnu árum hafa stóru leigufélögin vaxið hratt til að ná stærðarhagkvæmni og það er

kostnaðarsöm vegferð. Þegar leigumarkaðurinn verður þroskaðri eignaflokkur, munu fjárfestar átta sig á undirliggjandi áhættu og það mun hafa í för með sér lægri fjármagnskostnað.“

Eru þið að sigla inn í þá tíma, eða þarf Alma að sanna sig enn frekar?

„Við teljum að við höfum sýnt það og sannað að við erum góður fjárfestingarkostur. Það sést vel á bættum rekstri. Að sama skapi eru enn mikil tækifæri á að bæta eignasafnið. Í ljósi þess hve vel rekstur leigufélaga hefur gengið í yfirstandandi niðursveiflu í efnahagslífinu, er ég handviss um að COVID-19 muni leiða til þess að stofnanafjárfaða átti sig fyrir á hve leigufélög eru traustur eignaflokkur.“

Geturðu nefnt tölur úr rekstrinum sem endurspeгла bættan rekstur Ölmu?

„Hagnaður fyrir fjármagnsliði,

afskriftir og skatta (EBITDA), jókst um tólf prósent á milli árána 2018 og 2019. Nettó fjármagnsgjöld lækkuðu á sama tíma um ellefu prósent. Við höfum fækkað fermetrum verulega, eða um 10 til 15 þúsund, en gerum engu að síður ráð fyrir því að EBITDA verði svipuð í ár og undanfarin tvö ár, eða á bilinu 1.400 til 1.600 milljónir króna. Til viðbótar mun fjármagnskostnaður halda áfram að lækka verulega. Vegnir, verðtryggðir vextir hafa lækkað frá lokum árs 2017 úr 4,4 prósentum í 3,5 prósent og óverðtryggðir vextir hafa á sama tíma lækkað úr 7,4 prósentum í 4,2 prósent. Þessi breyting skiptir sköpum í okkar rekstri.“

Leigufélög standast COVID-19
Þú nefndir að COVID-19 varpi ljósi á hve traustur eignaflokkur leigufélög eru. Hvaða áhrif hefur COVID-19 á rekstur fyrirtækisins?

„Fram til þessa hafa áhrifin verið lítil. Sömu sögu er að segja af erlendum leigufélögum. Íbúðaleigufélög eru sá angi fasteignamarkaðarins sem hefur komið hvað best út úr efnahagshremmingum af völdum COVID-19.

Vanskil hjá okkur hafa aukist óverulega enn sem komið er. Við tókum frumkvæði í mars og buðum viðskiptavinum sem orðið hafa fyrir tekjumissi vegna COVID-19

Ófyrirséðar hækkanir á fasteignagjöldum grafa undan langtímaleigu

María Björk segir að fasteigna-skattar hafi lengi verið háir á Íslandi í alþjóðlegum saman-burði. Þeir séu stærsti liðurinn í rekstrarkostnaði fasteigna, bæði hjá eigendum íbúðarhús-næðis og atvinnuhúsnaðis. „Það versta við núverandi fyrirkomulag á álagningu fast-eignagjalda er þó hversu lítill

fyrirsjáanleiki er í gjaldtökunni. Fasteignagjöld ráðast annars vegar af fasteignamati sem þjóðskrá gefur út á ári hverju og hins vegar af gjaldskrám ein-stakra sveitarfélaga.

Báðir þessir liðir geta sveifl-ast mikið milli ára og ráðast af veðri og vindum hverju sinni. Afleiðingin er sú að það

er erfiðara að gera áætlanir til lengri tíma, sem dregur úr hvötum til þess að gera lang-tímaleigusamninga og skilar sér í óvissuálagi á leiguverð. Þetta fyrirkomulag er gallað og það er erfitt að hugsa sér að við myndum sætta okkur við sama ófyrirsjáanleika í annarri skatt-heimtu.“

Leigufélögunum var kennt um verð-hækkanir á markaði að ósekju. Umræðan var oft og tíðum ósanngjörn. Einka-rekin leigufélög eru með litla markaðshlutdeild og eru fjarri því að vera í markaðs-ráðandi stöðu.

svo ekki verður um villst, að verð-lagningin á Heimavöllum var í raun markaðsbrestur. Verðlagningin var ekki í samræmi við undirliggjandi eignasafn eða rekstur þess.

Það hefur sýnt sig að leigufélög eru nýr eignaflokkur sem vaxið hefur hratt á undanförnun og þess vegna þekkja íslenskir fjárfestar hann ekki nægilega vel. Það hefur skapast tortryggni gagnvart þeim. Það má rekja til þess að stór leigu-félög hafa gengið í gegnum vaxtar-skeið, eins og ég hefneft áður, sem knúið var áfram af kaupum á stærri eignasöfnum. Það hefur kallað á að vinna hefur þurft betur úr eignum þeirra og það getur verið kostnaðar-samt. Reksturinn hefur því ekki verið í stakk búinn til að sanna sig. Af þeim sökum var það ef til vill ekki rétti tímapunkturinn að fara á markað.

Ég hef ekki trú á öðru en að á þessum tímapunkti myndi leigu-félag á borð við Ölmur standa sig vel á markaði. Fjármálamarkaðir hafa öðlast meiri skilning á rekstrinum og leigufélögin hafa fengið tækifæri til að sanna sig.“

Síðastliðið haust var skipuð ný stjórn yfir Ölmur í stað þeirrar sem GAMMA hafði ráðað saman. Kom hún með nýjar áherslur í reksturinn?

„Fram að þeim tíma hafði verið unnið að því í nokkur ár að skrá Ölmur á hlutabréfamarkað. Við þessi tímamót var horfið frá þeim áform-um, að minnsta kosti um sinn. Það var því tekin ákvörðun um að vinna enn frekar í úrvinnslu á eignasafn-inu og halda áfram að selja eignir sem skiluðu ekki viðunandi ávöxt-un. Að öðru leyti hefur verið unnið eftir okkar stefnu, um að vera fyrsti valkostur fólks á almennum leigu-markaði hér á landi.“

Þú hefur sagt að afkoma stóru leigufélaganna hafi ekki verið við-unandi í einhver ár, vegna þess hve kostnaðarsamt það var að vinna úr eignasöfnunum. Þannig að vandi leigufélaga fólst ekki í því að leiga væri almennt ekki nógu há til að mæta kostnaði við útleigu?

„Nei, það var ekki grunnvandinn í rekstrinum, heldur þurfti að laga tekju- og gjaldahlíð eignasafnanna. Fjármagnskostnaður var sömuleiðis hár.“

Leiguíbúðum fjölgi

Hvernig sérðu leigumarkaðinn þró-ast á næstu árum?

„Leigumarkaðurinn var fyrir hrúnið 2008 um 14 prósent af hús-næðismarkaði. Hlutfallið hefur sveiflast á bilinu 21 til 23 prósent að undanförnun. Áætlað er að leigu-íbúðir séu um 30 þúsund.

Ég hef mikla trú á að leigu-íbúðum fari fjölgandi. Í fyrsta lagi mun íbúum á Íslandi fjölga mikið, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er reiknað með að íbúum fjölgi um 70 þúsund frá árinu 2014 til 2040. Þessi hópur mun þurfa að búa ein-hvers staðar og hluti þeirra verður á leigumarkaði.

Það er alþjóðleg þróun að hlut-

Íbúðir áhættuminni

Hver er munurinn á að fjárfesta í atvinnuhúsnaði og íbúðarhúsnaði?

„Það er áhættuminna að fjárfesta í íbúðum. Allir eru sammála um það. Það helgast af því að íbúðar-húsnaði er nauðsynjavara. Ávöxt-unarkrafan er að sama skapi lægri. Eignirnar eru einsleitari og því er auðveldara að koma þeim í verð en atvinnuhúsnaði, efsvo ber undir.

Það er auðvelt að viðhalda mjög háu nýtingarhlutfalli í vel staðsettu íbúðarhúsnaði. Sömuleiðis er fjöldi viðskiptavina fleiri en í tilviki fast-eignafélaga sem eiga atvinnuhús-næði og því er áhættudreifingin meiri þegar kemur að tekjum. Þessir þættir leiða til þess að það er áhættuminna að fjárfesta í íbúðar-húsnaði.“

Umræðan hefur verið óvægin gagnvart leigufélögunum. Hvernig horfir hún við þér?

„Þetta snýst öðrum þræði um að stór leigufélög voru lengi vel ekki til á Íslandi. Stóru leigufélögin voru stofnuð á sama tíma og það var mik-ill skortur á íbúðarhúsnaði, sem leiddi til skarprar verðhækkunar á íbúðaverði, eða öllu heldur leiðrétt-ingar á verði, eftir miklar lækkanir í kringum hrúnið. Leiguverð fylgdi hækkunum á húsnaðisverði, enda er eðlilega fylgni á milli húsnaðis-verðs og leiguverðs.

Leigufélögunum var kennt um verðhækkanir á markaði að ósekju. Umræðan var oft og tíðum ósann-gjörn. Einkarekin leigufélög eru með litla markaðshlutdeild og eru fjarri því að vera í markaðsráðandi stöðu.

Leigufélögin sem eru ekki hluti affélagslega kerfinu, eru með tíu til tólf prósent af heildarmarkaðnum. Þarna á ég við Ölmur, Heimavelli og nokkur önnur minni félög. Ein-staklingar eru með um 60 prósent af markaðnum og félagslega kerfið um 30 prósent.

Við fundum mikinn meðbyr og umræðan batnaði þegar við höfum að bjóða sjö ára leigusamninga sem fylgja vísitölu neysluverðs. Það skapar meiri fyrirsjáanleika fyrir viðskiptavini og eykur húsnaðis-öryggi þeirra. Það er góður kostur fyrir þá sem ætla að vera til lengri tíma á leigumarkaði.“

Með hvaða hætti er hægt að stuðla að lægra leiguverði á Íslandi?

„Það þarf fyrst og fremst að skapa umgjörð fyrir skilvirkan hús-næðismarkað, til þess að ýta undir jafnvægi milli framboðs og eftir-spurnar, en við þekkjum því miður að sveiflur á húsnaðismarkaði hér á landi hafa verið miklar. Það er mikilvægt að allir hagsmunaaðilar fari að hugsa til lengri tíma, enda er húsnaði í grunninn langtímaffjár-festing. Ríkari aðkoma stofnana-fjárfesta að fjármögnun faglegra íbúdaleigufélaga, væri jákvætt skref til þess að tryggja frekari stöðug-leika á þessum hluta markaðarins.

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til þess að liðka fyrir þeirri þróun, en til dæmis tel ég að það væri til mikilla bóta efinnleidd væri svokölluð REIT-löggjöf á Íslandi. REIT (Real Estate Investment Trust) er félagaform sem er sérstaklega hannað fyrir tekjuberandi fast-eignasöfn. Sífellt fleiri lönd hafa sett upp einhvers konar REIT-regluverk. Algeng einkenni REIT-sjóða eru þröngar fjárfestingarheimildir, þar sem slík félög mega nánast einungis fjárfesta í fasteignum, skilyrði um dreift eignarhald með lágmarks-fjölda hluthafa og skilyrði um arð-greiðslur, sem nema oft um 90 pró-sentum af hagnaði fyrir tekjuskatt.

Kosturinn við REIT-fyrirkomu-lagið er það að sjóðirnir eru ekki sjálfstæðir skattaðilar og er afkom-an greidd beint til eigenda og skatt-lögd hjá þeim, samkvæmt þeim reglum sem gilda fyrir hvern og einn. Þá er um að ræða þekkt form sem er vinsælt í alþjóðlegum eigna-söfnum og skilgreint sem sérstakir eignaflokkar af matsfyrirtækjum. Þannig getur REIT-löggjöf laðað að innlenda sem erlenda stofnanaffjár-festa og ýtt undir seljanleika og skil-virkni á markaðnum.“

að dreifa og fresta leigugreiðslum. Þremur mánuðum seinna höfum við samið um greiðsludreifingu á því sem nemur einu prósentí af árs-tekjum Ölmur. Það er afar lítið. Ekki hefur heldur dregið úr eftirspurn eftir traustu leiguhúsnaði, heldur hefur sjaldan verið jafnmikið að gera hjá okkur.“

Sérðu fram á að leiguverð muni lækka á næstunni?

„Vísitala leiguverðs á höfuðborg-arsvæðinu lækkaði um tvö prósent á milli mánaða í maí, en hefur staðið í stað á nafnverði undanfarna tólf mánuði. Það er eðlilegt að leigan muni lækka lítilllega, einkum á svæðum sem COVID-19 hefur leikið grátt efnahagslega. En þær lækkanir munu hafa óveruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins. Alma er með stórt og dreift eignasafn. Við sjáum ekki fram á að nýtingarhlutfall okkar muni lækka mikið, og það skiptir okkur meira máli en verðlækkanir.“

Nýtingarhlutfall Ölmur var 95 prósent undanfarin tvö ár, að því er fram kemur í ársreikningi. María Björk segir að hluta af vannýttu húsnaði megi rekja til úrvinnslu á eignasöfnum. „Við teljum okkur geta aukið nýtinguna enn frekar.“

Vel staðsettar íbúðir

Hvar eru íbúðir Ölmur staðsettar á landinu?

„Langstærsti hluti íbúðanna er á suðvesturhorninu. Þar hefur áhersla okkar legið. Við höfum einkum beint sjónum okkar að höfuðborgarsvæðinu. Hátt hlutfall af eignasafninu eru afar vel stað-settar íbúðir í pósthúmerum 101 til 108 í Reykjavík. Við höfum lengi haft miðbæjarbrag á eignasafninu.“

Við árslok 2019 voru 65 prósent

gir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dregur úr útflutningi á ferskum fiski

Fiskútflytjendur bregðast við breyttum markaðsaðstæðum með aukinni sölu á frystum afurðum. Matvöruverslanir í Bandaríkjunum og Bretlandi hafa margar lokað fiskborðum. Erfitt að koma ferskum afurðum lengra en til austurstrandar Bandaríkjanna.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Samfara miklu uppnámi í flugsamgöngum, en ekki síður breyttu eftirspurnarmynstri, hafa íslenskir fiskútflytjendur dregið úr sölu á ferskum sjávarafurðum til útlanda. Veitingastaðir og hótel hafa dregið mjög úr kaupum á ferskum afurðum og erlendar matvöruverslanir hafa í einhverjum tilfellum lokað fiskborðum með fersku sjávarfangi.

Samdráttur í sölu ferskra sjávarafurða kann að ganga til baka að einhverju leyti þegar flugsamgöngur komast í eðlilegra horf og aðgerðum stjórnvalda víða um heim vegna kórónaveirunnar verður aflétt, en varanleg breyting á neyslumynstri í þessum efnum kynni þó einnig að vera í kortunum, segja viðmælendur Markaðarins.

Vesturströndin lokar

„Sala á ferskum fiski hefur dregist mikið saman í Evrópu, en minna í Bandaríkjunum. Ícelandair hefur haldið flugleiðinni til Boston gangandi og því hefur verið hægt að koma afurðum til austurstrandar Bandaríkjanna,“ segir Kjartan Ólafsson, sölustjóri frystra afurða hjá sölufyrirtækinu Bacco.

Öðru máli gegnir hins vegar um vesturströnd Bandaríkjanna. Útflutningur var þá þegar orðinn erfiðari við gjaldþrot WOW í lok mars 2019, en engu að síður höfðu íslensk fyrirtæki náð að byggja upp markaði, til dæmis í stórborginni Los Angeles.

Eitt þeirra fyrirtækja er Nice-land sem sérhæfir sig í sölu ferskra sjávarafurða undir eigin vörumerki. Helstu viðskiptavinir Niceland á austurströndinni eru veitingahús og matvöruverslanir. Veitingahúsa-markaðurinn hvarf eins og dögð fyrir sölu í mars og apríl, að sögn framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Heiðu Kristínar Helgadóttur.

„Veitingastaðir í Los Angeles, svo dæmi sé tekið, hafa margir hverjir ekki opnað aftur. Einnig ber á því nú að þeir sem kaupa inn í þessum fyrirtækjum, vilja heldur kaupa ferskan fisk sem er veiddur í bandarískri eða kanadískri lögsögu, þar sem þeir telja afhendingaröryggið meira þannig,“ segir Heiða Kristín. Niceland hefur á síðustu vikum stóraukið vöruframboð sitt af frystum afurðum, til að bregðast við ríkjandi aðstæðum.

Sindri Már Atlason, sölustjóri ferskra afurða hjá Brimi, segir að veitingastaðakeyja sem sérhæfi sig



Tilraunir íslenskra útflytjenda til að koma ferskum afurðum lengra innanlands í Bandaríkjunum með kælitrukkum, hafa gengið upp og ofan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í sjávarfangi og kaupi jafnan töluvert af fiski hjá Brimi, hafi aðeins að hluta opnað aftur eftir að lokað var í apríl og starfi nú aðeins á hálfum afköstum.

Sindri segir að ýmislegt hafi verið reynt meðal íslenskra útflytjenda til að halda markaðshlutdeild þeirra utan vesturstrandar Bandaríkjanna: „Einhverjir hafa verið að reyna að fljúga ferskum fiski til Boston og keyra hann svo áfram í kælitrukkum til fjarlægari áfanga- staða.“

„Bandaríkin eru bara svo stór að slíkt getur verið mjög kostnaðarsamt. Þetta er allt orðið dýrara og erfiðara. Svo hafa tilraunir til að tengja saman fraktflutninga með tveimur flugfélögum reynst áhættusamar, þar sem flugum var mikið aflýst þegar faraldurinn stóð sem hæst. Ferskt sjávarfang er ekki lengi að skemmast þegar það situr í sumarsólinni úti á flugvelli,“ segir hann.

Fiskborðin skella í lás

Aðgerðir stjórnvalda til að hamlu útbreiðslu kórónaveirunnar sneru meðal annars að því að tryggja

Minna magn flutt út

Á fyrstu fimm mánuðum þessa árs dróst útflutt magn sjávarafurða saman um 18%, miðað við sama tímabil í fyrra, samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands. Útflutningsverðmæti dróst þó ekki jafn mikið saman í krónum talið, eða um um 7%. Má að einhverju leyti rekja það til veikara

gengis krónunnar, en að sama skapi hærra afurðaverðs. Mælt í erlendra mynt, fékkst að meðaltali 5% hærra verð fyrir útfluttar sjávarafurðir á fyrstu fimm mánuðum ársins, samkvæmt greiningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

fjarlægð milli fólks, til að draga úr líkum á snertismiti. Það dró dilk á eftir sér við rekstur matvöruverslana. Víða voru miklar takmarkanir á því hversu oft fólki var leyft að yfirgefa heimili sitt til að versla inn mat fyrir heimilið og hömlur á samskiptum starfsfólks verslana og viðskiptavina höfðu sitt að segja.

„Í Bretlandi sjáum við til dæmis að mikið af dagvöruverslunum hafa hreinlega lokað fiskborðunum hjá sér. Sainsbury's hafa til dæmis gert það,“ segir Kjartan. Sainsbury's voru með riflega 15% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði á Bretlandseyjum árið 2019.

Sama var uppi á teningnum víða

í Bandaríkjunum, að sögn Heiðu Kristínar, en matvöruverslanir á austurströnd Bandaríkjanna hafa lokað fiskborðum sínum í stórum stíl.

Fiskborð eru þó áfram opin í Frakklandi, að sögn Sindra. Þar hefur sala að mestu haldist í horfinu.

Minna fer af frosnum ufsa

Þrátt fyrir að höggið sem íslenskir útflytjendur hafi orðið fyrir sé einna helst í ferskum afurðum, er einnig dæmi um minni eftirspurn ákveðinna frystra afurða.

Eitt slíkt dæmi er frosinn ufsi. Bacco er með sterka stöðu í sölu á frosnum ufsa til hótellekja á Spáni

og Kanaríeyjum, sem og til Tyrklands og Grikklands. Verð hefur fallið um 25-30% og salan gengur hægt, enda fáir ferðamenn á þessum stöðum.

„Á sama tíma sjáum við að aðeins um helmingur ufsakvótans hefur verið veiddur á Íslandi og nýtt kvótaár hefst eftir tvo mánuði,“ segir Kjartan hjá Bacco.

Kvikur bransi

„Margir hafa dregið úr framleiðslu á ferskum afurðum og skipt yfir í frýstar eins og hægt er og aðrir hafa dregið úr afköstum,“ segir Sindri hjá Brimi. Það er þó lán í oláni fyrir Brim, að um þessar mundir er aðal- fiskvinnsla félagsins við Norður- garð ekki starfrækt vegna endurnýjunar á tækjakosti, sem hafði verið ákveðin löngu áður: „Íslenskur sjávarútvegur hefur sýnt fram á það nú sem áður, að greinin býr yfir mikilli aðlögunarhæfni og þannig hafa vinnslur getað aukið hlutdeild frýstingar á kostnað ferskvinnslu eftir þörfum. Að sama skapi verður hægt að sinna ferskfiskmörkuðum aftur eins og aðstæður leyfa hverju sinni,“ segir Sindri.

Stórar bílaleigur hafa ekki þurft sértækar aðgerðir í lánamálum

Forstjórar Hertz og Höldurs, sem eru á meðal stærstu bílaleiga landsins, segja að fyrirtækin hafi ekki þurft sértækar aðgerðir í lánamálum í tengslum við COVID-19 aðrar en að fresta greiðslu lána, eins og öðrum fyrirtækjum hafi staðið til boða.

Sigfús Bjarni Sigfússon, forstjóri Hertz, segir í samtali við Markaðinn að það varpi ljósi á það traust sem lánveitandi bílaleigunnar hafi á fyrirtækinu, að hann hafi nýverið lánað fyrir kaupum á tæplega 400 bílum.

Efnahagsreikningur bílaleiga er stór og kaup á bílum eru fjármögnuð með aðstoð lánastofnana. Árið 2018 námu eignir Höldurs, sem starfar undir merkjum Europcar og Bílaleigu Akureyrar, 14,6 milljörðum króna og vaxtaberandi skuldir voru tæplega 13 milljarðar. Sama ár

námu eignir Hertz 5,6 milljörðum króna og skuldir voru tæpir fjórir milljarðar króna. Um er að ræða nýjustu opinbera ársreikninga fyrirtækjanna.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Höldurs, segir í samtali við Markaðinn að fyrirtækið, sem hefur verið í rekstri frá árinu 1966, hafi sterka stöðu á innanlandsmarkaði. „Það hjálpar okkur,“ segir hann. Á heima- markaði sé mikið um skammtímaleigu, langtímaleigu og auk þess hafi Höldur samning við Ríkiskaup.

Að hans sögn hafi aðalmálið í rekstrinum að undanfögnu lotið að því að semja við bílaumboðin, um að þurfa ekki að kaupa 1.300 bíla sem Höldur hafði pantað en hafði ekki not fyrir, vegna breyttra aðstæðna í kjölfar COVID-19. Ásamt því að starfsmannafjöldi taki mið af breyttu umfangi.



Fáir ferðamenn eru á Íslandi, vegna COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Steingrímur segir að í ljósi þess að bílaleigubílunum verði ekið minna, sé handhægt að lengja í lánunum,

enda mun endingartími bílanna lengjast að sama skapi.

Höldur rekur einnig bílasölu,

bílaverkstæði, dekkjaverkstæði og er í fasteignarekstri. Mestu umsvifin eru hjá bílaleigunni.

Sigfús Bjarni segir að Hertz sé stöndug bílaleiga, sem hafi verið í rekstri í 48 ár. Bankinn hafi sýnt því skilning að lítið verði um ferðamenn á næstunni. „Bankinn hefur veitt okkur, eins og mörgum öðrum, greiðslufrest,“ segir hann.

Hann segir að Hertz hafi gengið vel að selja notaða bíla úr flotanum að undanfögnu og að meiri ásókn sé í langtímaleigu en áður, enda séu fleiri Íslendingar á landinu en alla jafna.

Sigfús segir að Hertz hafi pantað tæplega þúsund bíla. en eftir að COVID-19 braust út, var samið við bílaumboðin um að kaupa þess í stað 400 bíla í ár. Þar spili inn í að bílaframleiðendur lokuðu verksmiðjum um tíma og gátu því ekki afhent bíla. helgivifill@frettabladid.is

Gerir upp ættaróðal nálægt Selfossi

Svipmynd

Tómas Þóroddsson

Nám: Matreiðslumaður frá gamla hótél- og veitingaskólanum.
Störf: Yfirmatreiðslumaður, verslunar- stjóri og sölumaður.

Fjölskylduhagir: Trúlofaður Idu Sofíu Grundberg.

Börn: Hildur Svava, Ísak Eldjárn, Gabriella og Lísbet Dögg.

Veitingamaðurinn Tómas Þóroddsson, sem á og rekur Kaffi Krús og Vor á Selfossi, keypti nýverið veitingastaðinn Messann í Lækjargötu. Áfram verður lögð megináhersla á ferskan fisk og upplifunin fyrir gesti verður hin sama og fyrir lokun.

Tómas, sem er mikill áhugamaður um knattspyrnu, hefur verið í framkvæmdahug að undanfögnu og meðal annars byggt 80 fermetra eldhús við Kaffi Krús, gert Vor að snertilausum stað, og er að gera upp ættaróðal sem er um 20 mínútna akstur frá Selfossi. Auk þess hefur hann hug á að opna sjávarréttastað í nýja miðbænum á Selfossi.

Hver eru þín helstu áhugamál? Knattspyrna.

Næðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Já, það hefur tekist ágætlega í seinni tíð. Við förum mikið á veitingastaði og ferðumst saman. Ég var að kaupa ættaróðalið Skógsnes, sem er um 20 mínútur fyrir utan Selfoss. Er að gera það upp og þar munum við vonandi njóta meiri samverustunda.



Tómas Þóroddsson, sem keypti nýverið Messann á Lækjargötu, hefur hug á að opna sjávarréttarstað í nýja miðbænum á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanfögnu miss- erum?

Það er auðvitað veitingarekstur í COVID-19, það þarf að aðlaga allt að gjörbreyttu umhverfi.

Hverjar eru áskoranirnar í rekstrarumhverfinu og hvernig hefur þú tekist á við þær?

Áskoranir hafa verið margar í ár.

Ég notaði tímann í að byggja 80 fermetra við eldhúsið á Kaffi Krús og keypti nýtt eldhús frá Þýskalandi.

Ég notaði tímann í að byggja 80 fermetra við eldhúsið á Kaffi Krús og keypti nýtt eldhús frá Þýskalandi. Ég gerði Vor að alveg snertilausum stað. Svo var ég að kaupa Messann Lækjargötu.

Hvers vegna keyptir þú Messann? Messinn í Lækjargötu hefur lengi verið einn af mínum uppáhaldsstöðum. Ég hef hug á að opna

sjávarréttastað í nýja miðbænum á Selfossi og Messinn smellpassaði inn í þá mynd.

Á að gera einhverjar breytingar eða halda í horfinu?

Við munum halda „konseptinu“ og taka reksturinn í gegn.

Ef þú þyrftir að velja annan starfs- frama, hvað yrði fyrir valinu?

Rithöfundur.

Stjórnandi í umbreytingu einn á báti

Mennta þarf stjórn fyrirtækja, rétt eins og starfsmenn, til að takast á við stafræna umbreytingu. Stjórnendur geta gert þau mistök að horfa á stafræna umbreytingu í kubbum, en ekki heildstætt. Íslendingar geta verið fljótir til þegar vegferðin hefst af krafti.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Fyrirtæki eiga það til að gera þau mistök að ráða einhvern til að stýra stafrænni umbreytingu á rekstrinum, en starfsmaðurinn verður síðan einn á báti í vegferðinni. Það gerir það að verkum að hann á erfitt með að vinna vinnustaðamennunguna á sitt band. „Yfirleitt er vinnustaðamenningin stærsti þröskuldurinn í umbreytingarverkefnum,“ segir Eypór Ívar Jónsson, lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS), sem jafnframt er í forsvari fyrir stjórnendaskólann Akademias. Skólinn býður meðal annars upp á námskeiðið Leiðtogiinn og stafræn umbreyting.

Eypór Ívar, sem kennir meðal annars námskeiðið Viðurkenndir stjórnarmenn, segir að það þurfi að mennta stjórn fyrirtækja, rétt eins og starfsmenn, til að þeir hafi getu til að takast á við verkefnið. „Það er oft þannig að enginn skilur þann sem á að sjá um stafræna umbreytingu og þá einangrast hann,“ segir lektorinn og nefnir að stjórnin verði að vera samræðuhæf um framtíðarstefnu fyrirtækisins, „því að lokum er það stjórnarinnar að taka



Eypór Ívar segir að Kínverjar búi í allt öðrum stafrænum heimi en Vesturlandabúar. „Þeir nota allt aðra miðla,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er um að gera að nýta fólk sem þekkir þennan heim vel en er ekki í lykilstöðum. Stafrænt læsi er ekki háð stöðu innan fyrirtækisins.

ákvörðun um stefnuna.“

Hann segir að til að fá starfsfólkið með í vegferðina þurfi að leyfa því að taka þátt í henni, svo starfsfólki finnist það vera hluti af vinnunni. „Það er um að gera að nýta fólk sem þekkir þennan heim vel, en er ekki í lykilstöðum. Stafrænt læsi er ekki háð stöðu innan fyrirtækisins,“ segir hann og nefnir að slíkir starfsmenn geti verið kyndilberar, sem hjálpi öðrum að skilja vegferðina.

„Það er mikilvægt að búa til slíka menningu,“ segir Eypór Ívar og bætir við að því fleiri kyndilberar innan fyrirtækisins sem samstarfsmenn horfi til, því hraðar gangi umbreytingin.

Hugsað í „kubbum“

Hann segir að fyrirtæki eigi það til að gera þau mistök að horfa á stafræna umbreytingu í „kubbum“, eins og að færa tiltekið verkefni á stafrænt form, í stað þess að horfa heildstætt á stafræna umbreytingu fyrirtækisins og spyrja hvaða áhrif hún hafi á reksturinn. Enda snúist umbreytingin um að skapa verðmæti fyrir viðskiptavinum til framtíðar.

Eypór Ívar segir að það hafi vant að „talsvert upp á að Íslendingar séu stafrænt þenkjandi,“ borið saman við Norðurlöndin. Það sé okkur „þó til happs að við séum yfirleitt fljótari í umbreytinguna,“ þegar við kveikjum á perunni. Íslendingar vinna hratt og „hjarðhegðun gerir það verkum að allir eru komnir í bátinn, þegar hafist er handa af kappi.“

Á námskeiðum Akademias er fengið leiðandi fólk á sínu sviði til að miðla af reynslu sinni. Oft flytji 20 forstjórar, stjórnarmenn, sérfræðingar og aðrir erindi, ásamt því að kennari miðli fræðilega hlutanum, til að skapa heildstæða sýn á námsefnið.

Purfa Asíu-þjálfun

Akademias verður til dæmis með námskeið í haust um tækifæri í Kína og stafræn viðskipti. Eypór Ívar segir að í Danmörku hafi viðskipti verið byggð upp með skipulögðum hætti, við Kína og önnur lönd í Asíu. Það hafi ekki verið mikið um það hérlandis, nema í tilviki fiskútflutnings. „Kína er stórveldi og skiptir máli í viðskiptalegu samhengi. Það er mikilvægt að þjálfra íslensk fyrirtæki og stjórnendur þeirra um þennan heim.“

Eypór Ívar segir að Kínverjar búi í allt öðrum stafrænum heimi en Vesturlandabúar. „Þeir nota allt aðra miðla,“ segir hann. Til að markaðssetja til Kínverja þurfi að nota aðra samfélagsmiðla og verslanir þurfi að bjóða upp á greiðslumiðlanir sem Kínverjar kjósi að nota, annars sé hætt á að þeir leiti annað.

Hann segir að áherslur Akademias séu talsvert aðrar en þekktast áður á Íslandi. Um sé að ræða eins konar fyrirtækjaskóla, sem hjálpi til við að þjálfra og mennta starfsmenn til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Skólinn eigi ekki í beinni samkeppni við aðra á markaðnum. „Ég lit á okkur sem kjörinn samstarfsaðila við fyrirtæki og háskóla,“ segir Eypór Ívar og nefnir að hann hafi lagt áherslu á umbreytingu í menntun, í sínu starfi hjá CBS og það geri hann einnig hjá Akademias.

Skotsilfur



Frá Valitor til Heklu

Halldór Bjarkar Lúðvígsson, sem var áður framkvæmdastjóri hjá Valitor þar sem hann stýrði alþjóðlegum fjárfestingum félagsins í svonefndum alrásarlausnum, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Heklu bílaumboðs. Halldór lét af störfum hjá Valitor í lok síðasta árs, ásamt nokkrum öðrum framkvæmdastjórum, en greiðslumiðlunarfyrirtækið vinnur nú að endurskipulagningu á félaginu til að snúa við miklum taprekstri og styrkja kjarnastarfsemina. Áður en Halldór tók til starfa hjá Valitor var hann framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs og fyrirtækjaþjónustu Arion banka.



Skafið úr Orkuveitunni

Enn og aftur er slök fjárhagsstjórn Reykjavíkurborgar til umræðu og enn og aftur ætlar meirihlutinn að seilast í fjármuni Orkuveitu Reykjavíkur. Eftir að fjárhagur OR beið mikið skipbrot í kjölfar fjármálakreppunnar 2008, var ein niðurstaðna rannsóknarskýrslu um fjárhag orkufyrirtækisins, að arðgreiðslustefna fyrirtækisins hafi verið kolröng. Með öðrum orðum: borgin, undir forystu **Dags B. Eggertssonar**, tók of mikið fé út úr fyrirtækinu og því var það illa í stakk búið til að bregðast við lausafjárvandæðum. Nú á að láta OR taka nýtt lán til að gera upp skuldir gagnvart borginni. Hvar höfum við heyrt þetta lag áður?



Kakó-Blanda

Minnkandi eftirspurn raforku á Íslandi hefur í för með sér ýmsar neikvæðar afleiðingar. Tekjufall Landsvirkjunar gæti orðið umtalsvert á þessu ári, ef marka má orð **Harðar Arnarsonar**, forstjóra fyrirtækisins. Þegar eftirspurn raforku minnkar, er allra fyrst dregið úr framleiðslu vatnsaflsvirkjana. Nú er svo komið að Blönduvirkjun mun líklegast fara á yfirfall í þessum mánuði, stangveiðimönnum til mikillar armæðu. Veiðiklær landsins þurfa því að leggjast á eitt og nota meira rafmagn – skilja ljósin eftir kveikt á nóttunni (það er hvort sem er bjart úti), hafa sem mest kveikt á sjónvarpinu og taka tvær umferðir á öllu leirtaui í uppþottavélinni.



Bjartsýnir á að Wigan fái nýja eigendur til að koma í veg fyrir gjaldþrot



Umsjónarmenn með nauðasamningum enska knattspyrnuliðsins Wigan eru þess fullvissir að nýir hluthafar muni koma að félaginu. Fimmtíu fjárfestar hafa lýst yfir áhuga og tveir sýnt að þeir ráði yfir að minnsta kosti tíu milljónum punda. Wigan er þriðja knattspyrnuliðið á Englandi sem fer í nauðasamninga á þessu leiktímabili. Áhorfendur mega ekki mæta á völinn til að horfa á leiki og því er erfitt að fjármagna reksturinn. MYND/AFP

Betra er að róa, en reka undan



Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Það væri að æra óstöðugan að byrja þennan pistil á því að minna á mikilvægi þess að grípa til aðgerða til að sporna við áhrifum manna á umhverfi sitt. En það er hér með gert og er það þá frá. En þá að eiginlegu efni pistilsins: samstarfi stjórnvalda og sjávarútvegs til að tryggja að markmið Íslands í loftslagsmálum náist. Samstarf þetta var undirritað á sólrikum föstudegi í fyrri viku og gefur dagurinn vonandi góð fyrirheit um árangur í því sem fram undan er.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, lét þau orð falla við þetta tilefni að allir væru hluti af vandanum og því yrðu allir að verða hluti af lausninni. Það eru orð að sönnu. Eðli máls samkvæmt verður þó framlag sumra geira atvinnulífsins meira en annarra og misjafnt er hversu góð tækifæri atvinnuvegir hafa til að draga úr áhrifum á umhverfið.

Stærstu tækifærin Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi gáfu út skýrslu haustið 2017 þar sem gerð er grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í samdrætti í olíunotkun í sjávarútvegi. Samdrátturinn er mikill og frá árinu 2005 hefur hann verið 41%. Margir samverkandi þættir skýra þetta, en þeir stærstu eru vafalítið kerfið sem viðhaft er við veiðar á Íslandsmiðum, færri og afkastameiri skip, orkuskipti í

fiskimjölsverksmiðjum, hagkvæmari veiðarfæri og framfarir í tækni. Hvað sem mönnum kann að finnst um fiskveiðistjórnunarkerfið, þá hefur það leitt til mun umhverfisvænni veiða og minni olíunotkunar. Losun frá sjávarútvegi hér á landi, bæði frá íslenskum og erlendum fiskiskipum, er um fimmtungur þess sem skrifast á ábyrgð Íslands. Af þessu sést hversu mikilvægt það er að draga úr losun í sjávarútvegi og hve mikilsvert framlag sjávarútvegs getur orðið, ef rétt er á málum haldið.

Í aðgerðaaætlun stjórnvalda er stefnt að því að samdráttur í losun frá sjávarútvegi verði um 50-60% árið 2030, miðað við árið 2005. Að sumu leyti mun þetta hugsanlega gerast með betra ástandi fiskistofna og þar með auðveldari sókn.

Stærstu tækifærin eru hins vegar í endurnýjun skipaflotans og nýrri tækni. Blómleg fjárfesting er hér lykilforsenda samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Rekstrar-skilyrði sem sjávarútvegi eru sett af hálfu stjórnvalda, þurfa því að hvetja til frekari fjárfestinga. Það er ekki bara til að draga úr umhverfisáhrifum af veiðum, heldur einnig til þess að íslenskur sjávarútvegur standist alþjóðlega samkeppni á erlendum markaði, þar sem um 98 prósent af íslensku sjávarfangi eru seld.

Dregur úr samkeppnishæfni Á grundvelli fyrrgreinds samstarfs, hefur fjármála- og efnahagsráðherra skipað starfshóp sem mun vinna með fulltrúum sjávarútvegsins að tillögum til að draga úr losun

Blómleg fjárfesting er hér lykilforsenda samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda.

og auka kolefnisbindingu. Binda má vonir við að eitt fyrsta umræðuefni hópsins verði kolefnisgjaldið. Árið 2019 greiddi sjávarútvegur tæplega 2 milljarða króna í kolefnisgjald. Það má hafa á því vissan skilning að gjaldinu sé ætlað að hvetja til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Í einhverjum tilvikum kann það að gera það, en þó ólíklega í verulegum mæli. Fram hjá því verður ekki litið, að sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur okkar Íslendinga og enn er ekki komin staðgönguvara sem nýta má alfar-ið í stað jarðefnaeldsneytis þegar kemur að fiskveiðum. Og það er vonandi ekki markmið stjórnvalda að draga úr fiskveiðum.

Að óbreyttu gerir kolefnisgjaldið lítið annað en að draga úr samkeppnishæfni sjávarútvegs og aftra fyrirtækjum frá fjárfestingum sem gætu leitt til samdráttar í losun. Stærstu framfaraskrefin í loftslagsmálum verða með öðrum orðum ekki stigin með áframhaldandi skattheimtu. Ef allir eiga að vera hluti af lausninni, líkt og fjármála- og efnahagsráðherra reifaði í fyrri viku, þá munu stjórnvöld vonandi huga að jákvæðum, efnahagslegum hvötum í sjávarútvegi, þannig að göfugum markmiðum í loftslagsmálum verði náð. Ef rétt er á spilum haldið, er áðurgreint markmið um 50-60 prósentu samdrátt í losun frá sjávarútvegi nefnilega innan seilingar.

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS- HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.



SKOÐUN

Þórður
Gunnarsson



Freki kallinn Kári Stefáns?

Nú þegar Íslensk erfðagreining hefur sagt sig frá þátttöku í kórónaveiruskimun komufarþega á Keflavíkurflugvelli, hefur ekki staðið á fyrirsjáanlegri hneykslun ákveðinna hópa samfélagsins. Ekki leið á löngu þar til Kára Stefánssyni var lýst sem „freka kallinum“ á samfélagsmiðlum, en það er staðlaður frasi sem er einkum notaður af karlmönnum með lítið sjálfstraust, til að lýsa vanþóknun á kynbræðrum sínum – þeim sem hafa til dæmis notið fjárhagslegrar velgengni, þeim sem hika ekki við að lýsa skoðunum sínum á afdráttarlausan hátt eða þeim sem dirfast að gæta viðskiptahagsmuna sinna.

Allt þrennt á við Kára Stefánsson og því liggur hann vel við höggi hneykslunarhersins á netinu.

Framlag Íslenskrar erfðagreiningar, ÍE, í baráttunni gegn faraldrinum, er vart hægt að meta sem skyldi. Fram kom í viðtali Bylgjunnar við Sigurð Guðmundsson, fyrrverandi landlækni, að kostnaður við skimun komufarþega á Keflavíkurflugvelli hefði líklegast kostað um 350–400 milljónir hingað til – „að vísu borgað af ÍE að mestu leyti,“ sagði landlæknir emeritus.

Ef lítið er til heildarumfangs framlags ÍE frá upphafi aðgerða í mars, væri það varfærnislega ályktað að kostnaður fyrirtækisins sé vel á annan milljarð króna. En nú þegar stjórnendur fyrirtækisins telja það ótækt að taka frekari þátt í skimuninni í Keflavík, vegna þess að hefðbundinn rekstur ÍE hefur setið á hakanum mánuðum saman, er það frekja og eigingirni? Sökin liggur bara hjá stjórnvöldum að vera ekki löngu búin að gera þjónustusamning við ÍE.

Einnig hefur verið nefnt að brotthvarf ÍE frá Keflavík sýni að ótækt sé að einkaaðilar eigi aðild að rekstri heilbrigðismála. Rangt. Aðkoma ÍE sýnir að einkaaðilar eru betur í stakk búnir til að bregðast við aðstæðum sem þessum. Það þarf ekki að líta á annað en tölfræði skimana, þar sem kemur í ljós að ÍE tók og greindi margfalt fleiri sýni en veirufraðideild Landspítalans. Er það þó ekki sagt til að kasta rýrð á heilbrigðisstarfsfólk á vegum hins opinbera, sem gerir auðvitað alltaf sitt besta eftir því sem mannaflí og vinnuaðstæður bjóða upp á.

Raunar má segja að ákvörðun ÍE, að hætta skimun í Keflavík, sé holl lexía fyrir stjórnvöld. Nú þarf að bregðast hratt við og þá duga engir starfshópar, verkefnastjórar eða stýrinefndir til. Þaðan af síður vettlingatök.

Og svo því sé til haga haldið, þá er alveg öruggt að þegar saga kórónaveirufaraldursins á Íslandi verður skrifuð, mun þáttur Kára Stefánssonar og Íslenskrar erfðagreiningar reynast ómetanlegur – jafnvel fordæmalaus.

Óbreyttur hagnaður þrátt fyrir loðnubrest

Hagnaður Ísfélags Vestmannaeyja var riflega 10 milljónir dalir á síðasta ári, samkvæmt nýbirtu uppgjöri félagsins. Þrátt fyrir loðnubrest síðasta árs dróst hagnaður félagsins saman um aðeins 1,7 prósent milli ára. Ísfélagið á fimmtung aflamarks loðnu.

Sé lítið til rekstrartekna Ísfélagsins eru ummerki loðnubrests síðasta árs augljós. Rekstrartekjur drögust saman um 28 prósent og námu 67,8 milljónum dali á síðasta



Guðbjörg
Matthíasdóttir

ári. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta dróst saman um 16 prósent milli ára, en hlutfall rekstrarhagnaðar af heildartekjum hækkaði þó milli ára og hljóðaði upp á 25,5 prósent, samanborið við 21,9 prósent á árinu 2018.

Eigið fé Ísfélagsins í árslok var 143,7 milljónir dala og eiginfjárhlutfall rúmlega 50%. Bókfært virði aflaheimilda Ísfélagssamstæðunnar var metið 125,6 milljónir dala í árslok 2019. – thg

06.07.2019



Framlag Íslenskrar erfðagreiningar í baráttunni við COVID-19 er ómetanlegt. Það vitum við öll og það verður seint fullpakkað.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.



Laugarnar í Reykjavík



Sumar
samflot



Miðvikudagskvöld í sumar kl. 20–21

8. júlí

Grafarvogslaug

Flot með jóga

15. júlí

Sundhöll

Tónleikaflot með neðansjávartónlist

22. júlí

Árbæjarlaug

Flot með tónheilun

29. júlí

Vesturbæjarlaug

Vatnadans og flot

5. ágúst

Breiðholtslaug

Flot með jóga

15. ágúst

Ylströnd

Rósabað og samflot

FLOT
HETTA



www.itr.is



Slepptu streitunni í sumarfríinu

Finnst þér erfitt að slaka á í fríinu? Dekraðu við þig og forðastu áreiti, slakaðu á og hvíldu þig. Veturinn hefur verið erfiður og nú má njóta. Það er margt og mikið skemmtilegt í boði um allt land.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þótt ekki verði haldið til útlanda á þessu sumri er svo ótrúlega margt skemmtilegt hægt að gera innanlands. Sumarbústaðferð með fjölskyldunni með tilheyrandi grillveislu, eða gönguferðum í náttúrunni í falllegu veðri. Það er slakandi að vera í rólegheitunum í íslenskri sveit. Með breyttu viðhorfi er hægt að ná bata gegn streitu í sumarfríinu og forðast með því álagstengda sjúkdóma.

Nútíma fjölskyldurútína kallar fram streitu í daglegu lífi. Það er því afar mikilvægt að nota tímann í fríinu til að slaka á. Það er ágætt ráð að taka afsér úrið og slökkva á símanum. Sinntu frekar áhugamálum eins og lestri góðra bóka, að teikna, huga að plöntum í garðinum, fara í sund eða göngu.

Samfélagsmiðlar og alls kyns öpp geta verið mjög stressandi. Ef okkur líður vel, erum glöð í bragði og njótum frisins, gefur það um leið orku og andlega hugleiðslu. Þegar fólk tekur sér fri frá samfélagsmiðlum, til dæmis í tvær vikur, getur það orsakað stress yfir að verið sé að missa af einhverju



spennandi. Þess vegna er betra að minnka notkunina eftir fyrir fram ákveðnum reglum sem maður setur sér.

Fjölskyldusamvera er nauðsynleg í sumarfríum. Hjón ættu

engu að síður að reyna að gefa sér dag saman án barna. Það bætir sambandið, eftir því sem sænskur ráðgjafi segir við Expressen. Skilnaðir eru algengastir í september og október eftir „erfitt“ sumarfrí.

Það má svo sannarlega liggja í leti og slaka á í sumarfríinu. Það er reyndar gott fyrir heilsuna.

MYNDIR/GETTY



Grillveisla með þínum nánustu er alltaf hin besta skemmtun.

Þar sem utanlandsferðir eru ekki á dagskrá er ekki úr vegi að taka til höndum við það sem setið hefur á hakanum heima. Hjón geta unnið að því saman.

Þeir sem eru undir miklu álagi í vinnunni ættu að huga að hreyfingu í sumarfríinu. Þá gefst loks tími til að taka sig aðeins í gegn. Hreyfing getur verið margvísleg. Má þar nefna hjólatúr með fjölskyldunni, ferð í sund eða á aðra baðstaði, eða bara að fara í langan

göngutúr með stoppi á kaffihúsi. Auðveld fjallganga er sömuleiðis skemmtileg fyrir alla, eða veiðiferð í nálægt vatn. Á góðviðrisdögum er líka frábært að borða morgunmatinn utandyra og gera eitthvað spennandi, eins og að baka pönnukökur eða fara í bakarið og leyfa sér að kaupa göðgæti sem þar er boðið upp á. Það er um að gera að njóta hvers dags án álags og bæta heilsuna um leið.

RÍFANDI ÚTSALA Á NÝJUM SUMARLÍNUM. ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR. SJÁ LAXDAL.IS



TRAUST Í 80 ÁR



Skipholt 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Þjónusta

Garðyrkja

 **PROSTONE**

» Jarðvinna

» Drenlagnir

» Hellulagnir

» Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

 **519 7780**
prostone@prostone.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Húsaveiðhald

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is


LOFTSTOKKAHREINSUNIN

• FYRIRTÆKI

• FJÖLBÝLISHÚS

• SKIP

• VEITINGASTADIR



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

 **PROSTONE**

» Smíðavinna

» Múrvinna

» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

 **519 7780**
prostone@prostone.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór billi. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsnæði

Húsnæði í boði
Herbergi til leigu miðsvæðis. Með eða án húsgagna. Laus. Reglusemi áskilin. Upplýsingar í síma 861 6841

ÍBÚÐ TIL LEIGU
3 herb., 78 fm íbúð á Langholtsvegi til leigu. Stofa, svefnh., súð og þvottahús í kjallara. Ný þvottavél, uppþvottavél, eldavél og gufugleypir. Laus 15. júlí. Eingöngu reyklausir og reglusamir. Óska eftir tilboði. Uppl. 8656117

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu


Stiga Estate Pro 9122 XWSY
Sjálfskiptur lúxus slátturtraktor, 4WD
B&S 8240 Intek motor, 13,1kW
Sérstyrkt sláttuborð, 360 ltr. graskassi
Frábær traktor í erfiðan slátt

 Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

 **HAGVANGUR**



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Vegaframkvæmdir á Dynjandisheiði og Bíldudals-vegi, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.



Landsvirkjun

Útboð nr. 20329

Þjórská - Þverun ofan Þjófafoss

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í að byggja nýja göngu og reiðbrú yfir Þjórská um 800 m ofan við Þjófafoss og leggja stíga að brúnni, samkvæmt útboðsgögnum nr. 20329.

Verktími er frá 1.9.2020 – 31.5.2021.

Vettvangsskoðun verður kl. 13:00 fimmtudaginn 16. júlí 2020.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar utbod.landsvirkjun.is

Tilboðum skal skila í gegnum útboðsvef Landsvirkjunar, utbod.landsvirkjun.is fyrir klukkan 12:00 föstudaginn **31. júlí 2020**, niðurstöður tilboða, nöfn bjóðenda og heildarfjárhæðir með vsk verða birtar eftir kl. 12:00 sama dag á útboðsvefnum.

ÍBÚAFUNDUR

Íbúafundur vegna tillögu að aðalskipulagsbreytingu í Hamranesi

Boðað er til íbúafundar *miðvikudaginn 15. júlí 2020 kl.17 að Norðurhelli 2* þar sem tillaga að breyttu aðalskipulagi er nær til Hamraness í Hafnarfirði verður kynnt.

Í breytingunni felst landnotkunarbreyting við Hamranes. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem S34 (samfélagsþjónusta, 6ha) VP11 (verslunar- og þjónustusvæði, 3ha) og ÍB13 (íbúðarsvæði, 14ha). Með breytingunni verður landnotkun svæðisins skilgreind sem M3 (miðbær/miðsvæði), heildarstærð þess verður 23ha.

Auglýsingartími breytinganna er til 27. júlí nk. Tillögurnar ásamt fylgigögnum og athugasemdum Skipulagsstofnunar eru aðgengileg í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 til 27.07.2020. Auk þess er hægt að skoða tillöguna ásamt athugasemdum á hafnarfjorder.is

Náari upplýsingar á hafnarfjorder.is



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjorder.is



intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða-og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru eftirfarandi mál auglýst til kynningar:

Skáldabúðir – Virkjanakostur vindorku, Hrótmúlavirkjun – Skipulags- og matslýsing

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti þann 10. júní 2020 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreiningar á mögulegum vindorku virkjanakosti í landi Skálda-búða undir heitinu Hrótmúlavirkjun. Framlögð skipulagslýsing tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, deiliskipulagi fyrir svæðið auk matslýsingu til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Loftstaðir-Vestri – Ferðabjónusta, tjöld og þjónustuhús – Skipulags- og matslýsing
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 9. júní 2020 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 í landi Loftsstaða- Vestri. Í breytingunni felst að notkun á 2 ha svæði vestan við íbúðarhús að Loftstöðum- Vestri L165512 er breytt í verslunar-og þjónustusvæði.

Skálabrekka-Eystri – Frístundasvæði – Skipulags- og matslýsing

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2020 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í landi Skálabrekku-Eystri. Í breytingunni felst að skilgreindir frístundasvæðis flákar innan jarðarinnar Skálabrekku-Eystri L224848 eru sameinaðir í eitt samfellt svæði. Stærð svæðisins helst óbreytt.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

Laugarás – Lauftún garðyrkjustöð – Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 14. maí 2020 að kynna og leita umsagna vegna breytinga á deiliskipulagi að Laugarási. Í breytingunni felst að skipulagi lóðar er breytt þar sem komið er fyrir þremur gróðurhúsum, pökkunaraðstöðu, véla- og áhaldageymslu/bílskúr og tveimur starfsmannahúsum. Fyrir á lóðinni eru tvö íbúðarhús. Skilmálar deiliskipulags svæðisins frá 29. des. 2011 halda sér óbreyttir að öðru leyti.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum/breytingum:

Ás 3 III-2 land (Hestás) – Lögbýli og íbúðarhúsalóðir - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2020 að auglýsa tillögu deiliskipulags vegna lands Ás 3 III-2 land L204647 sem skilgreint er sem landbúnaðar- og íbúðarsvæði innan aðalskipulags Ásahrepps 2010-2022. Innan skipulagssvæðisins er afmörkuð ný 2,21 ha íbúðarhúsalóð sem fengi staðfangið Reykás. Að auki er afmarkaður byggingarreitur á landinu sjálfu sem verður 12,68 ha eftir landskipti og fyrirhugað að verði gert að lögbýli og óskað er eftir að það fái staðfangið Hestás í stað nú-verandi staðfangs. Innan byggingarreitanna er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 300 fm íbúðarhús á tveimur hæðum, allt að 600 fm úthús/skemmu á einni hæð með heimild fyrir 30% millilofti og allt að 100 fm gestahús á einni hæð.

Efri-Reykir – Hótelbygging og baðlón – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2020 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir að byggð verði baðlón og hótél. Einnig er gert ráð fyrir að byggð verði starfsmannahús innan svæðisins. Málið hefur áður verið auglýst árið 2018 og er nú auglýst á nýjan leik þar sem meira en ár er liðið frá síðustu auglýsingu skipulagsins. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar er varðar ákvörðun um hugsanlega matsskyldu verkefnisins.

Birkilundur 9-13 Friðheimar - Breyting á aðkomu og sameining byggingareita - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykholt í Biskupstungum. Í breytingunni felst að gerður er sameiginlegur byggingarreitur fyrir lóðirnar Friðheima 1 og Skólaveg 11. Gerð er ný aðkoma að Skólavegi 11 frá Sólbraut, aðkoman er eingöngu ætluð fyrir starfsfólk, fyrir vörumóttöku og vörusendingar. Til að fá svigrúm fyrir nýja aðkomu að Skólavegi 11 eru gatnamót Sólbrautar og Skólavegar færð um 20 m til suðurs, inn á lóð Skólavegar 13. Lóðamörk Skólavegar 13 breytast til samræmis við færslu Sólbrautar og minnkar lóðin um 192 m2. Göngustígum er breytt í samræmi við breytingar á Sólbraut og nýjar byggingar.

Kolgrafarhóll – Apavatn 2 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2020 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir 5 frístundalóðir auk einnar lóðar sem er skilgreind sem landbúnaðarland í landi Apavatns 2, Efra-Apavatns, í Bláskógabyggð. Svæðið sem er um 13,9 ha að stærð er skilgreint í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem F20 (frístundabyggð). Aðkoma að svæðinu er um Laugarvatnsveg (37) og Kolgrafarhólsvegi.

Ósbakki – Íbúðarhús, reiðskemma, hesthús, vélarskemma – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. maí 2020 að auglýsa deiliskipulagstillögu í landi Ósbakka í Flóahreppi. Innan deiliskipulagsins eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús og hesthús/skemmu auk þess sem gert er grein fyrir aðkomu.

Hallandi 1A , Hallandi 1 L166234 – Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. júní að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Hallanda 1 og 1A. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð utan um byggingarreit A. Lóðin sem þegar er stofnuð, Hallandi lóð L197704, er skráð 1.575 fm en verður 9.090 fm og fær heitið Hallandi 1A eftir breytingu. Byggingarreiturinn breytist óverulega, var 4.852 fm en verður 4.900 fm. Í núgildandi deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 200 fm bílskúr/skemmu og allt að 30 fm baðhús en hámarksstærð íbúðarhússins var ekki skilgreind. Í breytingunni er gert ráð fyrir að hámarksbyggingarmagn innan byggingarreitsins verði 600 fm.

Kiðjaberg Lóð 27 og 28 - Færsla lóðar - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Kiðjabergs. Í breytingunni felst að lega lóðar Kiðjabergs 27 Hlíð breytist með þeim hætti að hún er færð fast upp að lóð nr. 28. Stærð lóðar og byggingarreitir halda sér óbreyttir utan þessarar tilfærslu í samræmi við framlögð gögn. Ástæða breytinganna er lág lega lóðarinnar sem verður til þess að lóðin getur orðið útsett fyrir flóðum úr Hvítá.

Gilvegur 3 í landi Ormsstaða - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi vegna Gilvegar 3 í landi Ormsstaða. Í breytingunni felst að heimildir fyrir notkun byggingarefna eru auknar, byggingarheimild sumarbústaðar er aukin úr 100 m2 í 200 m2. Mænishæð er aukin úr 5 m í 6 m. Heimildir fyrir þakhalla eru auknar úr 14-60° í 2-60° auk þess sem heimilað er að byggja tvö smærri hús á lóðinni sem ekki mega vera stærri en 40 m2. Heimildum fyrir byggingar innan byggingarreits er breytt í samræmi við það. Skilmálabreytingar taki til skipulagssvæðisins í heild og verði sérstaklega kynnt innan þess í samræmi við bókun skipulagsnefndar og sveitarstjórnar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is>, <https://www.gogg.is>, <https://www.floahreppur.is/> og <https://skeidgnup.is/>.

Skipulagstillögur og breytingar eru auglýstar með athugasemdafresti frá **8. júlí til og með 20. ágúst 2020**.

Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en **20. ágúst 2020**.

Skipulagstillögur og breytingar eru í kynningu með athugasemdafresti frá 8. júlí til og með 29. júlí 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en **29. júlí 2020**.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1362 Grimmilegur bardagi er háður á Grund í Eyjafirði, þar fara Eyfirðingar að Smíði Andræssyni hirðstjóra og mönnum hans og drepa þá.

1497 Vasco da Gama heldur í fyrsta leiðangur sinn til Indlands, umhverfis Afríku.

1903 Þessi dagur er talinn marka upphaf sildarsöltunar á Siglufirði og þar með sildarævintýrsins mikla.

1922 Ingibjörg H. Bjarnason er kjörin á þing fyrst kvenna á Íslandi og tekur hún sæti á Alþingi 15. febrúar 1923.

1926 Ríkisstjórn undir forsæti Jóns Þorlákssonar tekur til starfa.

1987 Ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar sest að völdum. Jóhanna Sigurðardóttir á sæti í stjórninni og er þriðja konan til að gegna ráðherraembætti á Íslandi.



Halldór Friðrik hefur smekk fyrir fallegum bílum og er í fornþráklúbbnum, hér við Rover 100 af árgæro 1961. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Veiran truflar áætlanir um almennileg veisluhöld

Halldór Friðrik Olesen er sjötíu og fimm ára í dag. Hann er vélfræðingur, renni-smiður, hvalveiðimaður og kennari, en kynnir sig í símaskránni sem vélfræðing og afa. Hann er hollvinur hins sextuga skips Óðins og átti þátt í að koma því í gang nýlega.

Jú, þetta er stóri smellurinn, en veiran truflar allar okkar áætlanir um almennileg veisluhöld, lýsir Halldór Friðrik Olesen vélstjóri, inntur eftir hátíðahöldum í tilefni sjötíu og fimm ára afmælisins sem er í dag.

Þegar viðtalið er tekið er hann staddur með frúnni í sumar-bústað ofarlega í Grímsnesinu. „Birkíð syngur allt af lúsmýi hér en við látum það ekkert trufla okkur,“ segir hann hress. Annars kveðst hann vera Kópavogsbúi. „En ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík, nánar tiltekið í Vogahverfinu, innan um skáldin og nefndu það – en þegar ég fór að búa þá færði ég mig í Kópavoginn.“

Spurður út í helstu viðfangsefni á ævinni kveðst Halldór hafa valið fyrst iðnnám í rennismiði, en dokað stutt við í því fagi og farið í Vélaskólann. „Eftir útskrift þar 1969 fór ég beint á hvalveiðar og var á þeim meðan þær voru og hétu fyrir alvöru. Kunni því vel og hef farið í afleysingar eftir að þeim var startað aftur. 1975 fór ég að kenna við Vélaskólann, það átti vel við mig en babb kom í bátinn þegar áfangakerfið tók gildi í Sjómannaskólanum af fullum þunga, þá urðum við að fara burtu nokkuð margir kennarar, en ég fékk



Þótt maður hafi stundum lent í veðrum á haustin við hvalveiðarnar þá slapp allt fyrir horn.

starf í Slysavarnaskóla sjómanna sem þá var verið að starta. Var þar í ellefu ár á gömlu Sæbjörginni og með námskeiðahald allt í kringum landið, þangað til aftur losnaði pláss fyrir mig í Vélaskólanum. Þeir hafa ekkert verið margir húsbændurnir.“

Halldór er líka einn af hollvinum hins sextuga varðsups Óðins. „Við erum sex vélstjórar sem höfum sett fastan punkt í tilveruna og hist á mánudagsmorgnum í Óðni vestur á Granda. Erum búnir að vera að klappa vélunum þar í nokkur ár og náðum að gera þær gangfærar á ný,

eftir langa stöðu og förum prufutúr um daginn. Mánaðarlega mæta líka fleiri sem tengjast skipinu og fá sér kaffisopa með okkur, svo það er heilmikill klúbbur í kringum Óðin.“

Vélar um borð hafa breyst mikið frá því Halldór byrjaði sem vélstjóri, að hans sögn. „Hvalveiðibátarnir eru einu skipin í dag með gufuvélar, en nýju skipin ganga fyrir dísil og ýmislegt er fjarstýrt. Maður þarf auðvitað að kunna á hlutina, en með allt öðrum hætti en var. Það er óhætt að segja að maður hoppi aftur í tímann í Óðni.“ En hefur hann komist í hann krappan á sjó? „Nei, ekki get ég sagt það, þótt maður hafi stundum lent í veðrum á haustin við hvalveiðarnar þá slapp allt fyrir horn.“

Svo er það afatitillinn – tímabært að forvitnast um fjölskylduna. „Konan mín heitir Guðný Helga Þorsteinsdóttir og er úr Keflavík. Börnin okkar voru fjögur en við misstum dóttur okkar á besta aldri, það var mikið högg. Afa- og ömmubörnin eru átta, og langafa- og -ömmugrislingarnir tveir. Við vorum búin að stíla upp á að hitta allt þetta góða fólk um helgina í Grímsborgum hjá honum Ólafi Laufdal, en veiran er að eyðileggja það. Við hjónin ætlum bara að verja afmælisdeginum í Stykkishólmi – við sjóinn!“

gun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og vinur,

Sölvi Steinn Ólason

Austurvegi 6, Þórshöfn,

varð bráðkvaddur á heimili sínu að morgni 26. júní síðastliðins.

Útför hans fer fram í Bústaðakirkju, föstudaginn 10. júlí, kl. 11.00. Sérstakar þakkir færum við viðbragðsaðilum á Þórshöfn, sem og þeim sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug.

Eva Björk
Kristín Láretta
Sara Lind
Hjördis Anna
Helgi Snær

Maciek Jablonski
Elvar Árni Grettiðsson
Guðmundur Jónsson
Bjarki Freyr Hauksson
Margrét Steinunn Pálsdóttir
og fjölskyldur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Skafti Þórisson

Skólalabaut 15, Reykjanesbæ,

lést á heimili sínu, mánudaginn 29. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 10. júlí kl. 11.

Jónína Helga Skaftadóttir
Einar Þórir Skaftason

Karl Heiðar Brynleifsson
Sjófn Þórgrímsdóttir
afabörn og langafabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Frank Norman Benediktsson

lést á Landspítalanum í Fossvogi, föstudaginn 22. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju, föstudaginn 10. júlí, kl. 13.

Marie Hovdenak
Siv H. Franksdóttir
Freyr Franksson
Eyþór Árni Franksson

Þór Danielsson
Katrín Sande
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Jörundsdóttir

frá Hrisey,

lést á Hrafnistu, miðvikudaginn 24. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á styrk til Sumarbúða Reykjadal, kt. 630269-0248. Banki 301-26-53.

María Aldís Kristinsdóttir
Friðgeir Sv. Kristinsson
Jörundur Kristinsson
Jóhannes Kári Kristinsson

Haraldur G. Blöndal
Aðalheiður S. Jørgensen
Hafdis Þorsteinsdóttir
Ragný Þóra Guðjohnsen
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegi, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kári Pálsson Pormar

rafeindavirkjameistari,

lést 30. júní á Víflsstaðaspítala. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju á morgun, fimmtudaginn 9. júlí, klukkan 15.

Helga Rósa Pormar
Jóhannes Pormar
Páll Pormar
Sigurveig Pormar
Sigfríð Pormar
Kári Pormar

Margrét Hilmisdóttir
Elín Guðmundsdóttir
Njáll Jóhannesson
Svanur Stefánsson
Sveinbjörg Halldórsdóttir
börn og langafabörn.



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geiriahf.is

TECNODOM spa
refrigerazione



1400 lítra

A14PKUTN
kælir
1400 ltr

249.000.
+vsk

A14PKUBT
frystir
1400 ltr

289.000.
+vsk

Breidd: 142 cm - Dýpt: 80 cm - Hæð: 203 cm - Þyngd: 169 kg. - Ryðfrítt stál - Sjálfvirk afþiðing - Sjálflokandi hurð - Rafeindastýring - Kælubúnaður R404A / R507 - Stafrænn skjár. - Ítölsk framleiðsla.



TECNODOM spa
refrigerazione

Breidd: 71 cm - Dýpt: 80 cm - Hæð: 203 cm - Þyngd: 122 kg. - Ryðfrítt stál - Sjálfvirk afþiðing - Sjálflokandi hurð - Rafeindastýring - Stafrænn skjár. - Ítölsk framleiðsla.

AF07PKMBT - kælir - 700 ltr

169.000.
+vsk

AF07PKMBT - frystir - 700 ltr

219.000.
+vsk

700 lítra




89.000.
+vsk

Verðdæmi

L. 160 cm - (1 handlaug)

Vaskaborð eru fánleg með 1-3 handlaugum - vinstri eða hægri:
Lengdir: 70 - 100 - 120 - 140 - 160 - 180 og 200 cm
Hæð frá gólfi: 95 cm - Hæð upp í neðri hillu 16 cm - Bakkanntur h: 10 cm - Stíllanlegir fætur



59.000.
+vsk

Verðdæmi

L. 160 cm

Vinnuborð
Lengdir: 60 - 70 - 80 - 100 - 120 - 140 - 160 - 180 og 200 cm
Hæð frá gólfi: 95 cm - Hæð upp í neðri hillu 16 cm - Bakkanntur h: 10 cm - Stíllanlegir fætur

Snertilaus handþvottur

Handlaug - Staðrð - 400 x 400 x (H) 450 - Ryðfrítt stál - Auðvelt að gangsetja með fætinum (hnénu) - Allur tengibúnaður fylgir

29.900.
+vsk



Í tilefni af afmæli okkar
bjóðum við sérstaklega góð verð
og kynnum í leiðinni
nýja netverslun okkar

30 ÁR
1990 - 2020



NETVERSLUN



Ræstiskápur m/handlaug.
Staðrð: B:60 - D:70 - H: 200 - Ryðfrítt stál - Stíllanlegir fætur - Innbyggður skolvaskur - Læsing - Flott hönnun

149.000.
+vsk

Innbyggð handlaug



DOMUS
lðnaðarvélur

Domus DHS-11 - lðnaðarþvottavél
High speed 11 kg - 400W - Stýringar á snertiskjá - 8 kerfi. - Ný hönnun.

899.000
+vsk



Domus DTP-11 - lðnaðarþurrkari
11 kg. - 460 ltr - 400 V - Ryðfrítt stál í trommlu - allar stýringar á snertiskjá - Sparnaðarstilling sparar allt að 15% orku

549.000
+vsk



verð frá..
399.000
+vsk

EKF 711 TC

Snertiskjár - 7 bakkar / grid 1/1 GN - meðalstór veitingahús - forritanlegur til að flyta fyrir - 3 hraðastillingar - BxDxH 932 x 926 x 824 - 98kg - 30-260°C



verð frá..
489.000
+vsk

EKF 1111 TC

Snertiskjár - 11 bakkar 1/1 GN - Meðalstór og stór veitingahús - allt að 240 forrit og 9 eldunarstig - BxDxH 932x974x1228-1152 kg - 30-260°C



MBM húddvél LB 625

Grind: 50 x 50 - LxDxH: 64x74x148 - Opnun 45 cm (tekur stóra undirdiska) - Einfalt stjórnbórð fyrir mismunandi þvottakerfi. - Plásslítil vél, hönnuð fyrir beina línu eða í horn.

399.000.
+vsk



ASTARCO

AS 50.35 Undirborðsvél - uppþvottavél framhlaðin - hæð á hurðaropi 40 cm - rekki 50x50 cm - 2 þvottaarmar - öryggi á hurð

249.000.
+vsk



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geiriahf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4 - Sími 5351300 - verslun@verslun.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík

12 | 5

°C | →

Ísafjörður

9 | 4

°C | →

Akureyri

11 | 3

°C | ↓

Egilsstaðir

15 | 2

°C | ↓

Kirkjubæjarkl

15 | 3

°C | ↑

Hveravellir

11 | 4

°C | ↓

Vestan og norðvestan 5-10 m/s í dag. Viða þurrt og bjart veður, en stöku síðdegisskúrir á sunnanverðu landinu. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast sunnantil.

Fimmtudagur

Reykjavík

12 | 5

°C | ↓

Ísafjörður

7 | 5

°C | ↓

Akureyri

10 | 7

°C | ↓

Egilsstaðir

11 | 4

°C | ↓

Kirkjubæjarkl

17 | 5

°C | ↓

Hveravellir

7 | 5

°C | ↓

Föstudagur

Reykjavík

11 | 3

°C | →

Ísafjörður

9 | 4

°C | →

Akureyri

11 | 1

°C | ↓

Egilsstaðir

10 | 3

°C | ↓

Kirkjubæjarkl

17 | 3

°C | ↓

Hveravellir

10 | 3

°C | →

LÉTT

7		6		2				
					1		9	5
	5			3			1	
6			3	9			8	
3	4		2				6	
		2	4	6				1
9	3	5	7					
							4	3
1	2					7		

MIDLUNGS

8			9		5			7
		4		6			5	9
	3							
	8		3				6	1
	6		5				3	
		7		1	6			
		8		3		9		
1					2	6		
5				9	7			

PUNG

			3					1
3	9			4	7			6
7		1		8	6	3		
	3					8		
	6	7					3	4
								2
	8	3		1			2	
		4				5	6	
7			9	3			4	

Krossgáta

LÁRÉTT

1. ílát
5. daunill
6. goð
8. uppgangur
10. tveir eins
11. grasey
12. brunnur
13. snjóföf
15. innsigli
17. skína

LÓÐRÉTT

1. aukreitís
2. planta
3. nögl
4. skoran
7. hvalur
9. skrælna
12. hljótt
14. stigandi
16. hvort

1	2	3		4	
5				6	7
8					
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

Skák

Gunnar Björnsson

Magnús Carlsen (2881) átti leik gegn Anish Giri (2731) á Chessable Masters mótinu á Chess24.

30. e6! Dc1+ 31. Kh2 Hxd4 32. e7! Dc8 33. De5! Hh4+ 34. Kg3 1-0. Hannes Hlífar Stefánsson hefur hlotið 2½ vinning eftir sex umferðir á alþjóðlegu móti í Tékklandi.

www.skak.is: Hannes í Tékklandi.

Hvítur á leik

ÚTSALAN ER HAFIN

Tískan

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Skipholti 21 | Sími 551 0770
www.tiskan.is

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

4	8	2	1	9	5	3	6	7
9	3	7	2	6	8	4	5	1
5	1	6	4	7	3	2	8	9
6	2	5	7	8	4	9	1	3
7	4	1	9	3	6	5	2	8
3	9	8	5	1	2	6	7	4
2	7	3	6	4	1	8	9	5
8	5	9	3	2	7	1	4	6
1	6	4	8	5	9	7	3	2

4	6	1	5	7	2	9	8	3
7	3	5	9	8	4	2	1	6
2	8	9	3	6	1	5	7	4
3	1	7	4	2	8	6	9	5
5	9	8	6	3	7	4	2	1
6	2	4	1	5	9	7	3	8
8	4	6	2	9	3	1	5	7
9	5	3	7	1	6	8	4	2
1	7	2	8	4	5	3	6	9

5	6	1	3	7	4	8	9	2
7	3	8	2	6	9	1	5	4
9	2	4	5	1	8	3	6	7
8	1	3	9	4	5	7	2	6
2	5	7	6	3	1	4	8	9
6	4	9	7	8	2	5	3	1
3	7	5	1	2	6	9	4	8
1	8	2	4	9	3	6	7	5
4	9	6	8	5	7	2	1	3

Pondus

Eftir Frade Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Norrænir músíkdagar verða haldnir í Reykjavík 21.-23. október 2021. Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir um þátttöku í hátíðinni, en hægt er sækja um til 17. júlí næstkomandi. Undirbúningur fyrir hátíðina er í fullum gangi, en Tinna Þorsteinsdóttir er listrænn stjórnandi hennar.

„Norrænir músíkdagar er ein af elstu, samfelldu klassísku tónlistarhátíðum í heimi, var fyrst haldin árið 1888. Stundum hafa liðið nokkur ár á milli þess sem hún hefur verið haldin. Hún skipar veigamikinn sess í tónlistarsamfélagi Norðurlandanna og er mikilvæg, bæði fyrir tónskáld að fá verkin sín flutt og fyrir tónlistarflytjendur. Eigi ómerkari tónskáld en Sibelius og Nielsen hafa stjórnað verkum sínum á hátíðinni. Norðurlandaráð tónskálda stendur fyrir hátíðinni, en Tónskáldafélag Íslands sér um alla skipulagningu fyrir Íslands hönd. Norðurlöndin fimm skiptast á að halda hana og hún fer fram á fimm ára fresti á Íslandi. Fyrst var hún haldin hér á landi árið 1954,“ segir Tinna. „Áherslan er á samtímatónlist í klassíska geiranum, en þar hafa í gegnum tíðina verið alls kyns straumar og stefnur. Hátíðin leitast við að endurspeglar hvað er að gerast hverju sinni og miðlar því til samfélagsins.“

Tónlistin bregst við
Þema hátíðarinnar er Impact – áhrif. „Ég ákvað að hafa þema um það



„Tónlistin hefur alltaf tekið afstöðu,“ segir Tinna sem er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tónlistarhátíð um áhrif

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um þátttöku í Norrænum músíkdögum í Reykjavík á næsta ári. Áhersla á frumflutt verk.

Kári leikur í Hallgrímskirkju

Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir hádegistónleikum með íslenskum organistum alla fimmtudaga í sumar til 20. ágúst.

Á tónleikum fimmtudaginn 9. júlí kl. 12.30 leikur Kári Þormar, organisti í Dómkirkjunni, Mars og úr Plánetunum eftir G. Holst, Adagio í C-dúr eftir W.A. Mozart, Prelúdíu og fúgu í G-dúr og Vater unser in Himmelreich eftir Böhm, verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og Finale úr 6. sínfóníu Ch.M. Widor.

Eftir píanónám hjá Jónasi Ingimundarsyni og orgelnám hjá Herði Áskelssyni, hélt Kári Þormar í framhaldsnám til Þýskalands, þar sem hann lauk A-kirkjutónlistarnámi frá Robert Schumann háskólanum í Düsseldorf með 1. einkunn. Kári hefur verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi sem organisti, píanókennari og kórstjóri, en á þeim vettvangi var hann tilnefndur



Hádegistónleikar eru á fimmtudögum í Hallgrímskirkju.

til Íslensku tónlistarverðlaunanna með Kór Áskirkju fyrir geisladiskinn Það er óskaland íslenskt. Kári tók við stöðu dómorganista árið 2010.

KEBE Hvíldarstólar Tegundir: Rest og Fox



Ópið virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

ÞAD ER MIKIL PÓLARISERING Í GANGI OG ÞÁ ER SPURNING HVORT TÓNLISTIN EIGI HUGSANLEGA AÐ TAKA AFSTÖÐU Í UMRÆÐUNNI HVERJU SINNI, OG EF HÚN TEKUR AFSTÖÐU HVERNIG Á HÚN ÞÁ AÐ GERA ÞAD?

hvernig tónlistin getur tekist á við það sem er að gerast í heiminum í dag. Það er mikil pólarisering í gangi og þá er spurning hvort tónlistin eigi hugsanlega að taka afstöðu í umræðunni hverju sinni, og ef hún tekur afstöðu hvernig á hún þá að gera það?“ segir Tinna. „Tónlistin hefur alltaf tekið afstöðu, sem dæmi má taka 68-kynslóðina. Tónlistin hefur líka risið upp gegn því sem hefur verið stefna þá stundina. Þannig hefur tónlistin brugðist við því sem er að gerast hverju sinni.“

Hátíðin stendur í þrjá daga og fjöldi erlends tónlistarfólks mun mæta á hátíðina, auk íslenskra listamanna. Tinna segir að sérstök áhersla verði á frumflutt verk. „Við reiknum með að um 100 tónskáld eigi verk á hátíðinni og það verður krökkt af tónleikum. Við erum líka að vinna með ungu fólki sem ekki hefur samið tónverk áður og fáum það til að semja.“

Meðal flytjenda á Norrænum músíkdögum á næsta ári má nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Schola Cantorum, Ensemble Adapter og Caput. Orgel Hallgrímskirkju með midi-útbúnaði kemur við sögu á hátíðinni, en Tinna segir það bjóða upp á óendanlega möguleika til flutnings. Hljóðfærasýning verður í Hörpu með nýjum hljóðfærum, á þremur hæðum.

SVONA RÚLLUM
VIÐ Í SUMAR



VERTU Í RÉTTA PAKKANUM Í SUMARI!

Skrúfum niður verðið!



330 ml dós:
199 kr.

Verslanir Kvikk eru staðsettar á
völdum bensínstöðvum Orkunnar
á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi
og í Reykjanesbæ.

Kvikk
ON THE GO



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Við árbakkann Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
21.00 Fjallaskálar Íslands Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildarþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
21.30 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og víkið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.50 Heimaleikfimi
13.00 Spaugstofan 2002-2003
13.25 Veröld Ginu
13.55 Steinsteypuöldin
14.25 Gettu betur 2006 Borgarholtsskóli - Verzlunarskóli Íslands
15.20 Úr Gullkistu RÚV. Fjórar konur. Ása Björk Ólafsdóttir
15.50 Poppkorn 1986
16.25 Úr Gullkistu RÚV. Fólki og firnindi Kverkfjöll - djásnið í kórónu landsins
17.30 Lamandi ótti
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Letibjörn og læmingjarnir
18.08 Kúlugúbarnir
18.31 Hæ Sámur
18.38 Rán og Sævar
18.49 Minnsti maður í heimi
18.54 Vikinglöttó
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn
19.45 Sporið
20.20 Tobias og sætabrauðið Bag Verden - með Tobias Danskir ferða- og matreiðsluþættir. Sætabrauðsdrengurinn og ferðalangurinn Tobias Hamann-Pedersen leggur land undir fót og kynnist bakstri og lífi í Austurríki, Bólívíu, Texas og víðar.
21.05 Svarti baróninn Baron Noir Klækjabrögð, svik og prettir í franskri pólitík. Pólitísku spennuþættirnir Baron Noir hafa verið kallaðir hin franska Spilaborg. Franski stjórnmálamaðurinn Philippe Rickwaert fyllist hefndarþorsta þegar honum er fórnað til að bjarga framboði forsetaefnisins Francis Laugier. Hann skipuleggur hefndina vandlega og myndar tengslanet á öllum stigum þjóðfélagsins, allt frá lögreglu til undirheima. Aðalhlutverk: Kad Merad, Anna Mouglalis og Astrid Whettnall. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Við hlið Bowies. Sagan af Mick Ronson - Beside Bowie. The Mick Ronson Story
00.00 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08:00 PGA Tour 2020 Útsending frá Rocket Mortgage Classic.
13:00 World Golf Championship 2019 Útsending frá HSBC Champions á Heimsmótaröðinni.
18:35 Ryder Cup 2018 Útsending frá lokadegi Ryder Cup 2018 sem fór fram í Frakklandi.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.20 Dr. Phil
12.05 The Late Late Show
12.50 The Bachelorette
14.15 The Unicorn
14.40 The Block
15.35 Survivor
16.30 Man. City - Newcastle Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.05 The Good Place
19.30 Will and Grace
20.00 The Block
21.00 New Amsterdam
21.50 Stumptown
22.35 Beyond
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 Get Shorty Skemmtilegir þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd. Leigumorðingi mafiunnar ákveður að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi, í kvikmyndabransanum í Hollywood. Aðalhlutverkin leika Ray Romano og Chris O'Dowd.
02.40 Mr. Robot
03.25 Agents of S.H.I.E.L.D.
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Heimsmenning á hjara veraldar. Heinz Edelstein
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Útvarp KrakkaRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar. Verbier hátíðin
20.30 Á reki með KK
21.30 Kvöldsagan. Njáls saga (16 af 25)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.10 All Saints
13.00 Litla vampíran
14.20 The Other Woman
15.30 Litla vampíran
16.05 All Saints
19.10 The Other Woman
21.00 Moulin Rouge
23.00 American Ultra
00.35 Love me True
02.00 Moulin Rouge

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
10.55 Margra barna mæður
11.30 Brother vs. Brother
12.05 The Goldbergs
12.35 Nágrannar
12.55 Fresh off the Boat
13.15 Bomban
14.05 GYM
14.25 Grand Designs. Australia
15.15 Gulli Byggir
15.45 Flúr & fólki
16.05 All Rise
16.50 Friends
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakinn
18.55 Vikinglöttó
19.00 Golfarinn
19.25 First Dates
20.15 The Bold Type
21.00 Penance
21.50 Cherish the Day
22.35 Sex and the City
23.05 NCIS. New Orleans
23.50 Euphoria
00.40 Euphoria
01.40 Euphoria
02.35 Euphoria
03.30 Ballers
03.55 Ballers

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Mindy Project
21.05 Krypton
22.25 Random Acts of Flyness
22.55 Hreinn Skjöldur
23.20 Friends
23.40 Friends
00.05 The Mindy Project

STÖÐ 2 SPORT

06.40 Fram - ÍR
08.25 Grótta - Höttur/Huginn
10.05 KA - Leiknir
11.55 Valur - ÍA
13.40 Pepsi Max tilþrífín
14.25 Pepsi Max stúkan
15.35 Valur - Stjarnan Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
16.00 FH - Þróttur R. Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
17.45 Vikingur - Valur Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
20.00 Breiðablik - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
22.10 Pepsi Max tilþrífín - 5. umferð Kjartan Atli Kjartansson fer yfir leiki dagsins í Pepsi Max deild karla ásamt sérfræðingi.
23.00 Vikingur - Valur

STÖÐ 2 SPORT 2

08.35 Lecce - Lazio
10.15 AC Milan - Juventus
12.00 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
12.25 Valencia - Real Valladolid
14.10 Nottingham Forest - Fulham
15.55 West Brom - Derby Bein útsending.
18.00 Celta Vigo - Atletico Madrid
19.50 Barcelona - Espanyol Bein útsending.
21.55 Fiorentina - Cagliari
23.35 Real Betis - Osasuna

MIKLABORG

Mosagata 9 – 11

Glæsilegar íbúðir með útsýni Stæði í bílajakjallara

OPIÐ HÚS

í dag miðvikudag 8. júlí
milli kl. 18 - 18:30



Fjölbýlið Mosagata 9-11 er 5 hæða lyftuhús auk kjallara hannað af Úti-Inni arkitektum og byggt af verktökunum Dalhús ehf.

Alls eru 23 íbúðir í húsinu og fylgir stæði í bílageymslu hverri íbúð. Húsið er staðsett ofarlega í Urriðaholtinu miðju og bjóða flestar íbúðanna upp á glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs. Urriðaholtsskóli í allra næsta nágrenni.

Á vefsíðunni www.urridaholt.is er að finna nánari upplýsingar um hverfið og þá hugsjón sem það er byggt á en þar segir meðal annars: „Urriðaholt er nýtt hverfi í Garðabæ með einstakt útsýni til allra átta. Urriðaholt byggir á hugsjón um að íbúabyggð eigi að hámarka lífs-gæði fólksins sem þar býr í sátt við náttúruna í kring og umhverfið allt. Skipulag Urriðaholts er fyrsta hverfið hér á landi til að hljóta vistvottun samkvæmt vottunarkerfi BREEAM Communities. Urriðaholt er þéttbýli í náinni tengingu við nokkur helstu útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, ósnortna náttúru og góðar samgönguæðar sem stytta leiðir í allar áttir.“

Vandaðar íbúðir í Urriðaholti

- Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja með sérinngangi eða sérinngangi af stigapalli í fallegu lyftuhúsi í Urriðaholtinu í Garðabæ.
- Vandaðar innréttingar, vönduð tæki frá AEG og tengi fyrir uppþvottavél. Allir fataskápar ná upp í loft.
- Traustur byggingaraðili.
- Skoða má íbúðirnar á vefsíðunni www.mosagata.is

Nánari upplýsingar veita:



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas.
Sími: 865 4120
asi@miklaborg.is

MIKLABORG – Með þér alla leið

569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

SUMAR ÚTSALA **LOKAVIKAN**

Allt að **60%** afsláttur

IDesign

ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt, brúnt eða hvítt leður. Blátt, sinneps-gult, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur stóll á góðu verði.

20%
AFSLÁTTUR

Stóll í áklæði

63.992 kr. ~~79.990 kr.~~

Skemill í áklæði

15.992 kr. ~~19.990 kr.~~

Stóll í leðri

87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

Skemill í leðri

23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

SUMAR ÚTSALA **HÚSGAGNA HÖLLIN**

60% afsláttur

VEFVERSLUN

FRÍ HEIMSENDING

www.husgagnahollin.is

Þú finnur bæklinginn husgagnahollin.is

**HÚSGAGNA HÖLLIN****www.husgagnahollin.is****Sími: 558 1100****BLÖÐIN**Blaðið í dag og safn eldri blaða á **frettabladid.is**

Will Ferrell og Rachel McAdams enda myndina með nánast viðhafnarútgáfu af laginu sem ómar nú í haus landans.

Jaja Ding Dong æði runnið á landann

Jaja Ding Dong er eitt vinsælasta lag landsins, enda geta allir sungið og dansað með. Trúbadorar miðbæjarins hafa ekki farið varhluta af æðinu og eru beðnir um lagið oft en góðu hófi gegnir.

Ég spilaði á The Irish Pub á föstudag og laugardag og þetta var spilað þrisvar sinnum á hvoru kvöldi, eða sex sinnum á rúmum fjórum tímum, segir Ellert Sigþór Breiðfjörð Sigurðarson, trúbador með meiru. Trúbadorarnir Bóas Gunnarsson og Eiríkur Hafdal taka í sama streng. Hafa spilað lagið oft en þá langar að muna.

Lilja Björk Jónsdóttir, sem er ein af fáum konum sem eru að trúbadorast í miðbæ Reykjavíkur, segist hlakka til að takast á við lagið og lyfta þakinu á þeim skemmtistað sem hún sé að syngja á – þegar opnunartíminn verður rýmri.

Þau eru öll sammála um að Hannes Óli Ágústsson, sem verður brjáláður í hvert sinn sem hann fær ekki að heyra lagið í myndinni, fangi frammiköll Íslendinga af mikilli snilli.

„Ég tengi rosalega við þennan karakter,“ segir Eiríkur. „Þetta er alltaf sami brandarinn. Einhver þykist vera reiður og óskrar eins og Hannes Óli gerir í myndinni. Spilaðu Jaja Ding Dong,“ segir Ellert.

Bóas segir að hann hafi skellt nokkrum sinnum upp úr, meðal annars þegar Hannes biður um lagið. „Hann tekur nokkrar týpur af þessum karakter og fangar þær stórkostlega. Þetta er alveg ágætis ádeila á Íslendinga á börnunum.

Það eru alveg til týpur sem vilja heyra bara einn listamann, konur um fertugt eru til dæmis hrifnar af Sálinni. Standa stjarfar fyrir framan þig eftir drykkju dagsins, og eina sem þær geta sagt er: Spilaðu eitt-hvað með Sálinni.“

Ellert bætir við að hann hafi alveg fengið svona spáða á sig. „Það eru alveg til svona gaurar sem eru álíka slæmir og jafnvel verri, en flestir eru þó kurteisir og skemmtilegir. En



Hannes Óli biður oft um lagið í myndinni og alltaf með miklum tilþrifum.

JAJA DING DONG

When I feel your gentle touch.
And things are going our way.
I wanna spill my love on you all day, all day.

Viðlag.

Jaja ding dong (Ding dong).
My love for you is growing wide and long.

Jaja ding dong (Ding dong).
I swell and burst when I see what we've become.
Jaja ding dong (Ding dong).
Come, come my baby, we can get love on.

Jaja ding dong (Ding dong).
When I see you I feel a ding-ding dong.

Love expands when I'm with you.
All over the Milky Way.
I wanna open up to you all day, all day.
All right everyone, move your body, woo.

Viðlag.

maður hefur hitt þennan karakter af ýmsum stærðum og gerðum.“

Lilja bendir á að einfaldleiki lagsins sé þannig að allir flykkjast út á gólf til að taka sporið. Eiríkur tekur undir það. „Myndin kom út á föstudegi og ég spilaði tvö gigg það kvöld. Ég var ekki búinn að horfa fyrir gígginn og það var beðið um lagið. Ég vissi ekkert hvaða lag væri verið að biðja um, þannig að ég fór heim og horfði og pikkaði lagið upp, enda einfalt lag. Það geta allir sungið með.“

Þau eru öll sammála um að lagið sé það vinsælt að trúlega verði það farið af lagalistum eftir sumarið. „Við erum að blóðmjólka lagið svolítið, þannig að eftir hálft ár verður það trúlega horfið. Ég hélt að það myndi jafnvel ýta Shallow út af borðinu, en lagið er eiginlega orðið of vinsælt. Þetta er algert æði sem hefur gripið um sig. Ég held að allir verði búnir að fá nóg eftir hálft ár – en hvað veit ég?“ segir Ellert. Bóas segir að hann vonist eftir að lagið ýti Shallow burtu. „Ég er kominn með alveg voðalegt óþol gegn Shallow, ef ég á að vera hreinskilinn.“

benediktboas@frettabladid.is

Viltu hætta að hrjóta?

Frumskýnum Ergosmart snjallrúmið

ÖLL ERGOMOTION RÚM Á
20% AFSLÆTTI

ÞÚ FÆRÐ
ERGOMOTION RÚM
FRÁ 331.448 KR.

Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að próa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.



Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á CES í Las Vegas.

ERGOSMART snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.



App sem mælir og skráir svefngæði
• Hrotur
• Hjartslátt
• Andardrátt
• Hreyfingar
Aðstoðar þig við að hætta að hrjóta

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

Allt að **50%** afsláttur

ÚTSALA

Sumarblóm -20-50% • Trjáplöntur -50% • Útipottar -25% • Gervisumarblóm -25% • Gasgrill (Gildir ekki af Weber) -20% • Kolagrill -20%
Reiðhjól (Gildir ekki af rafmagnshjólum) -20% • Keðjusagir -20% • Garðhúsgögn -20% • Áltröppur/stigar -20-25% • Sláttuvélar -20-25%
Sláttuorf -20-30% • Rafmagns- og bensín hekkklippur -20-30% • Hekk- og greinaklippur -30% • Háprýstidælur (Nilfisk) -20-25%
Slönguhjól (Claber) -30% • LADY málning -20% • Viðarvörn (Jotun) -20% • Pallaolía -20% • Viðarvörn (Gori) -30% Útimálning -20%
Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld -30% • Matarstell, glös og könnur -30% • Pottar, pönnur og hitakönnur -30% • Regnföt -30%
Útivistarfatnaður -25% • Vinnufatnaður -25% • Barnaöryggi -20% • Vinnuhanskar -20% • Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) -20%

SILVERBACK



20%

47.992kr

~~59.990~~kr

Reiðhjól

Stride 29" MD, grátt og appelsínugult,
500/XL. 3902102



20%

Dangrill

39.990kr

~~49.990~~kr

Gasgrill

Dangrill Gefion, þrír brennarar,
grillsvæði: 64x45 cm. 3920162



20%

Broil King

34.392kr

~~42.990~~kr

Ferðagasgrill Porta Chef

Brennari 4,1 kW, grillsvæði: 46x31 cm.
3000612



20%

39.990kr

~~49.990~~kr

Rafmagnshlaupahjól

Rawlink, hámarks hraði: 20 km/klst. Rafhlaða:
24V 4,0A líthíum, hleðslutími: 2-3 klst.
3903008



30%

claber

3.847kr

~~5.495~~kr

Slönguhjól Ecosei

Tekur 60 m af 1/2" slöngu.
5081658



20%

IKRA mógatec

5.596kr

~~6.995~~kr

Rafmagnshekkklippur

Ikra, 550W, blað 45 cm, kippigeta
16 mm. 5083754



25%

Nilfisk

15.745kr

~~20.995~~kr

Háprýstidæla C 110.7-5 X-TRA

110 bör, 1.4 kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga.
Click & Clean kerfi.
5254203



20%

16.452kr

~~20.565~~kr

Bílstóll, sessa með baki

Öruggur barnabílstóll frá Osann. Fyrir
9 - 36 kg þung börn með hæðastillingu.
3000999



43%

3.990kr
~~6.990~~kr

Hortensía stór
Stór og falleg, 21 cm pottur.



50%

990kr/stk.
~~1.990~~kr

Sýpris
Flott í útipottana. 10327160



50%

999kr
~~1.990~~kr

Gljámispill
Pottur 2 ltr. 10217686



50%

990kr
~~1.990~~kr

Margarita



50%

999kr
~~1.990~~kr

Stjörnuhnappur



44%

990kr
~~1.790~~kr

Pottarós
10,5 cm pottur.



45%

2.990kr
~~5.390~~kr

Monstera
19 cm pottur.



26%

1.990kr
~~2.690~~kr

Orkidea
12 cm pottur.

blómaval

FYRIR
ÞIG

Fjölærar plöntur **30%** • Gerviblóm **25%**
Sumarblóm **20-50%** • Útipottar **25%**
Trjáplöntur **50%** • Garðrósir **30%**



Allt að **50%** afsláttur

ÚTSALA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



20%

38.876kr
~~48.595~~kr

Bensínsláttuvél Razor 4610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm,
sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt
handtak, 65 ltr. safnari. 5085301



20%

2.792kr
~~3.490~~kr

Tjaldstóll 600D
Tjaldstólar, svartir eða grænir.
2990914-2990915



20%

7.992kr
~~9.990~~kr

Garðstóll
Staflanlegir úr áli. 3899595



23%

29.990kr
~~38.990~~kr

Garðsett
Fuji borð 2 stólar, sófi, svart. 2990922

BAKÞANKAR

Bjarna Karlssonar



Færeyjar

Þessa viku hef ég notið sumar-daga í Færeyjum ásamt eiginkonu og barnabarni. Hér heilsa geldingahnappur og holtasóley í grænum gróanda, kria og tjalður birtast við klettóttar strendur og í hillum verslana rekst Íslendingurinn á Appololakkrís og Bingóstangir. Vinnulúnir jafnaldrar og upplitsdjörf ung-menni meðtaka aðkomumanninn formálalaust, vegakerfið ber vitni um metnað í dreifðum byggðum og híbýli fólks sýna hagleik og smekkvísi, í bland við þjóðlega sjálfsvitund.

Við ferjulægið þar sem komast má til Sandoy stóð ég á tali við nokkra karla á mínu reki og var að velta því upp hvort húsbíllinn fengi far, þótt ég væri of seinn að panta. Ef þeir hafa ekki pláss færðu bara bílinn minn lánaðan, mælti þá einn eins og ekkert væri eðlilegra. Ég veit ekki hvað maðurinn heitir og hann kann engin deili á mér önnur en að ég er Reykvikvingur. Sjálfur er hann sjómaður á báti sem landar oft í Hafnarfirði. Við ferjuna gekk maður undir manns hönd að skapa rými og með nokkurra senti-metra nákvæmni tókst að mjaka bílnum um borð.

Syðsti bærinn á Sandoy kúrir undir bröttum hliðum við opið haf. Þar heitir Dalur. Smiðurinn í þessu fámenna þorpi sem jafnframt rekur tjalðsvæði staðarins birtist klæddur færeyskri lopapeysu og er í ljós kom að við höfðum ekki reiðufé en bara kort, það hann okkur um blað og penna. Ég rétti honum það sem var við höndina, saurblaðið á Sölku Völku í kilju-formi og þar skrifaði hann banka-upplýsingar sínar og bað okkur að leggja inn í Þórshöfn daginn eftir.

Ríthönd þessa hógláta fulltrúa færeyskrar gestrisni fer vel, þar sem tölur og nafn standa skráð þvert undir nafni Sölku Völku. Má ég hundur heita bregðist ég trausti hans.

Fyrir svanga ferðalanga

KvikkON THE GO

ORKAN

PRINCE POLO 35 G 99 KR/STK 2929 KR/KG



KvikkON THE GO

ORKAN



Áfram stelpur!

Sjáumst á Síamótinu um helgina í góðu keppnisskapi. Bein útsending verður á Síminn Sport. Fylgstu með í opinni dagskrá.

Sumarið er þitt á Síamótinu



siminn.is



Vertu með Síamótið í vasanum. Sæktu Sjónvarp Símans appið og horfðu á streymið í snjalltækjunum.